GUÐNÝ GERÐUR GUNNARSDÓTTIR
HJÖRLEIFUR STEFÁNSSON

ODDEYRI

HÚSAKÖNNUN

MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI
Í SAMVINNU VIÐ SKIPULAGSDEILD AKUREYRARBÆJAR
1995

Guðný Gerður Gunnarsdóttir
Hjörleifur Stefánsson

ODDEYRI

HÚSAKÖNNUN 1990-1994

Minjasafnið á Akureyri
í samvinnu við Skipulagsdeild Akureyrarbæjar
1995

© **Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson**

Prentun: POB, Akureyri.
Mynd á bókarkápu: Hótel Oddeyri 1906-1907. Ljósm. H.E. í vörslu MSA.
Útgefandi: **Minjasafnið á Akureyri 1995 í samvinnu við Skipulagsdeild Akureyrarbæjar og með fjárstyrkjum úr Húsafriðunarsjóði og frá Skipulagsstjórn ríkisins.**
Bók þessa má afrita að hluta eða í heild að fengnu skriflegu leyfi höfunda og útgefanda.

Efnisyfirlit:

Bls.

1. Formáli 7

2. Vinnuaðferðir og markmið 8
   - 2.1 Fyrri húsakannanir 8
   - 2.2 Heimildir 10
   - 2.3 Grundvöllur varðveislumats 11
   - 2.4 Afmörkun svæðisins 13
   - 2.5 Tímamörk 14

3. Sögulegt yfirlit 15
   - 3.1 Verslunarstaðurinn Akureyri 15
   - 3.2 Oddeyri, lega og landshættir 16
   - 3.3 Stofnun Gránufélags 17
   - 3.4 Upphaf byggðar á Oddeyri 19

4. Byggðin, vöxtur og skipulag 20
   - 4.1 Fyrsta byggð 20
   - 4.2 Fyrstu tilraunir til skipulags 22
   - 4.3 Aðalskipulagið 1927 25
   - 4.4 Síðari skipulagstillögur 27

5. Húsaskrá 29
   - Strandgata 29
   - Hjalteyrargata 50
   - Lundargata 50
   - Fróðasund 61
   - Norðurgata 63
   - Eiðsvallagata 79
   - Gránufélagsgata 82
   - Grundargata 92
   - Hríseyjargata 95

6. Húsameistarar, byggingameistarar, smiðir 100
   - 6.1 Hefðir og hönnun húsa fyrr á tímum 100
   - 6.2 Helstu trésmiðir 101
   - 6.3 Steinhúsin, steypuhús 104
   - 6.4 Teikningar húsa á Oddeyri, varðveittar hjá byggingafulltrúanum á Akureyri 109

7. Niðurstöður 110
   - 7.1 Varðveisla húsa og friðun 110
   - 7.2 Lagalegur grundvöllur friðunar- og varðveislukvaða 111
   - 7.3 Yfirbragð byggðar á Oddeyri 112
   - 7.4 Húsagerðir á Oddeyri 120
   - 7.5 Varðveislumat 124

8. Heimildaskrá 125

9. Skrá yfir staði, götur og hús 126

Oddeyri 1990. Kort

Horft austur Oddeyri, yfir Bótina, um 1930. H.E / MSA

1. Formáli

Hinn 11. júlí 1989 var undirritaður samningur milli Akureyrarbæjar annars vegar og Minjasafnsins á Akureyri og Hjörleifs Stefánssonar húsameistara hins vegar um vinnu sem hinir síðartöldu aðilar samningsins skyldu inna af hendi til undirbúnings endurskipulagningar byggðar á Oddeyri.

Tilgangur verksins var „að leggja rökstutt mat á varðveislugildi byggðarinnar á Oddeyri, hluta hennar og einstök hús."

Nánar tiltekið var um að ræða byggðina sem afmarkast af Glerárgötu að vestan, Strandgötu og Eiðsvallagötu að sunnan og norðan og Hjalteyrargötu að austan. Auk þess skyldi fjallað um önnur þau hús á Oddeyri sem reist eru fyrir 1928.

Í samningnum var þess einnig getið að verk þetta væri hluti af undirbúningsvinnu fyrir endurskoðun deiliskipulags Oddeyrar og að niðurstöður varðveislumatsins yrðu notaðar við ákvarðanatöku um landnýtingu á svæðinu. Niðurstöður þessarar undirbúningsvinnu skyldu fram lagðar í skýrsluformi til skipulagsnefndar Akureyrar og skyldi skýrslan ásamt kortum og myndefni vera tilbúin til prentunar að verki loknu.

Verkinu var í samningnum skipt í tvo áfanga. Að loknum fyrri áfanga skyldu liggja fyrir í grundvallaratriðum niðurstöður um varðveislumat húsa og byggðar. Seinni áfanginn skyldi ná til lokafrágangs skýrslunnar, undirbúnings til prentunar og nánari rannsókna á einstökum þáttum verksins eftir því sem ástæða þætti til.

Í apríl 1990 var lokið við fyrsta áfanga verksins, sem síðar var endurbætt lítillega og skilað sem ljósritaðri skýrslu í lok ársins. Seinna kannaði Finnur Birgisson arkitekt nánar sögu Lundargötu 2 og Gránufélagshúsanna vegna fyrirhugaðra endurbóta á þessum húsum, og er í endanlegri gerð þessarar skýrslu stuðst við niðurstöður hans.

Eins og áður segir var það frá upphafi ætlunin að þessi húsakönnun yrði prentuð eða fjölfölduð með einhverjum hætti svo hún yrði aðgengileg sem flestum. Einkum var þess vænst að hún yrði húseigendum hvatning til að fara vel með hús sín og bæta umhverfi þeirra. Bið varð á útgáfunni þar til nú í ársbyrjun 1995. Höfundar skýrslunnar eru Guðný Gerður Gunnarsdóttir safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri og Hjörleifur Stefánsson húsameistari. Ljósmyndavinnu annaðist Hörður Geirsson. Hanna Rósa Sveinsdóttir las yfir handrit og fór yfir heimildir. Katrín Björg Ríkarðsdóttir gerði skrá yfir staði, götur og hús og hún og Árni Ólafsson lásu einnig yfir handrit. Þorsteinn frá Hamri las próförk.

2. Vinnuaðferðir og markmið

2.1 Fyrri húsakannanir

Vert er í upphafi að fara örfáum orðum um fyrri tilraunir manna hér á landi til að leggja hlutlægt mat á varðveislugildi gamalla húsa og gamallar byggðar.

Við undirbúning að gerð aðalskipulags Reykjavíkur 1962-1988 var í fyrsta sinni unnið markvisst að því að meta varðveislugildi gamallar byggðar í Reykjavík. Hörður Ágústsson listmálari og Þorsteinn Gunnarsson arkitekt unnu að því verki og skiluðu um það skýrslu árið 1968. Niðurstöður þeirra hafa síðan verið hafðar að leiðarljósi við gerð deiliskipulags í eldri hverfum borgarinnar enda þótt ítarlegri húsakannanir hafi síðar verið gerðar í sumum þeirra.

Á vegum Árbæjarsafns í Reykjavík hefur um árabil verið unnið að húsakönnunum og lagt mat á varðveislugildi gamallar byggðar. Árið 1976 fór fram ítarlegt mat á varðveislugildi byggðarinnar í Grjótaþorpi og í kjölfar þess var samþykkt deiliskipulag að þorpinu sem byggði á varðveislumati Árbæjarsafns.

Seinna kannaði Árbæjarsafn einnig ítarlega gömul hús í miðbæ Reykjavíkur án þess að ljúka því starfi að fullu. Á grundvelli þeirrar vinnu sem hafði verið unnin í Árbæjarsafni tóku Torfusamtökin upp þráðinn og luku við húsakönnun í miðbæ Reykjavíkur sem gefin var út sem bók árið 1987 undir heitinu *Kvosin. Byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur.*

Starfsmenn Árbæjarsafns hafa síðar kannað aðra hluta gömlu byggðarinnar í Reykjavík og lagt mat á varðveislugildi hennar.

Akureyrarbær lét fara fram ítarlega húsakönnun og varðveislumat á byggðinni í Fjörunni og Innbænum árið 1981 og í kjölfarið var samþykkt deiliskipulag af bæjarhlutanum þar sem stefnt var að varðveislu byggðarinnar. Torfusamtökin gáfu út húsakönnunina á bók árið 1986 undir heitinu *Akureyri. Fjaran og Innbærinn.*

Húsafriðunarnefnd ríkisins hefur átt

Húsaröðin við vesturhluta Strandgötu, séð frá Torfunefsbryggju um 1930. J&V. / MSA

frumkvæði að og kostað að hluta húsakannanir í Stykkishólmi, á Sauðárkróki, Eskifirði og Seyðisfirði og var húsakönnunin í Stykkishólmi gefin út sem fjölrit árið 1978. Árið 1993 var unnin húsakönnun á Ísafirði í samvinnu Húsafriðunarnefndar og bæjarstjórnar Ísafjarðar.

Á vegum Þjóðminjasafns Íslands og Húsafriðunarnefndar Íslands hefur enn fremur farið fram ítarleg húsakönnun á Eyrarbakka og var hún gefin út á bók árið 1990.

Af þessari upptalningu má sjá að umtalsverð reynsla er þegar fyrir hendi af vinnu við húsakannanir og mat á varðveislugildi byggðar. Húsakannanir þessar hafa frá upphafi nokkuð stuðst við reynslu af svipuðum verkum sem unnin hafa verið í nágrannalöndum okkar, einkum Danmörku, Svíþjóð og Noregi, en vissulega hafa þó verið farnar hér nýjar slóðir sem markast af sérstöðu íslenskra aðstæðna. Nú er það svo að varðveislugildi byggðar getur hvílt á menningarsögulegu, umhverfislegu eða listrænu gildi byggðarinnar eða einstakra húsa hennar. Þessi gildi geta haft mismikið vægi eftir því hvort þau eru skoðuð út frá staðháttum viðkomandi byggðarlags eða landsins alls. Í sumum tilvikum getur varðveislugildi byggðarinnar verið rökstutt með áherslu á tilvísan til heildarbyggingararfs þjóðarinnar en í öðrum tilvikum með meiri áherslu á tilvísan til byggingararfs viðkomandi byggðarlags. Þessi tvö sjónarhorn verða reyndar aldrei aðskilin að fullu og byggja á einföldun á veruleikanum, en þó getur verið gagnlegt að hafa þau í huga.

Þannig má renna stoðum undir þá fullyrðingu að því fleiri húsakannanir sem gerðar eru þeim mun traustara mat sé unnt að leggja á varðveislugildi byggðar, fyllri skjalfest þekking á byggingararfi þjóðarinnar er forsenda þess að skilja megi gildi einstakra húsa og byggðar. Í framhaldi af því má nefna að húsakönnun sem þessi er gagnmerk heimild um ástand, útlit og yfirbragð byggðarinnar á þeim tíma sem hún er gerð. Heimild um stöðu hverfisins í lok 20. aldarinnar og sem slík verðmæt þeim sem á eftir koma.



Uppdráttur af Akureyri um 1850. Engin byggð er á Oddeyri en Akureyri er nánast fullbyggð. Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands.

2.2 Heimildir

Heimildir um gömul hús og byggð á Oddeyri eru ýmiss konar. Leitað var fanga í Héraðsskjalasafninu á Akureyri, þar sem skjöl Gránufélagsins eru varðveitt auk allra gagna frá Akureyrarbæ. Í upphafi var stuðst við skrá yfir lóðir og hús á Akureyri til ársins 1933. Jón Sveinsson, sem var bæjarstjóri á Akureyri á árunum 1919-1934, safnaði upplýsingum úr ýmsum gögnum, bæði nefndar- og bæjarstjórnarbókum og fundagerðabókum Gránufélagsins og er handrit hans varðveitt í Héraðsskjalasafninu[1]. Nauðsynlegt þótti að kanna einnig frumheimildir, og var farið yfir fundargerðir byggingarnefndar frá árunum 1857-1930 og verslunarskjöl Gránufélags.

Elstu brunavirðingar húsa á Akureyri eru frá árunum 1916-18 og byggja þær á greinargóðum lýsingum á húsunum frá sama tíma. Brunavirðingarnar eru því góð heimild um hús bæjarins og hið sama gildir einnig um fasteignamat. Manntöl voru einnig skoðuð, svo og gamlir uppdrættir. Loks má geta uppdrátta í vörslu byggingafulltrúans á Akureyri. Á grundvelli þessara gagna var gerð húsaskrá, þar sem gerð er grein fyrir hverri lóð og hverju húsi um sig.

Sögulegt yfirlit byggir á ýmsum prentuðum heimildum. Má þar sérstaklega nefna *Sögu Akureyrar* eftir Klemens Jónsson og grein Lárusar Zóphaníassonar amtsbókavarðar: *Um upphaf byggðar á Oddeyri.* Frásögn af upphafi byggðar á Oddeyri og um elstu húsin þar styðst að verulegu leyti við grein Lárusar.

1 Handritið er að jafnaði kallað Jónsbók.

Húsin á Oddeyri eru sjálf mikilvægar heimildir um byggingarsöguna, og að þeim beindist langmest athygli. Þau voru skoðuð fyrir, á meðan og eftir að rituðum upplýsingum hafði verið safnað og nokkur þeirra voru skoðuð ítarlegar, mæld og teiknuð.

Þá var þróun byggðarinnar skoðuð af gömlum ljósmyndum og uppdráttum. Öll hús á svæðinu voru ljósmynduð að nýju. Allar þessar heimildir mynda saman þann grunn sem höfundar byggja mat sitt á varðveislugildi húsanna á.

2.3 Grundvöllur varðveislumats

Mat á varðveislugildi byggðar er þannig grundvallað á þekkingu á sögu hennar, bæði í heild sinni og hvers einstaks húss, og fjallar um listrænt gildi heildarinnar og hluta hennar. Þetta mat byggir ekki á mælanlegum stærðum nema að litlu leyti. Hér er ekki um raunvísindi að ræða, varðveislugildið verður ekki mælt eða vegið á ótvíræðan hátt. Varðveislugildi byggðar verður aðeins metið á grundvelli huglægra gilda, rökstutt með tílvísun til þess þáttar í menningarsögu þjóðarinnar sem felst í húsagerð hennar og bæjarsögu.

Varðveislugildið breytist einnig með tímanum. Afstaða almennings til húsverndar hefur breyst mikið á seinustu áratugum, en af vilja fólksins mótast stefna stjórnmálamanna. Þekking á húsakosti landsmanna hefur aukist á seinni árum eins og fyrr hefur verið nefnt og jafnframt hafa skoðanir og afstaða sérfræðinga, sem um þessi mál fjalla, einnig breyst eftir því sem reynsla þeirra af vinnu af þessu tagi eykst. Rökstutt mat sérfræðinga á varðveislugildi byggðar fær þó þegar allt kemur til alls vægi í samræmi við það traust sem stjórnmálamenn, sem taka ákvarðanir um skipulag, bera til þekkingar og yfirsýn viðkomandi „sérfræðinga". Einna mikilvægast getur gagn orðið af könnunum sem þessari þegar þær eru prentaðar og gerðar aðgengilegar almenningi. Þá geta þær orðið til að auka áhuga húseigenda og glætt skilning þeirra á mikilvægi þess að byggð-

in varðveitist. Þannig mótast almenningsálit sem síðan hefur áhrif á stjórnmálamenn og ákvarðanir þeirra.

Á grundvelli þess sem að ofan greinir hefur varðveislugildi byggðarinnar á Oddeyri verið metið. Lagt var mat á einstaka þætti byggðarinnar, hlut eyrarinnar í bæjarmyndinni og einstök hús metin. Einnig var fjallað nokkuð um sérkenni byggðar á Oddeyri. Reynt var að draga fram í dagsljósið þá þætti byggðarinnar sem mestu máli skipta; hvernig Oddeyrarbyggðin hefur sett svip á Akureyri, hvert byggðarmynstrið er, hvaða ummerki megi sjá um skipulagsbreytingar frá fyrri tíð, hverjar eru helstu húsagerðir, helstu byggingarefni o.s.frv. Þá eru ýmsir þættir byggðarinnar einnig bornir saman við önnur byggðarlög og húsagerðir í öðrum bæjarfélögum.

Rétt er að koma að því orðum hér í upphafskafla, að höfundum þessarar skýrslu er það ljóst að erfitt er að kveða upp sanngjarna dóma eða leggja óvéfengjanlegt mat á ástand og gildi einstakra húsa. Tími hefur ekki gefist til að skoða hvert hús í krók og kima, og hætta er á því að með mati sem byggir á mjög lauslegri skoðun þyki sumum húseigendum að sér vegið og kunni að fyrtast við. Undan þessu verður þó ekki vikist. Húseigendur eru beðnir um að virða það okkur til betri vegar ef þeir telja mat okkar ósanngjarnt og minnast þess að tilgangurinn er fyrst og fremst sá að stuðla að umhverfisbótum.

2.4 Afmörkun svæðisins

Oddeyri var áður talin ná frá Oddeyrarbót að sunnan, þar sem Strandgata hefst, en að vestan að brekkunni, þar sem Brekkugata liggur nú. Til Oddeyrar taldist þannig til skamms tíma öll byggðin austan Brekkugötu. Upphaflega var Glerárgata ein af þvergötunum úr Strandgötu og taldist til Oddeyrar, eins og göturnar þar fyrir vestan, Laxagata, Hólabraut og Geislagata.

Þegar Glerárgata var breikkuð og gerð að aðalumferðaræð í gegnum bæinn



Hluti af frönsku sjókorti frá 1864. Tvö hús eru sýnd á Oddeyri. Í vörslu handritadeildar Landsbókasafns Íslands.



Hluti af sama sjókorti og á síðu 12. Skýringarteikning. Oddeyri séð frá skipalæginu á Pollinum, horft til norðurs.

breyttust mörk Oddeyrar í vitund fólks. Oddeyri telst nú austan Glerárgötu en byggðin milli Brekkugötu og Glerárgötu telst fremur til miðbæjarins.

Sá hluti Oddeyrar sem hér verður fjallað um afmarkast af Glerárgötu til vesturs, Strandgötu til suðurs og Hjalteyrargötu í austur. Til norðurs eru mörk sett við Eiðsvallagötu, en þó er byggð við Norðurgötu, allt að Eyrarvegi, tekin með.

Könnunin nær því aðeins til byggðar á suðausturhluta hinnar gömlu Oddeyrar. Gerð verður grein fyrir húsum á Oddeyri, sem byggð eru fyrir 1928 og helgast það af þeim þáttaskilum sem urðu í byggingarsögu bæjarins um þær mundir. Árið 1927 var staðfest aðalskipulag fyrir Akureyri í fyrsta sinn samkvæmt hinum fyrstu skipulagslögum landsins, sem samþykkt voru árið 1921. Um það leyti náði byggð á Oddeyri að Gránufélagsgötu, nema við Norðurgötu, þar teygði byggðin sig norður undir núverandi Eyrarveg. Svæðið norðan Eiðsvallagötu byggðist síðar samkvæmt skipulaginu frá 1927. Einnig er hér fjallað um fáein hús sem reist eru fyrir 1928, en eru utan þess reits sem að framan er lýst. Má þar nefna hús Gránufélagsins við Strandgötu og hús austast við Gránufélagsgötu (51-55).

Annað atriði í þeim þáttaskilum í byggingarsögunni sem fyrr eru nefnd felst í því að hætt var að byggja timburhús og steinsteypan varð allsráðandi byggingarefni. Á þeim hluta Oddeyrar sem könnunin nær til eru nánast öll timburhúsin. Syðsti hluti eyrarinnar var að heita má fullbyggður um það leyti sem steinsteypan kom til sögunn-

ar og hafist var handa um skipulagningu bæjarins samkvæmt hinum nýju skipulagslögum.

Mörk timburhúsabyggðar og steinsteypu falla nokkurn veginn að afmörkun athugunarsvæðisins. Fáeinar undantekningar eru þó á þessu, því fyrir 1927 voru byggð fáein steinsteypt hús innan um timburhúsin, einkum þar sem byggt var í stað eldri húsa, og einnig eru steinhús nyrst og austast á svæðinu.

Sá hluti Oddeyrar sem byggðist eftir 1927 er því byggður samkvæmt samþykktu aðalskipulagi og hefur yfir sér annan heildarsvip og samræmi. Húsin eru úr steinsteypu og teljast enn fullgóð íbúðarhús. Af þeim sökum var ekki talin ástæða til að fjalla um þann hluta Oddeyrar hér. Ákveðið var að könnunin skyldi aðeins ná til elsta hluta byggðarinnar, en hann er sundurleitari en yngri byggðin og ber það með sér að hafa risið á löngum tíma. Byggðin hefur einkennst af mörgum skipulagshugmyndum, húsagerðir eru margvíslegar, byggingarefni af ýmsu tagi. Elstu húsin eru mörg illa farin af viðhaldsleysi og eru mörg svo lítil að þau henta ekki vel til íbúðar óbreytt. Það er sú byggð sem einkum er þörf á að kanna og meta hversu með skuli fara.

2.5 Tímamörk verkefnisins

Viðfangsefni þessarar greinargerðar er þess eðlis að því verða seint gerð full skil. Verkinu var í upphafi skorinn þröngur stakkur í því skyni að tryggja það að niðurstöður fengjust án of mikils tilkostnaðar. Ákveðið var að til verksins skyldu fyrst um sinn notaðir fjórir mannmánuðir eða u.þ.b. 650 vinnustundir. Skoða verður verkið í heild sinni og meta það í þessu ljósi.

3. Sögulegt yfirlit

3.1 Verslunarstaðurinn Akureyri

Þegar gera skal grein fyrir upphafi byggðar á Oddeyri er nauðsynlegt að fara í byrjun fáum orðum um verslunarstaðinn Akureyri.

Oddeyri var á fyrri öldum þingstaður og verslunarstaður. Talið er að eftir að verslun lagðist af á Gásum á 14. öld, hafi verið verslað á þremur stöðum við Eyjafjörð; Hjalteyri, Oddeyri og Akureyri. Þegar einokunarverslun komst á árið 1602, fengu kaupmenn frá Helsingjaeyri einkaleyfi til verslunar við Eyjafjörð og þeir höfðu aðsetur á Akureyri. Þar með var verslun á öðrum stöðum bönnuð. Einokunarverslun hélst til ársins 1786 er henni var aflétt og ári síðar var gefin út tilskipun um stofnun sex kaupstaða á Íslandi.

Akureyri var einn hinna nýju kaupstaða. Samkvæmt tilskipun konungs skyldi mæld út kaupstaðarlóð, þar sem borgarar, sem leyst höfðu út borgarabréf, máttu versla. Kaupmenn höfðu aðsetur á hinni eiginlegu Akureyri, lítilli eyri niður undan Búðargili. Kaupstaðarlóðin náði aðeins yfir Akureyrina sjálfa og þegar um miðja 19. öldina var landrými þar nær á þrotum. Kaupmenn sem fyrstir höfðu komið náðu undir sig stórum lóðum, þannig að erfitt reyndist fyrir þá sem síðar vildu hefja verslun að komast að. Þegar um 1850 var farið að tala um að stækka kaupstaðinn og höfðu ýmsir augastað á Oddeyri í því skyni. Eggert Briem sýslumaður lagði til að kaupmönnum yrði leyft að setjast að á Oddeyri, en ekki fékkst heimild til að kaupa eyrina til kaupstaðarins, en hún var í einkaeign.

Árið 1836 voru kaupstaðarréttindi Akureyrar felld niður samkvæmt konungsskipan, en staðurinn var áfram löggildur verslunarstaður.

Árið 1857 var skipuð byggingarnefnd í bænum og var það fyrsta tilraun til stýra húsbyggingum á Akureyri. Í umræðum á Alþingi þegar stofnun byggingarnefndar á Akureyri var rædd, kom meðal annars



Hluti af dönsku sjókorti frá 1885. Gránufélagshúsin á Oddeyri eru risin auk nokkurra annarra húsa. Við eitt húsanna vestan við Gránufélgashúsin má greina orðið Hótel. Í vörslu handritadeildar Landsbókasafns Íslands.

fram sú skoðun, að ef kaupstaður héldi áfram að vaxa á Akureyri, yrði nauðsynlegt að flytja hann út á Oddeyri.

Akureyri tilheyrði Hrafnagilshreppi, en þegar árið 1859 kom fram tillaga um að gera verslunarstaðinn að sérstöku lögsagnarumdæmi. Var það einnig rætt á þingi og þá lagt til að Akureyri ásamt Oddeyri yrði skilið frá hreppnum og gert að sérstöku lögsagnarumdæmi. Með nýrri reglugerð frá 29. ágúst 1862 var Akureyri veitt kaupstaðarréttindi öðru sinni. Jafnframt var heimilað að leggja Oddeyri undir kaupstaðinn. Það var svo gert árið 1866.

3.2 Oddeyri, lega og landshættir

Oddeyri, sem er allstór og flatlend, hefur myndast af framburði Glerár, sem rennur úr Glerárdal. Áin féll áður í mörgum kvíslum yfir eyrina. Settu þessar kvíslir eða lækir svip sinn á eyrina, og skiptu henni í hina eiginlegu eyri og tangann, syðst og austast. Á síðari árum hefur ánni verið beint í einn farveg og rennur hún nú til sjávar norðarlega á Oddeyri. Í skjóli Oddeyrar er höfnin eða Pollurinn sem lengi hefur verið talin hin ákjósanlegasta höfn.

Oddeyri tilheyrði Stóra-Eyrarlandi, en var seld frá jörðinni árið 1850, er Björn Jónsson, verslunarstjóri keypti hana af Geirþrúði Thorarensen. Þegar Björn Jónsson keypti Oddeyri voru landamerki hennar tilgreind þannig í kaupbréfi :

> *Að norðanverðu takmarkast Oddeyrin af melum og melhólum þeim sem liggja skáhallt til norðurs og norðausturs út og ofan með eyrinni allt útað svonefndri Hegningarklöpp, sem stendur norðaustast í melendunum og eftir sömu stefnu í sjó út.*
>
> *Að vestanverðu eru merkin frá Klöpp þeirri fyrir utan Glerá þar sem hún beygist í krók út og ofan með melunum beint suður í svonefnda Oddeyrarbót utan við Torfutanga þar sem sjór fellur næst brekkunni.*
>
> *Að sunnan og austanverðu ræður sjórinn.*[2]

---

2 Sjá Lárus Zophoníasson: *Um upphaf byggðar á Oddeyri;* 3

Ekki er að fullu ljóst hvað vakti fyrir Birni Jónssyni er hann keypti Oddeyrina. Þó er talið að hann hafi haft trú á því að kaupstaður myndi rísa þar og því hafi hann með kaupunum sýnt töluverða framsýni. En þó ýmsir hefðu augastað á eyrinni fyrir kaupstaðinn sáu aðrir alla annmarka á því að eyrin væri heppilegt byggingarland. Glerá rann í mörgum kvíslum eftir eyrinni, farvegir hennar gátu breyst og því myndi byggð stafa hætta af flóðum.

Árið 1858 ritaði Eggert Briem sýslumaður amtmanni bréf þar sem hann greinir frá því að hús hafi verið reist á Oddeyri. Hafi það gerst í heimildarleysi en hann (sýslumaður) hafi látið það átölulaust, aðallega vegna þess að eigandinn, Björn Jónsson, telji sig þurfa mann til að gæta eyrarinnar. Þetta ár voru reyndar reist tvö hús á Oddeyri, Lundur og torfbær skammt þar frá. Þetta má telja upphaf byggðar á eyrinni.

Í bréfi sýslumanns kemur einnig fram að yfirvöld óttuðust að þorp kynni að rísa skipulagslaust á Oddeyri, og að mikil andstaða væri gegn því. Eða eins og sýslumaður orðaði það: „Oss virðist það liggja í augum uppi að búðsetumannaþorp á Oddeyri sé bæði eftir löggjöfum og öllum kringumstæðum öldungis óhafandi." Sýslumaður er þó þeirrar skoðunar að æskilegt sé að kaupa Oddeyri „handa Akureyri" og þá fyrst gæti risið þar byggð „með röð og reglu undir umsjón bæjarstjórnarinnar og byggingarnefndarinnar." [3]

Áfram var rætt um hvort æskilegt væri að byggð risi á Oddeyri, m.a á Alþingi og í bæjarstjórn Akureyrar. Þeir sem voru andvígir byggðinni settu einkum fyrir sig að ef verslun hæfist á Oddeyri yrði hún í harðri samkeppni við verslun á Akureyri. Einnig óttuðust menn Glerá, eins og áður er sagt.

Það fór þó svo að árið 1866 var Oddeyri lögð undir kaupstaðinn, en ekki varð úr að eyrin yrði keypt til hans og var land þar lengi enn í einkaeign. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar byggingarsaga Oddeyrar er skoðuð, því að þróun byggðar á Oddeyri markaðist í fyrstu af þessu.

---

3 Bréf Eggerts Briem til amtmanns, dags. 21. maí 1858, sjá Lárus Zophoníasson: *Um upphaf byggðar á Oddeyri;* 6-7.

Ótti yfirvalda við þurrabúðabyggð á Oddeyri reyndist ástæðulaus í bili. Ekki voru byggð fleiri hús á Oddeyri fyrr en komið var fram yfir 1870. Þá hafði eyrin skipt um eigendur í tvígang. Árið 1863 seldi Björn Jónsson Þorsteini Daníelssyni á Skipalóni, en ekki átti hann Oddeyrina nema í nokkur ár, því árið 1871 seldi hann nýstofnuðu félagi, Gránufélaginu, mestan hluta eyrinnar.

Undanskilinn var syðsti og austasti hluti eyrinnar, svo nefndur Oddeyrartangi, sem Þorsteinn hafði áður selt kaupmanni að nafni Clausen. Sá mun hafa haft uppi áform um að byggja þar verslunarhús en ekkert varð af því og síðar seldi hann Oddeyrartanga Höefpner kaupmanni á Akureyri.

3.3 Stofnun Gránufélags

Gránufélagið hóf verslun á Oddeyri haustið 1872 og til þess má rekja upphaf þéttbýlis á Oddeyri. Það þykir því rétt að greina lítillega frá félaginu.

Árið 1870 stofnuðu norðlenskir bændur með sér verslunarfélag, Gránufélagið. Félaginu var stefnt gegn erlendum kaupmönnum sem voru nær allsráðandi í verslun á Íslandi á þeim tíma. Aðalbækistöðvar Gránufélagsins voru frá byrjun á Oddeyri og þar risu verslunarhús þess. Félagið fór síðan fljótlega að útvísa lóðum til einstaklinga sem vildu reisa hús og setjast að á Oddeyri.

Þegar Gránufélagið eignaðist Oddeyrina fylgdu með í kaupunum húsin tvö, Lundur og torfbærinn. Í ævisögu Tryggva Gunnarssonar er sagt að fyrstu árin hafi verslun félagsins farið fram í bráðabirgðahúsi, en ekki er getið um hvar það hús hafi staðið. Er þess getið að þegar Tryggvi kom til Akureyrar í maí 1873 hafi Einar Ásmundsson í Nesi, sem var fyrsti verslunarstjóri félagsins á Oddeyri, setið „úti á Oddeyri í húsgarmi sem félagið átti þar og annaðist um verslun félagsins."[4] Sjálfur segir Einar frá því í sendibréfi að hann hafi tekið „annan húskofann á Oddeyri" sem verslun, og látið rífa úr húsinu skilrúm. Fullvíst má telja að þetta hafi verið í Lundi, því ekki var öðru húsi til að dreifa á Oddeyri nema torfbænum. Í manntölum kemur fram að ekki var búið í Lundi á árunum 1871-1874, en íbúar eru í torfbænum á sama tíma.[5]

Þegar eftir stofnun Gránufélags var farið að huga að byggingu verslunarhúss og var mikið fjallað um húsnæðismál félagsins á fyrstu árum þess. Á fundi í febrúar 1872 er skýrt frá því að Oddeyrin sé þegar keypt til félagsins og samþykkti fundurinn að „hús skyldi byggja á Oddeyri í þarfir félagsins, svo fljótt sem kostur gæti á orðið" Þar kemur einnig fram að þegar var byrjað að taka grunn fyrir húsi í árslok 1871. Ekkert varð af frekari framkvæmdum um sinn vegna fjárskorts.[6]

Sumarið 1873 keypti Gránufélagið sex hús á Vestdalseyri við Seyðisfjörð, fyrir verslunina þar. Ekki var þó talið að þörf væri fyrir öll húsin á þeim stað og var eitt húsið tekið niður og flutt til Oddeyrar þar sem það var endurreist um haustið.

Í yfirliti „yfir ástand og efnahag Gránufélagsins 31. December 1873" er fært til eigna félagsins: „Oddeyrin með tveim gömlum húsum" og „Nýtt verzlunarhús á Oddeyri" [7]. Það má því telja fullvíst að fyrsta verslunarhús Gránufélagsins hafi risið á Oddeyri haustið 1873. Það hús stendur enn og er vestast Gránufélagshúsanna við Strandgötu.

3.4 Upphaf byggðar á Oddeyri

Fljótlega eftir að Gránufélagið hóf starfsemi sína á Oddeyri fór eyrin að byggjast. Fram undir 1880 fjölgaði íbúum hægt en á tveim síðastu áratugum 19. aldar varð íbúafjölgun á Akureyri aðallega á Odd-

---

4 Bergsteinn Jónsson og Þorkell Jóhannesson: *Ævisaga Tryggva Gunnarssonar*, II.bindi; 210.

5 Lárus Zophoníasson: *Um upphaf byggðar á Oddeyri;* 15-16.

6 Hskjs. Ak. og Eyf.: V3/458. Aðalfundabók Gránufélags 1869-1899. Bergsteinn Jónsson, og Þorkell Jóhannesson: *Ævisaga Tryggva Gunnarssonar*, II bindi, 139-140

7 Hskjs. Ak. og Eyf.: V3/282. Yfirlit yfir ástand og efnahag Gránufélagsins 31. desember 1873.

Gránufélagshúsin um aldamótin. H.E. / MSA

eyri. Til frekari glöggvunar má nefna að 1859, þegar Lundur og torfbærinn voru tekin til íbúðar, voru 18 manns búsettir á Oddeyri. Árið 1875 voru íbúar á Oddeyri taldir 11 en tíu árum síðar, 1885, voru þeir 110. Á næstu fimm árum tvöfaldaðist þessi tala og var orðin 220 árið 1890. Þá voru íbúar í kaupstaðnum öllum 602. Aldamótaárið voru 1307 íbúar á Akureyri.

Oddeyrarbyggðin um 1895. H.Schiöth. / MSA

4. Byggðin, vöxtur og skipulag

4.1 Fyrsta byggð

Þróun byggðar á Oddeyri mótaðist í upphafi af þeirri staðreynd að land var í einkaeign. Skömmu eftir að Gránufélagið reisti fyrsta verslunarhús sitt 1873, tók félagið að útvísa lóðum til einstaklinga. Eftir því sem ráðið verður af fundagerðabókum félagsins voru lóðir yfirleitt leigðar og oft aðeins í lausri leigu, þ.e. til ákveðins árabils, t. d. 20 ára. Svo virðist sem lóðasamningar hafi yfirleitt ekki verið gerðir fyrr en eftir að hús höfðu verið reist. Má af því ætla að menn hafi ráðist í húsbyggingar með munnlegt fyrirheit um lóð, sem yrði afmörkuð eftir að húsið væri risið. Fram kemur að skilmálar hafa verið ýmiss konar, bæði hvað varðar leigutíma og eins að leiga gat verið mismunandi há fyrir byggða hluta lóðar og óbyggða. Svo virðist einnig að hefðir hafi fljótt skapast í þessum efnum, því oft er bókað að skilmálar séu með venjulegum hætti.

Eins og áður segir var byggingarnefnd stofnuð á Akureyri 1857, en fundir voru stopulir í fyrstu. Klemens Jónsson greinir frá því að nefndin hafi ekki haldið neina fundi á árunum 1867-68, 1873, 1879-1884

og 1889, en mikið byggðist á Oddeyri á áttunda og níunda áratugnum. Það eru því litlar heimildir um elstu hús á Oddeyri í bókum byggingarnefndar. Fyrsta hús sem nefndin hefur fjallað um er Strandgata 25, árið 1875. Þá er bókað að leyft sé hús í stefnu við krambúð Gránufélagsins. Af fundagerðabókum byggingarnefndar verður ekki séð að hún hafi fjallað um byggingu húsa Gránufélagsins. Telur Klemens að menn hafi yfirleitt byggt í leyfisleysi eða með munnlegu leyfi amtmanns.[8]

Um 1880 voru risin allnokkur hús syðst á Oddeyrinni og götumynd Strandgötu tekin að mótast. Gatan myndaðist í fyrstu sem slóði meðfram sjónum að verslun Gránufélagsins, en eftir því sem byggðist við ströndina hefur gatan verið bætt. Strandgata var lengi (1884-1905) eina gatan á Oddeyri sem bærinn sá um að halda við, aðrar götur voru í umsjón eiganda landsins, Gránufélagsins. Um 1890 var ákveðin lega Strandgötu til vesturs, þ.e. þess hluta götunnar, sem er vestan núverandi Glerárgötu. Sá hluti götunnar byggðist ekki fyrr en um og eftir aldamót og á uppdrætti frá þeim tíma sést að einungis voru komin tvö hús vestan Glerárgötu. Austasta þvergatan var Grundargata en fimm hús eru þar fyrir austan, þar með talin hús Gránufélagsins. Því má segja að þegar um aldamót hafi miðbik Strandgötu fengið þá mynd sem hún hefur haldið síðan.

Fljótlega var farið að byggja við þvergöturnar norður úr Strandgötu. Stefna Norðurgötu var ákveðin þegar árið 1885. Gatan lá að Lundi og torfbænum þar fyrir norðan og var lengi eina gatan sem lá norður úr Strandgötu. Fyrsta húsið við Norðurgötu er talið hafa verið reist árið 1877 á lóðinni nr 7.

Aðrar þvergötur byggðust upp úr 1890, fyrst Lundargata og síðan göturnar þar fyrir austan. Byggð við þessar götur náði um 1930 ekki lengra en að Eiðsvallagötu.

---

8 Klemens Jónsson: *Saga Akureyrar;* 65

4.2 Fyrstu tilraunir til skipulags

Eins og áður hefur komið fram markaðist byggðin á Oddeyri í upphafi af því að land var þar í einkaeign. Það var því Gránufélagið en ekki bæjaryfirvöld sem útvísaði mönnum byggingarstæðum. Framan af virðist sem bæjarstjórn og byggingarnefnd hafi haft lítil afskipti af byggingum á Oddeyri. Þegar kom fram yfir 1890 fór nefndin þó að hafa meira um byggingarmál á Oddeyri að segja. Útmælingar lóða og byggingarleyfi bera með sér að nefndin hefur leitast við að koma byggingarmálum í fastar skorður á Oddeyri. Þá hefur nefndin einnig ákveðið hvar leggja skyldi götur.

Skipulag Einars Ásmundssonar

Fyrsta skipulag af Oddeyri er talið að Einar Ásmundsson í Nesi hafi gert. Hann var fyrsti verslunarstjóri Gránufélagsins á Oddeyri árið 1873 og bjó þá þar um tíma. Árið 1877 greindi hann frá því í bréfi að hann væri að gera uppdrátt af Oddeyri. Þar telur hann að sé hægt að koma fyrir 30.000 manna byggð „ef reglulega er byggt"[9]. Ekki hefur uppdráttur Einars fundist, og ekki er vitað nánar í hverju hugmyndir hans voru fólgnar, né hvort farið var eftir þeim.

9 Bréf Einars Ásmundarsonar til sr. Sigurðar Gunnarssonar dags. 21. mars 1877, sjá Lárus Zophoníasson: *Um upphaf byggðar á Oddeyri;* 16.

Ódagsettur uppdráttur, líklega frá árinu 1900. Sjá frásögn bls. 23. Í vörslu Héraðsskjalasafnsins á Akureyri.



Uppdráttur Stefáns Kristjánssonar frá 1901. Sjá frásögn hér að neðan. Í vörslu Héraðsskjalasafnsins á Akureyri.

Aldamótaskipulag

Næsta tilraun til skipulags var gerð að frumkvæði bæjaryfirvalda. Samþykkt var árið 1897 að láta gera skipulagsuppdrátt af Oddeyri. Klemens Jónsson greinir frá þessu, en uppdráttur frá því ári hefur ekki fundist. Árið 1899 er þess getið í byggingarnefndarbókun að beðið sé eftir uppdrætti sem sé í undirbúningi. Virðist sennilegt að hér sé um að ræða uppdráttinn sem samþykkt var að gera tveim árum áður. Í vörslu Amtsbókasafnsins er uppdráttur sem líklega er sá sem hér um ræðir. Hann er ódagsettur og óáritaður, en er þó augljóslega eldri en annar uppdráttur sem dagsettur er 1901 og fjallað er nánar um hér á eftir.

Af uppdrættinum má sjá að byggð hefur verið orðin nokkur á Oddeyri. Strandgata hefur að mestu verið byggð og við vestustu þvergöturnar risin allmörg hús. Lundargata er byggð norður fyrir Gránufélagsgötu, Norðurgata nær að Eiðsvallagötu og við suðurenda Glerárgötu og Grundargötu eru nokkur hús risin. Götur eru ekki nafnkenndar á uppdrættinum. Nýjar götur eru Gránufélagsgata, og önnur samhliða henni þar fyrir norðan (seinna Eiðsvallagata). Þvergöturnar hafa verið lengdar til norðurs, og nýjar götur lagðar bæði fyrir austan og vestan þáverandi byggð. Vestan Lundargötu eru tvær götur henni samhliða, en austasta gatan er Grundargata. Þar fyrir austan eru síkin. Á kortinu sést að kvísl hefur runnið til sjávar milli Lundargötu og Norðurgötu og önnur minni vestan Glerárgötu.

Á þeim hluta Oddeyrar, sem hér er fjallað um, hefur gatnakerfið sem sagt verið mótað í megindráttum með skipulagsuppdrætti þegar í lok síðustu aldar.

Til eru tveir aðrir uppdrættir frá svipuðum tíma, sá eldri frá 1901, gerður af Stefáni Kristjánssyni. Þann uppdrátt er hægt að kalla skipulagsuppdrátt því á honum er sýnt gatnaskipulag langt út fyrir þá byggð sem var á Oddeyri á þeim tíma. Ekki er ljóst hvort þessi uppdráttur var gerður að frumkvæði bæjaryfirvalda og ekki er hægt að sjá af bókum byggingarnefndar að um hann hafi verið fjallað.

Síðari uppdrátturinn er frá árinu 1904. Hann er einnig gerður af Stefáni Kristjánssyni. Uppdrátturinn nær yfir allan bæinn, og þar eru lagðar út götur langt út fyrir þá byggð sem á þeim tíma var á Akureyri. Í bók sinni Bæirnir byggjast telur Páll Líndal þetta vera fyrsta skipulagsuppdrátt sem gerður er hér á landi en eins og fram kemur hér að ofan, þá er til skipulagsuppdráttur að Akureyri frá árinu 1901. Skipulagið var lagt fram í byggingarnefnd í febrúar 1904.[10] Í bókum byggingarnefndar segir að þann 8. febrúar hafi verið tekið fyrir: „Planið yfir götur, auð svæði og húsaskipun, sem er á kortum yfir Akureyri 1900 og brekkunum ofan við Oddeyri skal gilda sem byggingarplan á svæði því sem það nær yfir, ...“ Í greinargerðinni sem fylgdi uppdrættinum eru eftirtalin atriði sem varða skipulag á Oddeyri (liðir 2-6):

2. Samhliða Glerárgötu skal liggja 20 ál. breið gata, Túngata, 34 álnir fyrir vestan Dalmannshús.

3. Austur og vestur Oddeyrina skal liggja 20 álna breið gata með fram stafni á húsi Guðm. Helgasonar, Jóhanns Thorarensen og Wathnes húsi, Gránufélagsgata, 150 ál fyrir norðan hana skal liggja þriðja gatan 30 ál breið, Heklugata.

4. Fyrir norðan Gránufélagsgötu milli Norðurgötu og Grundargötu skal vera autt svæði, Oddeyrartorg.

5. Fyrir norðan Wathnes lóð skal vera óbygt svæði við sjóinn, norður að Heklugötu, 150 ál austur og vestur.

6. Frá Ósbrú skal liggja 20 ál breið gata norður sandinn, Sjávargata.“ [11]

10 Páll Líndal: *Bæirnir byggjast;* 257

11 Hjskjs. Ak. og Eyf.: Fundargerð byggingarnefndar, 8. febrúar 1904.



Uppdráttur Stefáns Kristjánssonar frá 1904. Sjá frásögn hér að ofan. Í vörslu Héraðsskjalasafnsins á Akureyri.

Horft austur yfir Oddeyri sumarið 1931. V.S. / MSA

Að síðustu er tekið fram að „Byggingarnefndin skorar á bæjarstjórnina að láta mæla upp Oddeyrina og gjöra kort af henni á líkan hátt og þegar er gjört af hinum hluta bæjarins."

Samkvæmt þessari bókun virðist sem uppdrátturinn sé ekki gerður fyrr en eftir að skipulagið er lagt fram.[12]

Með hliðsjón af því sem þegar hefur verið sagt hér að framan verður að telja líklegt að uppdrátturinn sem nefndur er í bókun byggingarnefndarinnar og beðið er eftir árið 1899 sé hinn ódagsetti uppdráttur sem hægt er að fullyrða að sé frá því ári. Ekki er hins vegar ljóst í hvaða skyni uppdrátturinn frá 1901 er gerður. Vera kann að hann sé uppkast eða frumdrög af þeim uppdrætti sem dagsettur er árið 1904. Sá uppdráttur virðist hins vegar gerður í kjölfar bókunar byggingarnefndarinnar og ber að líta á hann sem hinn samþykkta skipulagsuppdrátt.

Skipulagið frá 1904 var við lýði fram yfir 1920 og var því framfylgt í meginatriðum. Það ber þó að hafa í huga að hér var um að ræða mjög einfalt skipulag sem náði fyrst og fremst til legu gatna.

12 Hjskjs. Ak. og Eyf.: Fundargerð byggingarnefndar, 8. febrúar 1904.

4.3 Aðalskipulagið 1927

Með skipulagslögum sem sett voru árið 1921 urðu allir þéttbýlisstaðir með yfir 500 íbúa skipulagsskyldir. Stofnuð var skipulagsnefnd ríkisins sem átti að dæma um skipulagsuppdrætti. Lögin kváðu á um að skylt væri að mæla bæi og gera af þeim uppdrætti. Skyldi ríkissjóður taka þátt í kostnaði við mælingarnar. Ljóst er að yfirvöld á Akureyri hafa haft mikinn áhuga á að gert yrði skipulag af bænum. Þegar árið 1922 leituðu þau til skipulagsnefndar ríkisins og þá um sumarið hófust mælingar í bænum sem undirbúningur fyrir skipulagsgerð.[13] Á næstu árum var unnið við skipulagið og árið 1926 var lagður fram til kynningar í bænum uppdráttur ásamt lýsingu.[14] Þar gerðu höfundar nokkra grein fyrir þeim hugmyndum sem lágu að baki skipulagsins. Þeir líta á bæinn sem þrjá aðskilda bæjarhluta eða „byggðalög" eins og þeir nefna það. Byggðalögin voru gamla Akureyrin, Eyrarlandsbyggðin og Oddeyrin. Á þessum tíma voru samgöngur innanbæjar enn það erfiðar að gert var ráð fyrir

13 Páll Líndal: *Bæirnir byggjast;* 258.

14 Skipulagsdeild Akureyrarbæjar: Lýsing á skipulagi Akureyrarkaupstaðar 1926-1927.

Aðalskipulags-uppdráttur Akureyrar frá 1927.
Hér er að vísu um að ræða skýringaruppdrátt frá 1926, en hann er samhljóma hinum samþykkta uppdrætti frá 1927.
Í vörslu skipulagsdeildar Akureyrarbæjar.

að hver bæjarhluti yrði að vera sjálfum sér nægur að sem flestu leyti og átti því að fá „sína þungamiðju". Á Oddeyri var þannig gert ráð fyrir skemmtigarði í brekkunni fyrir neðan Brekkugötu, verslunarsvæði vestan við íbúðabyggðina, og bæjarvelli vestan Glerárgötu og norðan Eiðsvallagötu.

Það kemur einnig fram að á þessum tíma hefur hvarflað að fólki að byggð legðist alveg af í Innbænum, og því þykir höfundum skipulagsins ástæða til að taka fram að þeir gangi út frá því að svo verði ekki.

Ný gata sá dagsins ljós með þessu skipulagi, Geislagata, eða „skágatan" sem liggur frá Ráðhústorginu að bæjarvellinum, sem er norðan við Eiðsvallagötu. Við þessa götu átti verslanasvæði hverfisins að vera. Glerárgata náði aðeins að Gránufélagsgötu.

Randbyggingar voru fyrirhugaðar við Strandgötu og að hluta til við Gránufélagsgötu en að öðru leyti var gert ráð fyrir allstórum húsum sem öll skyldu vera steinsteypt. Norðan Grundargötu var opið svæði eða torg þar sem gert var ráð fyrir skólabyggingu. Byggingar áttu að rísa við þrjár hliðar torgsins og þar átti að gera leikvöll. Við Gránufélagsgötu áttu að rísa randbyggingar milli Norðurgötu og Hríseyjargötu.[15]

Þótt flest þau hús sem risu á Oddeyri samkvæmt þessu skipulagi séu utan svæðisins sem hér er fjallað um þá eru nokkur innan þess. Við Gránufélagsgötu eru nokkur hús sem byggð eru eftir hugmyndum frá 1927. Húsin nr. 39, 41a, 41 og 43 eru öll með svipuðu sniði og þrjú hin fyrst töldu eru reyndar sambyggð. Þessi hús áttu að standa við torgið fyrir enda Grundargötu. Strandgata 37 var einnig byggð eftir þessu skipulagi sem hluti randbyggðar.

15 Skipulagsdeild Akureyrarbæjar; *Lýsing á skipulagi Akureyrarkaupstaðar 1926-1927.*

4.4 Síðari skipulagstillögur

Árið 1944 var gerður nýr skipulagsuppdráttur að Akureyri og þar er framtíðarbyggð Oddeyrar í öllum veigamestu atriðum sýnd eins og á uppdrættinum frá 1927. Á næstu árum voru gerðir nokkrir uppdrættir með tillögum að aukinni byggð á fyllingu sunnan við Strandgötu. Enginn þeirra var samþykktur sem skipulag og hugmyndir um byggð sunnan við Strandgötuna voru lagðar til hliðar.[16]

Árið 1974 var gefið út nýtt aðalskipulag fyrir Akureyri, sem gilda átti 1972-1993. Þar með var staðfest að austasti hluti Oddeyrar skyldi helgaður iðnaðarstarfsemi til frambúðar. Vestari hluti eyrarinnar skyldi vera íbúðarhverfi áfram og lagt var til að húsaraðirnar við Strandgötu, Lundargötu og Norðurgötu yrðu varðveittar.[17]

16 Nokkrir slíkir uppdrættir eru varðveittir hjá Skipulagsdeild Akureyrarbæjar.

17 Skipulagsdeild Akureyrarbæjar: Greinargerð með aðalskipulagi 1974.

Ljósmynd úr suðurenda Norðurgötu í byrjun aldarinnar. Norðurgata 2 og Snorrahúsið við Strandgötu. H.E. / MSA

5. Húsaskrá

Hér verður fjallað í stuttu máli um öll hús á þeim hluta Oddeyrar sem húsakönnunin nær til. Rakin er saga hvers húss, hvenær það er byggt og hvernig það hefur síðan þróast til okkar daga, eftir því sem heimildir leyfa.

Í fáum orðum er ástandi hússins lýst og mikilvægi þess í bæjarmyndinni ef sérstök ástæða þykir til. Húsaskráin er í aðalatriðum óbreytt frá því hún var samin árið 1989. Í þeim tilvikum þegar hús hafa verið rifin eða þeim breytt mikið eftir 1989 hefur lýsingin þó verið leiðrétt.

STRANDGATA 17

Árið 1885 fékk P. Tærgesen mælt út hússtæði við Strandgötu og skyldi húsið standa í beinni línu við önnur hús við götuna.

Á ljósmyndum frá því fyrir aldamót sést að húsið hefur verið einlyft með risi, miðjukvisti á framhlið og skúr við norðurhlið.

Árið 1907 er Bjarni Einarsson orðinn eigandi hússins. Það ár fer hann fram á að fá lóðina keypta, en Gránufélagið synjar þess. Ári síðar lengir Bjarni húsið til vesturs. Viðbyggingin var breiðari en eldra húsið, var hún með kvisti. Árið 1921 var gluggum á suðurhlið breytt en þá er verslun í vesturenda í húsinu.

Strandgata 17 er einlyft timburhús á lágum grunni. Á suðurhlið eru tveir kvistir og einn á norðurhlið. Skúrbyggingar eru við austurgafl og norðurhlið. Húsið hefur verið múrhúðað að utan með kvarts- og hrafntinnublöndu á asbestplötur.

Í húsinu er íbúð, og í vesturenda umboðsskrifstofa happdrætta.

Strandgata 17 hefur varðveislugildi sem hluti af byggðinni við Strandgötu.



Strandgata 17 árið 1989. H.G.

STRANDGATA 19

Árið 1886 fékk Jón Jakobsson mælt út hússtæði og byggði þar hús. Samkvæmt ljósmyndum frá því fyrir aldamót var það einlyft timburhús með risi.

Árið 1924 er Brynjólfur Stefánsson eigandi hússins, sem þá hefur verið hækkað um eina hæð. Þá var verslun á neðri hæð hússins en íbúð á þeirri efri. Ekki er vitað með vissu hvenær húsið var hækkað en á ljósmynd frá 1912 er það tvílyft. Árið 1927 var skúr við norðurhlið hækkaður.

Strandgata 19 er tvílyft timburhús á lágum kjallara, með lágu risi. Við norðurhlið þess er skúr, tvílyftur að vestanverðu. Gluggar á neðri hæð suðurhliðar hafa verið stækkaðir og veggir klæddir með spónaplötum. Á efri hæð hafa póstar verið teknir úr gluggum. Á vesturgafli er gömul klæðning, listasúð niðri en vatnsklæðning uppi.

Hárgreiðslustofa er á neðri hæð, en íbúð á þeirri efri, en ekki er búið í henni.

Strandgata 19 hefur varðveislugildi sem hluti af byggðinni við Strandgötu.

Strandgata 19 árið 1989. H.G.

STRANDGATA 19 B

Sigurjón Jóhannesson frá Laxamýri keypti lóðina af Gránufélaginu árið 1906 og lét reisa þar einlyft íbúðarhús með kvisti. Einnig byggði hann fjós og hlöðu nyrst á lóðinni. Húsið, sem stendur bak við húsin nr. 19 og 21 við Strandgötu, var nefnt Laxamýri.

Árið 1916 var Hjálpræðisherinn orðinn eigandi að húsinu og sama ár er byggt samkomuhús vestan við það, einlyft steinsteypuhús.

Strandgata 19B er stórt timburhús með svissnesku lagi, með porti og risi. Á suðurhlið er stór kvistur sem gengur fram úr húsinu. Á miðri útbyggingunni eru aðaldyr hússins og framan við þær eru breiðar og háar tröppur. Tveir minni kvistir eru sitt hvoru megin við stóra kvistinn. Húsið er klætt vatnsklæðningu utan. Það er nýviðgert og í mjög góðu ástandi. Húsið er í eigu Akureyrarbæjar, þar eru skrifstofur

Strandgata 19 B árið 1989. H.G.

íþróttafulltrúa og skóla- og menningarfulltrúa.

Samkomuhúsið sem stóð vestan við íbúðarhúsið var rifið er Glerárgata var breikkuð.

Strandgata 19B hefur varðveislugildi sem hluti af byggðinni við Strandgötu.

STRANDGATA 21

Lóðin var útmæld árið 1886 og fengu þá þeir Einar Pálsson og Þórður Brynjólfsson leyfi til að byggja þar hús.

Óljóst er hvort húsið hefur verið tvílyft í upphafi en á ljósmynd frá 1895 er það tveggja hæða timburhús með risi og inngönguskúr við vesturgafl og skúr við bakhlið.

Árið 1917 var Eggert Einarson eigandi hússins og þá var sölubúð á neðri hæð en íbúð á þeirri efri.

Húsið hefur að mestu haldið lagi sínu en þó hafa skúrar við norðurhlið verið stækkaðir og hækkaðir, þannig að byggt er meðfram allri norðurhliðinni. Húsið er múrhúðað að utan nema bakhlið sem er klædd bárujárni.

Í húsinu er samkomusalur, en ekki búið í húsinu.

Strandgata 21 hefur varðveislugildi sem hluti af byggðinni við Strandgötu.

Strandgata 21 árið 1989. H.G.

Strandgata 23 skömmu fyrir 1914. Hægra megin við það er húsið Alaska þar sem nú er Strandgata 25. H.E. / MSA

STRANDGATA 23

Fyrsta hús sem stóð á lóðinni var svonefnt Hauskenshús. Jósep Jóhannesson járnsmiður mun hafa reist þar hús árið 1882 en selt það norskum manni, Oules Hausken, ári síðar. (Sjá Lundargötu 2)

Árið 1902 fékk Medúsalem Jóhannsson kaupmaður leyfi til að flytja húsið ásamt skúr sem stóð norðan við það á lóðina Lundargötu 2. Sama ár fékk hann leyfi til að byggja tvílyft hús á lóðinni við Strandgötu. Það hús brann veturinn 1906 og í september sama ár er Medúsalem leyft að byggja tvílyft hús á lóðinni í stað þess sem brann. Húsið var reist en Medúsalem fékk áminningu frá byggingarnefnd fyrir að tröppur og gryfja væru út í gangstétt.

Árið 1917 var Pétur Pétursson eigandi hússins. Þá var verslun á neðri hæð þess en íbúð á þeirri efri. Við norðurhlið hússins voru tveir skúrar auk eldhússkúrs.

Strandgata 23 er stórt tvílyft timburhús, með kvisti á miðri suðurhlið og svölum þar undir. Kvisturinn er skreyttur útskurði. Veggir eru klæddir steinskífu að utan og þak var einnig skífuklætt. Við norðurhlið eru skúrar af ýmsum stærðum og gerðum, byggðir hver utan í annan. Á suðurhlið hafa frá upphafi verið verslunargluggar, en þeir voru stækkaðir árið 1949. Árið 1955 voru settar dyr á vesturgafl, og gerður sérinngangur á efri hæð.

Séð frá götunni hefur húsið að mestu haldið sínum upphaflega svip, en þó er full þörf á að gera á því gagngerar endurbætur. Skífan er víða farin að losna nokkuð. Þakskífan hefur verið fjarlægð og í

stað hennar sett bárujárn. Við það hefur húsið tapað nokkuð af svip sínum . Á suðurhlið eru stórir verslunargluggar og hefur flöturinn umhverfis þá verið klæddur með sléttum plötum. Þá klæðningu ætti að fjarlægja. Einnig ætti að rífa eitthvað af skúrunum við bakhlið hússins.

Í húsinu er samkomusalur, íbúð og snyrtistofa.

Húsið er með reisulegri húsum við götuna og setur mikinn svip á umhverfið. Það var þó mun svipmeira þegar það var allt skífuklætt.

Strandgata 23 hefur varðveislugildi vegna gerðar sinnar og sem hluti af byggðinni við Strandgötu.



Strandgata 23 árið 1986. H.S.

STRANDGATA 25

Árið 1875 fékk Kristján Sigurðsson leyfi til að reisa hús á lóðinni. Í útmælingunni var miðað við að húsið stæði í línu við hús Gránufélagsins, en þá stóðu ekki önnur hús þar á milli. Húsið var fyrsta íbúðarhúsið sem reis á Oddeyri eftir að Gránufélagið eignaðist eyrina. Húsið var reyndar flutt innan úr bæ, og mun Jón Jónsson járnsmiður hafa reist það á lóðinni Aðalstræti 76 fyrir 1860. Er sagt að það hafi verið dregið á ís yfir Pollinn.

Ekki er til lýsing af húsinu en á ljósmyndum frá því skömmu fyrir aldamót (sjá bls. 32) sést að það hefur verið einlyft timburhús með risi og miðjukvisti á suðurhlið. Kristján rak verslun og greiðasölu í húsinu sem fékk nafnið Alaska.

Húsið var rifið árið 1914, en þá fékk eigandi þess, Sigvaldi Þorsteinsson leyfi til að byggja nýtt hús á lóðinni, steinhús „þar sem nú stendur húsið Alaska“[18]. Steinhúsið var upphaflega einlyft með lágu risi, og í því var verslun Sigvalda. Húsið sést á ljósmynd sem tekin er fyrir 1920. Húsið var hækkað um eina hæð árið 1931 og á ljósmynd sjást mörk eldra húss og ofanábyggingar. Við þessar breytingar fékk húsið þá lögun sem það enn hefur. Árið 1940 var gerð viðbygging við norðurhlið og 1961 við vesturhlið.

Strandgata 25 árið 1989. H.G.

---

18 Byggingarnefnd Akureyrar, fundargerð 20. jan. 1914.

Húsið Strandgata 25 er tvílyft steinsteypuhús, með flötu þaki. Á suðurhlið eru stórir verslunargluggar. Við austur- og norðurhliðar eru skúrbyggingar. Í húsinu eru verslanir og skrifstofur.

Strandgata 25 stingur í stúf við nágrannahús sín. Með endurbótum mætti ef til vill fella húsið betur að götumyndinni.



Strandgata 25 B árið 1989. H.G.

STRANDGATA 25 B

Húsið reisti Guðmundur Seyðfjörð árið 1924. Það er tvílyft steinsteypuhús með risi og kvisti á vesturhlið. Á þaki er bárujárn. Í húsinu eru tvær íbúðir.

Húsið stendur norðaustan við Strandgötu 25 og ber lítið á því frá götu. Strandgata 25B er hér ekki talið hafa varðveislugildi en við endurbætur á byggðinni á Oddeyri gæti gildi þess aukist.

STRANDGATA 27

Árið 1876 fengu þeir Jón Halldórsson og Hans Guðjónsson útmælt fyrir húsi austan við hús Kristjáns Sigurðssonar. Árið eftir er Sigurði Jónssyni leyft að byggja hús áfast þeirra húsi (sjá Strandgata 27A).

Lóðin var veitt með því skilyrði að taka mætti af henni ef einhver vildi byggja á henni síðar. Enda var húsið Norðurgata 1 byggt árið 1900 á norðausturhluta lóðarinnar.

Á ljósmynd frá 1895 er vestara húsið tvílyft, en þess er ekki getið í heimildum að húsið hafi verið hækkað. Þó kemur fram að árið 1894 fékk Jón Halldórsson leyfi til að setja ris á skúr.

Húsið er tvílyft timburhús með háu risi. Á suðurhlið eru tveir kvistir. Það er klætt utan með steinblikki, nema austurhlið og hluti norðurhliðar sem eru klæddar bárujárni. Í austurmæni er gamall sexrúðu gluggi. Við norðurhlið er skúr og á norðurmörkum lóðar eru skúrar. Í húsinu er ein íbúð.

Strandgata 27 er reisulegt hús. Það hefur varðveislugildi sem hluti af götumynd Strandgötu. Enn fremur gefur aldur hússins og gerð því aukið gildi.



Strandgata 27 árið 1989. H.G.

STRANDGATA 27 A

Árið 1877 fékk Sigurður Jónsson, nefndur Sunnlendingur, leyfi til að reisa hús áfast húsi Jóns Halldórssonar (sjá Strandgötu 27). Húsið stóð austan við hús Jóns á horni Strandgötu og Norðurgötu.

Árið 1906 fékk þáverandi eigandi hússins Fr. Madsen erfðafestubréf fyrir lóðinni. Húsið var kennt við eigandann og nefnt Madsenshús.

Árið 1917 var húsið virt og var Magnús Oddsson þá eigandi þess. Í virðingunni er húsið sagt vera úr timbri, einlyft með háu risi og pappaklæddu þaki.

Á gömlum ljósmyndum sjást tveir litlir kvistir á suðurhlið hússins.

Árið 1884 var Jón Jónsson Borgfjörð ávíttur fyrir að byggja í leyfisleysi skúr á lóðinni og tíu árum síðar byggir hann, aftur í leyfisleysi, ofan á skúrinn. En í bókun byggingarnefndar segir að „þareð viðaukabygging þessi er fremur til prýðis má hús standa.“ [19] Þá er tekið fram að hér sé um skúr Sigurðar Sigurðssonar að ræða. Árið 1899 fékk Jón keypta lóðina undir skúrnum og að auki þann hluta lóðarinnar sem sneri að Norðurgötu. Á þeirri lóð reisti hann pakkhús og verkstæði ári síðar (sjá Norðurgötu 1).

STRANDGATA 29
Snorrahús

Árið 1894 fékk Snorri Jónsson, timburmeistari og kaupmaður, mælt út fyrir húsi við Strandgötu en ekki virðist hann hafa ráðist í húsbyggingu í það sinn. Þremur árum síðar er mælt út fyrir húsi Snorra að nýju og hefur hann þá strax hafist handa við bygginguna. Á ljósmynd sem sennilega er tekin árið 1897 stendur húsið nýbyggt.

Hús Snorra stóð á horni Strandgötu og Norðurgötu. Byggingarnefnd hafði samþykkt að það stæði austar á lóðinni en amtmaður setti það skilyrði fyrir byggingarleyfinu að húsið yrði byggt vestar, á horni Strandgötu og fyrirhugaðrar þver-

19 Byggingarnefnd Akureyrar, fundargerð 19. júlí 1894.

Snorrahús, Strandgata 29 árið 1986. H.S.

götu, Norðurgötu, sem enn hafði ekki hlotið nafn, eða að það yrði minnkað svo pláss væri fyrir annað hús vestan það. Á þessum tíma hafði lega Norðurgötu verið ákveðin og amtmanni virðist hafa verið umhugað um að bygging Snorra yrði í samræmi við skipulag.

Smám saman risu fleiri hús á lóðinni; árið 1902 fjós, hlaða og hesthús aftast (nyrst) í garðinum; 1903 hús áfast íbúðarhúsinu, til norðurs meðfram Norðurgötu. Ári síðar reis geymsluhús á norðvesturhluta lóðarinnar. Árið 1905 gerði Snorri svalir yfir tröppum á vesturgafl íbúðarhússins. Samkvæmt bókum byggingarnefndar hafði Snorri keypt eignina fyrir austan, Strandgötu 31. Virðast lóðirnar hafa verið sameinaðar og taldar ein lóð eftir það. Á þeirri lóð stóð hús það sem kennt var við Sigurð Fanndal, og brann árið 1908 ásamt Hótel Oddeyri, Strandgötu 33.

Árið 1911 var pakkhús, sem nefnt var Fanndalspakkhús, og stóð á eystri lóðinni, flutt að norðausturmörkum lóðarinnar. Ári síðar er byggt íshús austast á lóðinni og lítið steinhús áfast við það. Árið 1914 er Snorra leyft að byggja skúr á bak við hús sitt sem er „ætlaður til að byggja í báta", eins og segir í fundargerð byggingarnefndar.[20] Húsið mátti einungis standa þann vetur.

---

20 Byggingarnefnd Akureyrar, fundargerð 19. feb. 1914.

Húseignir Snorra voru virtar árið 1916 og með þeirri virðingu fylgir uppdráttur af lóðinni og þeim húsum sem þar stóðu. Samkvæmt virðingunni stóðu þá á lóðinni:

a. *Íbúðar- og verslunarhús, tvílyft með kvisti og háu risi á kjallara. Við bakhlið þess var skúr. Veggir voru klæddir utan með steinskífu, en þak var járnklætt.*
Á neðri hæð götumegin voru sölubúð og skrifstofur en við bakhlið stofa og geymslur.
Á efri hæð voru 4 stofur við götuhlið, en við bakhlið stofa, eldhús, búr, tvö geymsluherbergi og forstofa.
Í risi voru íbúðarherbergi, geymsluherbergi og gangur. Í kjallara voru geymslur. Húsið var virt á kr. 30.000.
b. *Vörugeymsluhús, einlyft með porti og háu risi á kjallara. Það var áfast við íbúðarhúsið.*
Á hæð var afþiljað eitt geymsluherbergi, en að öðru leyti var húsið óinnréttað. Að utan var húsið klætt með steinskífu, en þak var járnklætt. Húsið sem var timburhús var virt á kr. 1100.
c. *Vörugeymslu- og gripahús, einlyft með höllu þaki á lágum steingrunni. Í því var fjós, hesthús, heyhlaða og tvö vörugeymslupláss. Húsið sem var úr timbri var virt á kr. 3000.*
d. *Áfast við það var íshús, einlyft með porti og háu risi. Í því voru tvær frystikompur og ísgeymslurúm. Húsið var timburhús, virt á kr. 8000.*
Áfast við það var geymsluhús úr timbri, virt á kr. 500.
e. *Áfast við ofannefndan skúr var trésmíðaverkstæði einlyft með lágu risi úr timbri. Það var virt á kr. 1500.*[21]

Virðingunni fylgir afstöðumynd sem sýnir legu húsa á lóð.

Árið 1931 var húsinu skipt í tvær íbúðir og þá gerður inngangur í íbúð á neðri hæð á austurgafl. Til er uppdráttur af húsinu frá árinu 1941, þar sem sést herbergjaskipan og innra fyrirkomulag.

Húsið sem Snorri reisti við Strandgötu árið 1897 var íbúðar- og verslunarhús. Snorri bjó í húsinu ásamt fjölskyldu sinni og lærlingum. Kona Snorra var Lovísa Loftsdóttir, og synir þeirra Gunnar og Rögnvaldur voru báðir kaupmenn á Akureyri. Eftir að Kvennaskólinn á Laugalandi var fluttur til Akureyrar var skólahald í Snorrahúsi. Þar var einnig smíðaverkstæði hans og á lóðinni stundaði hann bátasmíðar. Rögnvaldur Snorrason verslaði í húsinu eftir föður sinn.

Hús Snorra Jónssonar við Strandgötu var tvímælalaust eitt glæsilegasta húsið við götuna. Það var rifið árið 1987. Vestasti hluti lóðarinnar er enn óbyggður en austar reisti dagblaðið Dagur nýtt hús, og telst það nr. 31. Bakhús þess þar sem eru Dagsprent og ritstjórn Dags telst nú vera nr. 29 við Strandgötu



Grunnmynd 1. hæðar Snorrahúss. Eftir mælingarteikningu frá 1941. H.S.

21 Brunabótafélag Íslands, Akureyrarumboð; *Virðingabók I;* 224.

STRANDGATA 31

Lóðin var mæld út Jósep Jóhannessyni, járnsmið og veitingamanni, árið 1879. Sjö árum síðar fékk hann leyfi til að reisa þar tvílyft hús, en lóðina hafði hann þá keypt af Gránufélaginu. Húsið sést á mynd frá 1895 á bls. 20.

Sigurður Fanndal kaupmaður verslaði í húsinu um skeið og var það þá kennt við hann.

Snorri Jónsson keypti eignina árið 1902 og virðist lóðin hafa verið sameinuð lóð Snorra, Strandgötu 29.

Húsið brann árið 1908 ásamt Hótel Oddeyri, og hluti lóðarinnar, sem næstur var götunni, stóð óbyggður um langt skeið. Norðar á lóðinni voru íshús og vélarhús áfast því, sem Snorri Jónsson lét byggja (sjá Strandgötu 29). Árið 1920 lét Rögnvaldur Snorrason breyta vélarhúsinu í baðhús, byggt var ofan á húsið. Á teikningu sem til er sést að þar hafa verið tveir baðklefar.

Árið 1938 voru húsin komin í eigu Smjörlíkisgerðar Akureyrar, sem rak sápugerð í gamla íshúsinu og brjóstsykursgerð í baðhúsinu (upphaflega vélarhúsinu). Það ár var byggt verkstæðishús áfast við íshúsið, fyrir smjörlíkisgerð. Árið 1965 var hús Smjörlíkisgerðarinnar stækkað og byggt tvílyft hús að norðurlóðamörkum.

Dagur var orðinn eigandi húsanna árið 1985 og var þá smjörlíkisgerðinni breytt í prentsmiðju. Tveimur árum síðar reisti Dagur nýtt steinsteypuhús við Strandgötu, en húsið er nú eign Byggðastofnunar. Það er tvílyft með risi og kvisti á framhlið. Húsið er hannað af Bjarna Reykjalín, arkitekt.

Við hönnun Strandgötu 31 var að nokkru tekið mið af lögun gömlu húsanna við götuna og greinilega hefur verið leitast við að fella það að götumyndinni. Það er þó stærra en flest nágrannahúsin og frágangur allur og yfirbragð með öðrum hætti.

Strandgata 31 árið 1989. H.G.

Strandgata 31-35. Vinstra megin á myndinni er Strandgata 31. Hótel Oddeyri er á miðri mynd. Bæði húsin brunnu árið 1908. Hægra megin á myndinni er Havsteenshúsið. H.E. / MSA

STRANDGATA 33

Á lóðinni stóð áður Hótel Oddeyri, sem Ólafur Jónsson veitingamaður rak og síðan ekkja hans Anna Tómasdóttir, til ársins 1908. Fyrsta húsið reis á lóðinni árið 1884. Það var tvílyft timburhús með risi og sést það á ljósmynd frá 1895 (sjá bls. 20). Árið 1905 fékk Anna leyfi til stækka húsið og prýða á ýmsan hátt. Eftir þær breytingar var húsið eitt hið glæsilegasta í bænum.

Hótel Oddeyri brann haustið 1908.

Lóðin stóð auð í allmörg ár eftir brunann, en árið 1924 var Ólafi Ágústssyni húsgagnameistara leyft að reisa þar steinsteypuhús. Ólafur gerði sjálfur uppdrætti að húsinu. Þegar húsið er virt nýbyggt árið 1925, þá er það sagt steinsteypt hús, tvær hæðir á kjallara með háu risi. Á þaki var steinskífa.

Húsið dregur svolítið dám af jugendstíl enda þótt það geti alls ekki flokkast sem slíkt. Það er skreytt á göflum og á kvisti og einnig yfir gluggum. Póstar í gluggum eru horfnir og hefur húsið við það misst nokkuð af svip sínum. Þak er nú klætt bárujárni í stað skífu. Í húsinu eru tvær íbúðir.

Norðan við húsið er einlyft viðbygging með flötu þaki, sem er tengd húsinu Grundargötu 1, sem Ólafur byggði sem verkstæðishús (sjá Grundargötu 1).

Strandgata 33 hefur varðveislugildi sem hluti af byggðinni við Strandgötu.

Strandgata 33 árið 1989. H.G.



Hótel Oddeyri 1906 skömmu áður en húsinu var breytt.
P.F. Jensen. Í vörslu Landmælinga Íslands.

Hótel Oddeyri eftir breytingar. Húsið brann 1908.
H.E. / MSA

STRANDGATA 35

Árið 1887 keypti J. V. Havsteen lóð af Gránufélaginu. Í kaupsamningi var tekið fram að: „Allur reki sunnan við lóðina er fráskilinn kaupinu sem og landshlutur af síld, en kaupandi hefur öll önnur fjörugögn svo sem rétt til þess að setja bryggju, uppsátur o.s.frv.“ [22] Árið 1888 var mælt út fyrir húsi Havsteens, sem reis þá um sumarið. Það var einlyft timburhús á kjallara með stórum miðjukvisti á framhlið. Í húsinu var verslun J. V. Havsteens og íbúð. Havsteen byggði fleiri hús á lóðinni; árið 1891 byggði hann pakkhús norðan við íbúðarhúsið og lá það meðfram Grundargötu. Pakkhúsið var lengt tveimur árum síðar. Árið 1896 byggði hann fjós og hlöðu bak við húsið og einnig risu á lóðinni nokkrir skúrar.

Árið 1899 reisti Havsteen brauðgerðarhús austan við íbúðarhúsið. Það var síðan talin sérstök lóð, Strandgata 37. Aldamótaárið reisti hann íshús á norðausturhorni lóðarinnar og þremur árum síðar var byggð „veranda“, yfirbyggðar svalir eða glerskáli, við austurgafl hússins.

Eignir J.V. Havsteens voru virtar til brunabóta árið 1917. Þá voru eftirtalin hús á lóðinni:

a. *Íbúðar- og verslunarhús, einlyft með porti, kvisti og háu risi, á kjallara. Skúr við bakhlið. Á gólfi við framhlið voru 3 stofur, "veranda" og sölubúð. Við bakhlið voru 2 kontorar, 1 stofa, eldhús, búr og forstofa. Á lofti voru 5 íbúðarherbergi og 4 geymslupláss. Í húsinu voru 3 reykháfar. Í kjallara eru 6 geymslurúm.*
   Veggir voru úr timbri og þak var járnklætt. Húsið var virt á kr. 33.000.
b. *Vörugeymsluhús, einlyft með háu risi á lágum steingrunni, áfast við ofannefnt íbúðarhús. Veggir voru klæddir steinskífu, en þak var járnklætt. Húsið var virt á kr. 5000.*
c. *Heyhlaða og gripahús, einlyft með höllu þaki. Veggir úr timbri klæddir steinskífu, þak var járnklætt. Húsið var virt á kr. 1600.*

Strandgata 35 árið 1989. H.G.

22 Jónsbók s. 82.

Fyrir framan Havsteenshús skömmu eftir aldamótin. H.E. / MSA

d. Geymsluskúrar, einlyftir með höllu þaki. Veggir voru úr timbri, en þak var klætt pappa. Skúrinn var virtur á kr. 3.500.

e. Áfast við ofannefndan skúr var íshús, tvílyft með lágu risi, á lágum steingrunni. Veggir voru timburklæddir og þak járnklætt. Íshúsið var virt á kr 4000.

f. Fjárhús og heyhlaða, einlyft með lágu risi, á lágum steingrunni. Veggir voru timburklæddir og þak klætt með pappa. Húsið var virt á kr. 2000.[23]

Afstöðumynd sem fylgir virðingunni sýnir að húsin hafa verið sambyggð kringum garðinn.

Jakob V. Havsteen var annar verslunarstjóri Gránufélagsins og tók við verslun þar árið 1874. Því starfi gegndi hann þar til hann setti á stofn eigin verslun árið 1888. Sama ár keypti hann lóð af Gránufélaginu og reisti húsið við Strandgötu. Um húsið segir Klemens Jónsson að það hafi á sínum tíma verið „langfallegasta húsið sem þá hafði enn verið þar byggt og sómir sér enn vel.“ [24]

Verslun Havsteens var í vesturenda hússins með inngangi á gafli, en íbúð í austurhluta og á efri hæð. Jakob V. Havsteen var umsvifamikill kaupmaður og varð verslun hans ein af stærstu verslunum bæjarins. Hann stundaði einnig útgerð. Havsteen var einn helsti borgari á Akureyri, hann var lengi bæjarfulltrúi og auk þess var hann konsúll. Nefnir Klemens hann ásamt Eggert Laxdal sem helstu frumkvöðla samkvæmislífs í bænum, „gestrisinn og veitingasamur“ og tók hann oft á móti útlendingum sem til bæjarins komu.

Jón Stefánsson, sem var verslunarmaður hjá Havsteen, eignaðist húsið síðan. Hann verslaði í því en hann var einnig útgefandi og ritstjóri blaðsins Gjallarhornsins.

Hús Havsteens stendur enn en töluvert breytt. Glerskálanum var lokað árið 1949 og skrautgluggar fjarlægðir. Að utan var húsið upphaflega klætt láréttri timburklæðningu en var síðar klætt skífu. Skífan hefur verið fjarlægð og veggir eru nú klæddir með álklæðningu. Á þaki er bárujárn. Um tíma voru stórir verslunargluggar og inngangur í verslun vestast í húsinu. Á síðari árum hefur gluggum verið breytt, póstar fjarlægðir og stórar rúður settar í gluggana. Við norðurhlið hússins eru útbyggingar.

Havsteenshúsið var lengi eitt helsta húsið við Strandgötuna. Það ætti að endurbæta til fyrri glæsileika og myndi húsið þá aftur verða sú bæjarprýði sem það var.

Strandgata 35 hefur varðveislugildi sem hluti af byggðinni við Strandgötu.

23 Brunabótafélag Íslands, Akureyrarumboð;, Virðingabók I; 254.

24 Klemens Jónsson; *Saga Akureyrar,* s. 144.

STRANDGATA 35 B

Húsið sem stendur á baklóð Strandgötu 35 er í raun á bak við húsið nr 37. Húsið var reist árið 1900 sem íshús, af J. V. Havsteen kaupmanni (sjá Strandgötu. 35) en Andrés Ísfeld breytti því í íbúðarhús árið 1926. Eftir þá breytingu var húsið virt og þá sagt einlyft timburhús á lágum grunni, með porti og háu risi.

Húsið stendur enn og í því er enn búið. Það er að mestu óbreytt en þó hefur hluta þaks verið lyft að sunnanverðu. Vestur úr húsinu ganga einlyftir skúrar. Húsið er klætt utan bárujárni á veggjum og þaki.

Strandgata 35B er hluti af þeirri húsasamstæðu sem tilheyrði Havsteenshúsi í byrjun aldarinnar. Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi getur gildi þess aukist við endurbætur á umhverfinu.



Strandgata 35 B árið 1989. H.G.

STRANDGATA 37

Fyrsta húsið sem reis á lóðinni var brauðgerðarhús Havsteens, reist árið 1899. Húsið stóð austan við íbúðarhús Havsteens (sjá Strandgötu 35) en taldist fljótlega sérstök lóð. Árið 1917 var húsið virt til brunabóta og var þá enn í eigu Havsteens. Það var einlyft timburhús með háu risi og kvisti, á háum kjallara. Á ljósmyndum sést að kvisturinn hefur gengið fram úr húsinu og er útbygging á miðri framhlið.

Árið 1927 var Brynjólfur Hrútfjörð eigandi hússins, og er þá virt geymsluhús úr timbri, einlyft með lágu risi á lágum grunni. Brauðgerðarhúsið brann um 1930.

Árið 1931 fékk Stefán Sigurðsson bakari leyfi fyrir nýju húsi á lóðinni. Samkvæmt teikningum af húsi Stefáns átti það að vera hluti af randbyggingu samkvæmt skipulaginu frá 1927. Síðar voru reistar geymslur á baklóð.

Strandgata 37 er fjórlyft steinhús, með eldvarnarveggjum að lóðamörkum að austan og vestan. Húsið var byggt í áföngum, því á mynd sem tekin er skömmu eftir 1930 er aðeins fyrsta hæðin risin. Leyfi var veitt til að byggja ofan á húsið árið

Strandgata 37 árið 1989. H.G.

1946 en það mun þó ekki hafa verið fullbyggt fyrr en eftir 1950. Þá var Kristján Jónsson bakari orðinn eigandi þess. Í húsinu er hárgreiðslustofa og verslun á neðstu hæð en 3 íbúðir á þeim efri. Í viðbyggingu er iðnaður.

Framhlið hússins var múrhúðuð með steinmulningi en húsið hefur nýlega verið klætt utan með klæðningu með steináferð. Þak er járnklætt og á norðurhlið eru 2 kvistir. Við bakhlið hússins eru margvíslegar skúrbyggingar, byggðar að lóðarmörkum til austurs og norðurs.

Strandgata 37 spillir umhverfi sínu vegna stærðar og gerðar.

STRANDGATA 39

Árið 1894 keypti Árni Pétursson veitingamaður lóð fyrir austan Havsteen. Lóðin náði til austurs að fyrirhugaðri götu, sem var seinna nefnd Hríseyjargata.

Húsið sem Árni reisti á lóðinni var einlyft timburhús á kjallara, með kvisti á miðri framhlið. Það sést á ljósmyndum frá því skömmu fyrir aldamót (sjá bls. 20). Árni verslaði í húsinu. Húsið brann árið 1903.

Kristín Árnadóttir lét reisa nýtt hús á lóðinni árið 1907. Það hús stendur enn og er tvílyft timburhús á kjallara, með lágu risi og inngangi á vesturgafli. Það er járnklætt með járnþaki. Við norðurhlið er inngönguskúr. Húsið virðist lítið breytt, nema hvað gluggapóstar hafa verið fjarlægðir. Í húsinu eru þrjár íbúðir og iðnaður í kjallara.

Strandgata 39 hefur varðveislugildi sem hluti af byggðinni við Strandgötu.

Strandgata 39 árið 1989. H.G.

STRANDGATA 41

Félagsbakaríið

Bökunarfélagi Akureyrar var útmæld lóðin árið 1901 og reisti þá hús, sem enn stendur. Í húsinu var bakarí í kjallara en íbúð á hæð og í risi.

Húsið er einlyft úr timbri á steinkjallara

Strandgata 41 árið 1989. H.G.

og með miðjukvisti á framhlið. Inngangur íbúðar er á vesturgafli en inngangur í bakaríið var á suðurhlið. Þeim inngangi hefur nú verið lokað. Við norðurhlið er inngönguskúr.

Húsið hefur að mestu haldið útliti sínu, en þó hafa póstar í gluggum verið fjarlægðir. Húsið er í nokkurri vanhirðu en með endurbótum myndi það styrkja götumyndina. Í húsinu eru nú 3 íbúðir en húsið gæti orðið ágætis einbýlishús. Íbúð í kjallara ætti að hverfa.

Kristján Jónsson bakari eignaðist húsið síðan húsið og rak þar bakarí þar til hann flutti í Strandgötu 37.

Árið 1925 reisti Kristján tvílyft steinsteypuhús á lágum grunni með lágu risi, á baklóðinni. Það var notað sem geymsluhús, fjós og hænsnahús. Húsið stendur enn á horni Hríseyjargötu og Strandgötu, og hefur verið breytt í íbúðarhús, Hríseyjargötu 2.

Strandgata 41 hefur varðveislugildi sem hluti af byggðinni við Strandgötu.

STRANDGATA 43

Árið 1904 keypti Christian Havsteen lóðina af Gránufélaginu. Ekki kemur fram í heimildum að hann hafi byggt hús á lóðinni en á uppdrætti frá 1900 er sýnt þar hús sem ekki eru kunn nánari deili á. Það stóð ekki í götulínu og hefur líklega verið geymsluhús. Ekki er heldur vitað hvenær húsið hefur horfið. Árið 1930 reisti Stefán Jónasson skipstjóri íbúðarhús á lóðinni sem enn stendur.

Húsið er einlyft timburhús á háum kjallara, með porti, risi og miðjukvisti á framhlið. Það var í upphafi timburklætt að utan en veggir voru síðar verið klæddir með asbestplötum. Þakið er klætt báruðu asbesti.

Nú er verið að gera á því endurbætur, setja í það nýja glugga og timburklæðningu á ný. Það virðist rúmgott og vel stæðilegt og ætti að geta verið þokkalegt íbúðarhús.

Strandgata 43 hefur varðveislugildi sem hluti af byggðinni við Strandgötu.

Strandgata 43 árið 1989. H.G.

STRANDGATA 43B

Á baklóð hússins Strandgötu 43, stendur steinsteypt hús, einlyft með risi, klætt bárujárni á þaki. Það var reist sem pakkhús um leið og framhúsið.

Þó húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti gildi þess aukist með endurbótum á byggðinni. Norðan við það er fallegur garður með miklum trjágróðri.



Strandgata 43 B árið 1989. H.G.

STRANDGATA 45

Árið 1914 fengu bræðurnir Friðrik og Einar Einarssynir leyfi til að reisa hús milli Félagsbakarísins og Gránufélagsins. Húsið sem enn stendur er steinsteypt hús, einlyft á háum kjallara, portbyggt með risi. Á miðju þaki gengur kvistur í gegnum húsið. Þak er járnklætt. Við norðurhlið hússins eru tveir inngönguskúrar. Við báða gafla eru steintröppur. Húsinu er skipt í miðju og er hvor endi talin sérstök eign. Í því eru nú þrjár íbúðir. Að því að best verður séð, þá er Strandgata 45 fyrsta meiriháttar steinsteypuhúsið sem reist er á Oddeyrinni. Lögun þess og svipmót er þó nauðalíkt timburhúsunum, enda fengu steypuhúsin sérkenni sín smám saman eftir því sem reynsla manna af smíði þeirra jókst.

Á lóðinni, norðan við húsið, meðfram Hjalteyrargötu, stóð áður tvílyft steinsteypt hús, sem nú hefur verið rifið. Það var upphaflega byggt sem fiskgeymsluhús árið 1927 en með það fyrir augum að síðar mætti breyta því í íbúðarhús. Það var svo gert tveim árum síðar. Húsið hefur nú verið rifið.

Strandgata 45 hefur varðveislugildi sem hluti af byggðinni við Strandgötu og það telst einnig merkilegt fyrir það að vera eitt elsta steinsteypuhúsið á Oddeyri.

Strandgata 45 árið 1989. H.G.

STRANDGATA 47

Á lóðinni stendur íbúðarhús úr steinsteypu, sem Stefán H. Steindórsson reisti árið 1941. Það einlyft einbýlishús úr steinsteypu, byggt eftir teikningum Tryggva Jónatanssonar. Húsið , sem stendur inni á lóðinni, er frábrugðið öðrum húsum við götuna. Árið 1955 var byggður bílskúr á lóðinni. Vegna legu sinnar innarlega á lóðinni er húsið ekki þátttakandi í húsaröðinni við Strandgötu.



Gránufélagshúsin séð úr austri eftir 1909. H.E. / MSA

STRANDGATA 49 -
Gránufélagshús

Á lóðinni standa hús Gránufélags sem talin eru reist á árunum 1873-1885.

Þegar Gránufélagið keypti Oddeyrina af Þorsteini Daníelssyni árið 1870, stóðu þar aðeins tvö hús, Lundur og torfbær þar fyrir norðan (sjá Eiðsvallagötu 14 og Norðurgötu 31). Gránufélagið hafði aðalbækistöðvar sínar á Oddeyri frá upphafi og byrjað var að versla þar þegar haustið 1872, og var Lundur tekinn fyrir verslunina til bráðabirgða.

Strax árið 1871 hafði félagið uppi ráðagerðir um að reisa hús fyrir verslunina og var byrjað að safna grjóti í grunn húss. Vegna fjárskorts varð ekkert úr framkvæmdum að sinni. Sumarið 1873 keypti Tryggvi Gunnarsson 6 hús á Vestdalseyri við Seyðisfjörð, svonefnd Hvalfangarahús, fyrir Gránufélagsverslunina á Seyðisfirði. Eitt þeirra húsa var flutt til Oddeyrar og reist þar haustið 1873. Þetta hús stendur enn og er vestast Gránufélagshúsanna við Strandgötu. Það var upphaflega í eigu Örum og Wulff, sem hófu verslun á Vestdalseyri 1850. Húsið gæti því upphaflega verið reist fljótlega upp úr því.[25]

Á næstu árum reisti félagið fleiri hús fyrir verslunina og enn standa tvö hús austan elsta hússins og áföst því. Ekki er vitað nákvæmlega hvenær þau hús voru byggð, því ekki var sótt um leyfi til byggingarnefndar. Eins og komið hefur fram var Oddeyrin öll í eigu félagsins og utan kaupstaðarins og því þótti ekki ástæða til að sækja um leyfi fyrir byggingum á Oddeyri. Húsin eru hins vegar risin um 1883, því þau sjást á ljósmyndum sem talin er frá því ári. Á ljósmynd sem taldar eru frá árinum 1885 má hins vegar sjá, að austasta húsið í sambyggingunni hefur verið lengt til austurs um tvö gluggafög og stór miðjukvistur byggður á suðurhlið þaksins. Tveir litlir kvistir voru einnig vestan við miðjukvistinn þar sem nú er einn kvistur.

Í öllum aðalatriðum hefur húsasamstæðan haldið lögun sinni og útliti frá árinu 1885. Jón Chr. Stephánsson er talinn hafa staðið fyrir húsbyggingum Gránufélagsins.[26]

Gránufélagshúsin árið 1989. H.G.

Norðurhlið Gránufélagshúsanna árið 1989. H.G.

25 Sjá kafla 3.3. Stofnun Gránufélags.
26 Guðmundur Hannesson, *Iðnsaga Íslands;* 195

Þá keypti félagið árið 1876 hús af erfingjum Þórarins Stefánssonar í Skjaldarvík og var það flutt til Oddeyrar. Í ævisögu Þorsteins frá Skipalóni eftir Kristmund Bjarnason er þess getið að Þórarinn hafi keypt húsið í Noregi árið 1835. Þetta hús var sennilega reist norðan við verslunarhúsin sem tvílyft vörugeymsla, sem nú er löngu horfin. Samkvæmt fasteignamati árið 1939 brann hús á lóðinni og gæti það verið Skjaldarvíkurhúsið.

Engin lýsing er til á húsum Gránufélagsins fyrr en árið 1917 er húsin voru virt til brunabóta. Reyndar hafði Gránufélagið þá hætt starfsemi og húsin komin í eigu Hinna sameinuðu íslensku verslana.

Samkvæmt virðingunni stóðu 4 hús á lóðinni.

a. *Íbúðar- og verslunarhús, einlyft með kvisti og háu risi á lágum grunni. Á gólfi við framhlið voru 3 stofur og forstofa. Við bakhlið voru 2 stofur, eldhús, búr og geymsla. Á lofti voru 7 íbúðarherbergi og geymsla og lítill skúr við bakhlið. Í húsinu voru 2 skorsteinar. Veggir voru timburklæddir, en þak var járnklætt. Húsið var virt á kr. 14.000.*
b. *Áfast við ofannefnt hús var sölubúð og vörugeymsluhús þrílyft með lágu risi á lágum steingrunni. Á gólfi var sölubúð þvert yfir húsið en á loftinu vörugeymsla. Veggir voru timburklæddir, en þak járnklætt. Virt á kr. 9000.*
c. *Vörugeymsluhús, einlyft á lágum steingrunni með háu risi. Veggir voru klæddir timbri, og sömuleiðis þak. Húsið var virt á kr. 4000.*
d. *Vörugeymsluhús tvílyft með háu risi á lágum steingrunni. Veggir voru timburklæddir, en þak var pappaklætt. Virt á kr. 8000.*
e. *Gripahús og safngryfja einlyft með lágu risi á lágum grunni. Húsið var steinhús, með járnklæddu þaki. Virt á kr. 800.*
f. *Timburskúr, einlyftur með höllu þaki. Veggir og þak voru timburklædd. Virt á kr 200.*[27]

Fasteignamati frá sama tíma ber saman við þessa virðingu, en að auki er tekið fram þar að húsin séu öll, a-f, reist á árun-

Gránufélagshúsin séð til austurs árið 1986. H.S.

27 Brunabótafélag Íslands, Akureyrarumboð; *Virðingabók I;* 250

um 1876-1885. Þar er einnig tekið fram að „engin sérstaklega afmæld lóð fylgir eignum þessum, en eigendur húsanna eiga mestan hluta allrar Oddeyrarinnar." Þó er lóðin sem húsin standa á, um 1000 m², virt með húsunum og auk þess bryggja.[28]

Árið 1912 var rekstri Gránufélagsins hætt og við tóku Hinar sameinuðu íslensku verslanir. Ragnar Ólafsson kaupmaður eignaðist húsin 1926, en árið 1939 keyptu tveir járnsmiðir, Gunnlaugur S. Jónsson og Jón Þorsteinsson, húsin af dánarbúi Ragnars Ólafssonar. Fjórum árum síðar tók Vélsmiðjan Oddi til starfa í húsunum rak þar starfsemi sína til ársins 1993. Til eru mælingarteikningar af húsunum frá árinu 1939.

Að frumkvæði bæjarstjórnar voru Gránufélagshúsin friðuð í B-flokki samkvæmt Þjóðminjalögum árið 1982. Árið 1992 var hafin viðgerð á húsunum með tilstyrk Húsafriðunarnefndar ríkisins og eftir leiðsögn Finns Birgissonar arkitekts. Árið 1993 seldi Vélsmiðjan Oddi húsin Alfreð Gíslasyni og Sigurði Sigurðssyni byggingameistara sem hafa haldið áfram endurbótum. Í húsinu er nú veitingarekstur og skrifstofur.

Menningarsögulegt gildi þessara húsa hefur verið staðfest með friðun þeirra. Enn fremur hafa þau varðveislugildi sem mikilvægur hluti af byggðinni við Strandgötu og eitt helsta kennileiti á eyrinni.

Þess skal getið sérstaklega, að vestasta húsið var upphaflega með spónaþaki. Það er reyndar enn á húsinu en nú hulið þakefnum sem sett voru yfir það. Spónaþakið sést þó að innan, úr veitingasalnum. Ysta klæðning þaksins var úr þunnum hreisturslaga tréflögum, sem lagðar voru á sama hátt og steinskífurnar, sem algengari eru nú á dögum. Spónaþök voru algeng á Íslandi á seinni hluta 19. aldar en nú virðist sem Gránufélagshúsið sé eina hús hérlendis sem enn er með slíkt þakefni þó ekki sé það sýnilegt að utan.

28 Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Akureyrarkaupstað 1916-18; 96-97.



Gránufélagshúsin. Efri teikningin sýnir húsin eins og þau voru um 1885. (Eftir ljósmynd). Neðri teikningin er tillaga að endurbættri framhlið. Teikning Finns Birgissonar arkitekts frá 1992.

HJALTEYRARGATA 1

Árið 1927 fékk Einar Einarsson leyfi til að byggja tvílyft hús. Í bókun byggingarnefndar kemur fram að húsið yrði innréttað sem íbúðarhús síðar. Það var gert 1929.

Húsið er tvílyft hús úr steinsteypu, á lágum grunni með háu risi. Í því er fjórar íbúðir. Við húsið var einlyft skúrbygging sem nú hefur verið rifin.

Hjalteyrargata 1 er ekki talið hafa varðveislugildi.

Hjalteyrargata 1 árið 1989. H.G.

LUNDARGATA 1

Árið 1891 fékk Sigtýr Jónsson timburmaður mælda út lóð fyrir hús. Í útmælingunni er talað um að húsið eigi að standa í línu við „fyrirhugaða götu“ [29] og er þar átt við Lundargötu. Lóðin var leigulóð frá Gránufélaginu.

Ári síðar er Sigurði Sveinssyni leigð lóð sem sögð er viðauki norðan við lóð Sigtýs. Sigurður reisir þar hús.

Lóð hans er stækkuð árið 1894. Árið 1916 eru samkvæmt brunavirðingu tvö hús á lóðinni: Nyðra húsið er íbúðarhús úr steini, einlyft með porti og risi, við bakhlið er skúr. Sunnan við það er íbúðarhús úr timbri.

Árið 1932 var byggt á þessari lóð einlyft verkstæðishús með hallandi þaki og sex árum síðar leyfð breyting á ölgerðarhúsi. Húsið við götuna er einlyft timburhús portbyggt með lágu risi. Vestur úr húsinu er stór skúrbygging úr timbri en með steinvegg að norðanverðu. Bæði húsin eru í vanhirðu.

Lundargata 1 er ekki talið hafa varðveislugildi. Framhúsið er þó hluti af götumynd Lundargötu og gæti fengið aukið gildi ef byggðin yrði endurbætt. Bakhúsið er til lýta og ætti að hverfa.



Lundargata 1 árið 1989. H.G.

29 Byggingarnefnd Akureyrar, fundargerð 22. sept. 1891.

LUNDARGATA 2

Húsið var upphaflega reist árið 1882, litlu sunnar en það er nú, á lóðinni Strandgötu 23 og sneri það þá framhlið til suðurs. Jósef Jóhannesson, járnsmiður, fékk þá lóð á leigu árið 1879 og byggði sér hús sama ár. Norðmaðurinn Oules Hausken eignaðist það árið 1883 (sjá Strandgata 23).

Húsið sést á ljósmyndum frá 1895 og 1897. Það sker sig frá öðrum húsum í útliti. Helsta einkenni þess er þá stór kvistur eða turn, flatur að ofan. Á turninum eru tvær gluggaraðir, tveir neðri gluggarnir af sömu stærð og aðrir gluggar í húsinu en hinir efri minni.

Árið 1902 fékk Medúsalem Jóhannsson leyfi til að „flytja hið svokallaða Hauskens hús, sem hann nú er eigandi að og setja það parallelt með Lundargötu ...“ [30] Skömmu áður hafði Medúsalem fengið leyfi til að flytja skúr norðar á lóðina. Á kortinu frá því um aldamótin er sýnt hús á lóðinni við Strandgötu og annað hús sem virðist snúa eins þar fyrir norðan, og gætu þetta verið íbúðarhúsið og skúrinn. Fjórum árum síðar er komið stærra hús á lóðina við Strandgötu og húsið við Lundargötu stendur í línu við húsin norðan við það. Norður úr húsinu er langur skúr. Við þessa flutninga varð lóðin Lundargata 2 skilin frá Strandgötu 23.

Árið 1916 var Pétur Pétursson eigandi hússins. Það var sagt einlyft timburhús með porti og kvisti og á kjallara. Við bakhlið er hússins var skúr, sem var stækkaður árið 1939.

Húsið sem enn stendur hefur haldið megineinkennum sínum. Veggir eru klæddir með listasúð en á þaki er bárujárn. Inngöngudyr eru á miðri framhlið og yfir þeim er bjór með nýklassískum stíl. Nýlega hafa farið fram endurbætur á húsinu, gluggar og klæðning lagfærð. Kvistur eða turn á framhlið er að mestu óbreyttur. Í húsinu er ein íbúð.

Húsið hefur varðveislugildi sem hluti af byggðinni við Lundargötu. Enn fremur gefur aldur þess og sérkennilegt útlit húsinu aukið gildi.

Lundargata 2 árið 1989. H.G.

Lundargata 2. Tillaga að endurbættri framhlið. Teikning Finns Birgissonar frá 1993.

30 Bygginganefnd Akureyrar, fundargerð 6. júní 1902.

LUNDARGATA 3

Lóðin var mæld út árið 1894 og Bergvini Bergvinssyni og Sigurði Jónatanssyni leyft að reisa þar hús. Húsinu virðist frá upphafi hafa verið skipt í nyrði- og syðrihluta og voru jafnan tveir eigendur að húsinu síðan.

Árið 1917 var það virt til brunabóta og er þá sagt einlyft timburhús með porti og risi, þak var pappaklætt. Þá voru eigendur Katrín Guðmundsdóttir að syðri hluta og Aðalsteinn Stefánsson að þeim nyrði.

Við suðurenda hússins er einlyft viðbygging reist 1947, sem klædd er utan bárujárni. Til suðurs er eldvarnarveggur járnklæddur, sem var milli þessa húss og norðurhluta Lundargötu 1, sem nú er horfinn. Syðri hluti gamla hússins er sömuleiðis járnklæddur en nyrði hluti hússins er klæddur pappa á veggjum. Þakið er klætt bárujárni. Á vesturhlið eru tveir kvistir. Á framhlið suðurhluta er inngönguskúr. Baklóð er skipt með girðingu og er skúr austast á nyrði lóðinni. Í húsinu eru tvær íbúðir.

Húsið er ekki talið hafa varðveislugildi nú en með endurbótum gæti gildi þess aukist.



Lundargata 3 árið 1989. H.G.

Lundargata 3, bakhlið, árið 1989. H.S.

LUNDARGATA 4

Lóðin var mæld út árið 1897 og leigð Baldvini Jónssyni sem reisti þar hús. Húsið sem nú er horfið var einlyft timburhús með porti, kvisti og risi. Árið 1916 var það timburklætt og með timbri á þaki.

Tveir eigendur voru þá að húsinu, Jón Baldvinsson átti syðri hluta og Hallgrímur Jónsson járnsmiður þann nyrði. Á baklóð suðurhluta var geymsluskúr en á norðurhluta var smiðja úr steini.

Lóðin er nú óbyggð og notuð sem barnaleikvöllur.

Austast á lóðinni er þó skúrbygging sem notuð er sem verkstæði.

LUNDARGATA 5

Árið 1895 var þeim Sigtryggi Þorgrímssyni og Jónasi Eiríkssyni leyft að reisa hús við Lundargötu. Húsið virðist frá byrjun hafa verið tveir eignarhlutar og þegar það var virt til brunabóta 1917 var Halldór Friðjónsson eigandi að norðurhluta en Jakob Jóhannesson að syðri hlutanum.

Húsið var þá einlyft með porti og risi, veggir voru timburklæddir og þak klætt pappa. Árið 1926 var húsið virt að nýju og hefur þá verið hækkað um eina hæð. Þá var skúr við bakhlið hússins. Halldór Friðjónsson var þá einn eigandi að húsinu.

Húsið er nú að mestu leyti eins, þó hafa inngönguskúr við suðurgafl og anddyri verið byggð við húsið síðar. Húsið er klætt utan með álklæðningu bæði á veggjum og þaki og póstar hafa verið teknir úr gluggum. Húsið er í góðri hirðu en þó er yfirbragð þess nokkuð breytt vegna gluggabreytinga og nýrrar klæðningar. Í húsinu er ein íbúð.

Lundargata 5 er ekki talið hafa varðveislugildi. Með endurbótum á húsinu og umhverfinu gæti gildi þess aukist.

Lundargata 5 árið 1989. H.G.

LUNDARGATA 6

Árið 1897 reisti Björn Ólafsson frá Dunhaga hús við Lundargötu. Samkvæmt brunabótavirðingu frá 1916 var húsið þá í eigu Hinna sameinuðu íslensku verslana, arftaka Gránufélagsins sem áður átti húsið. Það er einlyft hús með porti, risi og kvisti. Veggirnir voru þá timburklæddir en járn var á þaki. Árið 1931 fékk þáverandi eigandi, Tryggvi Jónatansson, leyfi til að byggja verkstæðisbyggingu, smiðju, úr r-steini á baklóðinni.

Bæði húsin standa enn. Íbúðarhúsinu hefur nýlega verið breytt, þak hækkað . Húsið er klætt utan með steinblikki. Í húsinu er ein íbúð. Verkstæðisbyggingin stendur nyrst á lóðinni og að lóðamörkum á þrjá vegu. Gluggar eru einungis á vesturhlið. Þar er iðnaður.

Lundargata 6, þ.e. framhúsið, er mikilvægt fyrir götumyndina og umhverfisheildina og hefur því varðveislugildi.

Lundargata 6 árið 1993. H.R.S.



Lundargata 6, bakhús, árið 1989. H.G.

LUNDARGATA 7

Árið 1895 fékk Ólafur Jónatansson leyfi til að byggja íbúðarhús á lóð sem hann leigði af Gránufélaginu. Tveimur árum síðar var honum leyft að byggja smiðju fyrir vestan íbúðarhúsið. Árið 1913 var honum leyft að rífa bakskúr, sennilega er hér átt við smiðjuna, og byggja steinsteypta smiðju. Sá hluti hússins hefur verið nefndur Svartiskóli.

Þegar byggingarleyfi var veitt bókaði byggingarnefnd að hún áliti að smiðjan:

> *... standi haganlegast fyrir norðan hús Guðjóns Steinssonar, steinhúsið sem stendur á milli tveggja gatna og verður þá smiðjan rétt við síkið ,sem seint mun fyllast upp og verður nefndin [þ.e. byggn.] að álíta að slíkt sé heppilegt.*[31]

Samkvæmt virðingu frá 1916 var íbúðarhúsið einlyft með porti og risi, veggir voru timburklæddir og þak klætt pappa. Smiðjan sem stóð norðan við húsið var einlyft með háu risi, skipt í tvennt. Smiðjan var steinsteypt og þak járnklætt.

Húsinu hefur síðan verið allmikið breytt. Austurhluti hússins, elsti hluti þess, er einlyft timburhús með risi. Árið 1931 var skúr við vesturhlið hússins hækkaður. Þá var eigandi hússins Ólafur Benjamínsson. Vestur úr húsinu hafa verið gerðar miklar viðbyggingar. Árið 1946 var byggt hús norðvestan við húsið, með aðkomu frá Gránufélagsgötu. Húsið var reist af þvottahúsinu Þvotti h/f. Það er steinsteypuhús með valmaþaki, klæddu bárujárni, og byggt eftir teikningum Tryggva Jónatanssonar. Aðkoma að því er frá Gránufélagsgötu. Þetta hús tengist elsta hluta hússins við Lundargötu með einlyftri viðbyggingu. Árið 1951 var húsið komið í eigu Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna, sem breytti því í samkomuhús, Alþýðuhúsið, eða Allinn eins og það var jafnan kallað. Voru þá gerðar ýmsar breytingar á húsinu, bæði innréttingum og gluggum. Alþýðuhúsið var selt Félagi aldraðra, sem rekur þar félagsheimili.

Lundargata 7 árið 1989. H.G.

31 Bygginganefnd Akureyrar, fundargerð 18. janúar 1897.

Húsasamstæða þessi er hið mesta klúður. Elsta húsið, sem stendur við Lundargötu, er klætt utan steinblikki. Það er í lélegri hirðu og vesturhlutinn sem hefur verið hækkaður og stækkaður fellur illa að upphaflegri gerð hússins. Tengibygging við steinhúsið við Gránufélagsgötu þrengir svo að húsinu að ekki er hægt að gera ráð fyrir að það nýtist sem íbúðarhús framar. Götuhliðin að Lundargötu fellur hins vegar vel að heildarmynd götunnar og er fremsti hluti hússins þess vegna talinn hafa varðveislugildi. Viðbyggingarnar eru til lýta.Byggingar þessar eru mjög sláandi dæmi um það hvernig þrengt hefur verið að gömlu húsi, og það nánast dæmt úr leik vegna síðari tíma viðbygginga.



Lundargata 7 bakhús árið 1989. H.G.

LUNDARGATA 8

Árið 1898 fengu þeir Jóhann Ólafsson og Sigurður Kristjánsson útmælt fyrir húsi. Húsinu virðist strax hafa verið skipt í tvo eignarhluta, norður- og suðurhluta.

Árið 1916 var húsið virt til brunabóta og var þá sagt einlyft timburhús, á kjallara, með portbyggðu risi og kvisti. Veggir voru þá timburklæddir að utan, en járn á þaki. Árið 1926 var leyft að gera kvist á austurhlið.

Húsið er nú óbreytt að mestu leyti, þó hefur það verið klætt utan steinblikki. Kvistir eru á miðri vesturhlið og annar á austurhlið. Við báða gafla eru tröppur og inngönguskúrar. Húsið er mjög vel hirt og mikilvægt fyrir götumyndina og hefur því ótvírætt varðveislugildi. Í húsinu eru tvær íbúðir.

Lundargata 8 árið 1989. H.G.

LUNDARGATA 9

Árið 1898 reisti séra Pétur Guðmundsson frá Grímsey hús við Lundargötu. Húsið var samkvæmt virðingu 1916 einlyft timburhús á kjallara, portbyggt með kvisti og risi. Þakið var járnklætt. Hallgrímur Péturssson var þá eigandi hússins og hafði bókbandsstofu í húsinu.

Húsið hefur haldið lögun sinni, kvistur á framhlið gengur í gegnum húsið. Húsið hefur verið múrhúðað að utan og hæfir sá frágangur illa gerð hússins. Einnig hefur gluggum verið breytt. Húsið er hluti af samstæðri heild húsa við götuna og hefur því varðveislugildi þrátt fyrir að það er í vanhirðu. Í húsinu er ein íbúð.



Lundargata 9 árið 1989. H.G.

LUNDARGATA 10

Árið 1894 fékk Jakob Jónsson frá Grísará lóð á Oddeyri. Lóðin var miðuð við hús Snorra Jónssonar, Norðurgötu 11, og Hauskenshús, Strandgötu 23. Húsið átti að standa „fyrir vestan lækinn sem rennur ofan Oddeyrina“ [32]. Á korti frá aldamótum sést að kvísl eða lækur sem rann til suðausturs hefur verið á bakvið húsið. Lækurinn hefur runnið til sjávar rétt vestan við Strandgötu 27. Á kortinu sést ennfremur að lækurinn hefur sveigt til vesturs norðan við hús Jakobs.

Þremur árum eftir að hús Jakobs var reist var leyft að byggja hús austan við það sem skyldi standa í línu við suðurgafl Jakobshússins. Á kortinu frá árinu 1900 er annað hús á lóðinni þó ekki standist það á við suðurgafl hússins við götuna. Árið 1903 var Frímann Jakobsson orðinn eigandi hússins og fékk hann þá leigusamning fyrir lóðinni. Er húsið var virt árið 1916 var Gunnar Guðlaugsson smiður eigandi beggja húsanna. Íbúðarhúsið var einlyft timburhús á steingrunni, portbyggt með risi og kvisti. Geymsluhús úr timbri með einu íbúðarherbergi, stóð austan við íbúðarhúsið, meðfram Gránufélagsgötu. Það var einlyft timburhús með risi.

Lundargata 10 árið 1989. H.S.

32 Byggingarnefnd Akureyrar, fundargerð 26. apríl 1894.

Geymsluhúsinu var breytt í íbúðarhús og telst nú vera Gránufélagsgata 21. Íbúðarhúsið var hins vegar flutt að Lundargötu 17 árið 1920.

Árið 1920 hóf Gunnar að byggja nýtt hús á lóðinni. Virðist húsið hafa verið einlyft í fyrstu en árið 1924 var honum leyft að hækka það um eina hæð. Eftir þá breytingu var húsið virt og þá sagt vera tvílyft með lágu risi. Við austurhlið var einlyft útbygging með porti og risi. Þar var trésmíðaverkstæði.

Húsið hefur sennilega fengið endanlega mynd sína við breytingarnar 1924. Aðalhúsið var þá með háu risi og valmar á báðum göflum. Á austurhlið var kvistur. Útbyggingin austan við það var hornrétt á framhúsið og með brotnu þaki, „mansard". Í kverkinni milli húsanna var inngönguskúr. Húsið var klætt utan með járni með steinmynstri, (tvær mynsturgerðir), en bárujárni á þaki.

Lundargata 10 var lengst af íbúðarhús með einni íbúð. Um langt skeið var þar þó félagsheimili skáta og nefnt Gunnarshólmi eftir fyrsta eigandanum.

Húsið brann í febrúar 1990 og var rifið skömmu síðar.

Húsið var nokkuð frábrugðið öðrum húsum í götunni, það var stærra og margbrotnara og þakgerð þess var óvenjulegt.

Lundargata 10 árið 1989. H.S.

LUNDARGATA 11

Árið 1898 fékk Jón Guðmundsson skósmiður leyfi til að byggja hús á lóð sem hann hafði fengið hjá Gránufélaginu. Húsið var virt árið 1917 og þá sagt einlyft með porti og risi, þakið járnklætt.

Húsið er lítið breytt frá fyrstu tíð. Þó hefur það verið klætt utan með steinblikki en á þaki er bárujárn. Á framhlið er miðjukvistur. Inngangur er á miðri þeirri hlið og tröppur út á gangstétt. Gluggar á neðri hæð eru breyttir, þar hafa póstar verið teknir úr. Við vesturhlið er inngönguskúr. Húsið er í góðu lagi og er mikilvægt fyrir heildina og hefur því varðveislugildi. Í húsinu er ein íbúð.

Lundargata 11 árið 1989. H.S.

LUNDARGATA 12

Árið 1927 fékk Iðnaðarmannafélag Akureyrar leigða lóð fyrir funda- og skólahús. Sveinbjörn Jónsson byggingameistari gerði teikningar af húsinu og er það hlaðið úr r-steini sem Sveinbjörn framleiddi.

Ári síðar var húsið risið og þá virt til brunabóta. Húsið var þá sagt einnar hæðar, á lágum grunni, með háu risi og tveimur kvistum, annar í austur en hinn á vesturhlið. Það var úr steini og þakið var klætt steinsteyptum skífum. Á neðri hæð hússins voru 3 stofur, auk forstofu og salernis, en í risi var fundarsalur, og stofa.

Húsið stendur enn en því hefur verið breytt nokkuð. Skífa er horfin af þaki en í stað komið bárujárn. Gluggum hefur verið breytt, kvisti á framhlið hefur verið breytt, þekja rofin og gerðar svalir framan við kvistinn.

Iðnskólinn var kvöldskóli sem iðnaðarmannafélagið rak. Gagnfræðaskóli Akureyrar var stofnaður í húsinu árið 1930 og haldinn þar til ársins 1943 er nýtt hús hafði verið byggt við Laugagötu. Iðnskólinn flutti með Gagnfræðaskólanum. Eftir það eignaðist Hvítasunnusöfnuðurinn húsið og höfðu þar samkomustað sinn. Nú hefur húsinu verið breytt í íbúðarhús.

Lundargata 12 er sérkennilegt hús. Saga þess er sérstök og lögun hússins og byggingartækni með persónulegu svipmóti Sveinbjarnar Jónssonar. Húsið er í góðri umhirðu, en betur hefði mátt varðveita sérkenni hússins en raun hefur orðið á.

Lundargata 12 árið 1989. H.G.

Iðnskólinn, Lundargöta 12. V.S. / MSA





Lundargata 12, grunnmynd, teiknuð eftir frummynd Sveinbjarnar Jónssonar frá 1927. Byggingafltr. á Ak. / H.S.

LUNDARGATA 13

Árið 1898 fékk Runólfur Jónsson frá Sauðárkróki leyfi til að byggja hús á leigulóð Gránufélagsins.

Húsið sem þar reis var virt árið 1917 og var þá sagt einlyft íbúðarhús á kjallara, með portbyggðu risi og kvisti. Húsið sem enn stendur hefur að að mestu haldið lögun sinni. Við suðurgafl eru steyptar tröppur og pallur fyrir suðvesturhorn hússins. Við vesturhlið er tvílyftur inngönguskúr. Húsið hefur verið múrhúðað að utan, og póstar hafa verið fjarlægðir úr gluggum. Þak er járnklætt. Í húsinu er ein íbúð.

Húsið er hluti af heild, gefur umhverfinu svip og hefur því varðveislugildi. Breytingar á ytra útliti eru þó til lýta. Það er að gerð sem er algeng í elsta hluta Oddeyrarinnar.

Á norðurlóðamörkum, bak við íbúðarhúsið, stendur geymsluhús, sem er sambyggt geymsluhúsi á lóðunum Lundargötu 13B og Fróðasundi 4. Vestar á lóðinni er húsið Lundargata 13B.

Lundargata 13 árið 1989. H.G.

LUNDARGATA 13B

Húsið stendur á baklóð Lundargötu 13. Þar fékk Björn Jónsson leyfi til að setja niður heyhlöðu. Ingibjörg Sigurgeirsdóttir lét breyta hlöðunni í íbúðarhús árið 1926. Eftir þá breytingu var húsið virt og sagt einlyft á lágum grunni, með portbyggðu risi. Í húsinu var einungis ein stofa, eldhús og forstofa. Húsið var stækkað árið 1936, en þá var byggður einlyftur skúr úr steinsteypu við vesturhlið hússins. Um 1991 var skúrinn stækkaður svo hann náði eftir allri vesturhliðinni. Eldri hluti hússins er klæddur utan sléttu járni, en þakið bárujárni. Í því er ein íbúð. Viðbyggingin norðan við húsið er til lýta, en við endurbætur gæti gildi framhússins aukist.



Lundargata 13 B árið 1989. H.G.

LUNDARGATA 15

Húsið reisti Jósep Jónsson árið 1898, en þremur árum síðar var honum leyft að lengja það til norðurs. Húsið var virt árið 1917. Það var þá einlyft timburhús á kjallara, með porti og risi. Þak var pappaklætt. Þá stóð gripa og geymsluhús á lóðinni vestan við íbúðarhúsið.

Árið 1925 var Jósep leyft að hækka húsið um eina hæð og hefur það þá fengið þá lögun sem það enn hefur. Samkvæmt virðingu árið 1927 er það tvílyft með lágu risi á steinsteypukjallara og virðist því hafa verið gerður nýr kjallari undir húsið. Veggir voru klæddir pappa en þak járni. Húsið er nú klætt steinblikki og gluggum hefur verið breytt. Inngangur er á framhlið og eru steintröppur að götu. Í því eru tvær íbúðir. Geymsluhús er horfið af lóðinni.

Húsið, sem er látlaust og einfalt, fellur vel að götumynd og hefur varðveislugildi sem hluti af henni.

Lundargata 15 árið 1989. H.G.

Lundargata 17 árið 1989. H.G.

LUNDARGATA 17

Árið 1920 var Jóhanni Scheving leyft að flytja lítið timburhús á lóðina. Húsið hafði áður staðið á lóðinni Lundargötu 10.

Húsið var virt árið sem það er flutt. Það er þá í eigu tveggja manna, Jóhanns Jóhannessonar Scheving og Jóhannesar Björnssonar. Það er sagt einlyft íbúðarhús á kjallara, með portbyggðu risi. Veggir og þak var klætt með timbri og pappa. Þremur árum síðar var Jóhanni leyft að byggja skúr við norðurgafl hússins.

Húsið hefur með breytingum gegnum árin fengið svolítið sérstakt útlit. Að hluta til er það einlyft timburhús á kjallara með portbyggðu risi en norðan við það var byggð einlyft viðbygging árið 1937. Samtímis var norðurhluti þaksins á eldra hússinu lyft og er húsið því tvílyft að hluta. Húsið er allt múrað að utan og er erfitt að greina skil eldra húss og viðbyggingar. Inngangur er á austurhlið og eru steintröppur að götunni. Við vesturhlið er inngönguskúr. Í húsinu eru tvær íbúðir.



Lundargata 17, bakhús, árið 1989. H.G.

Vestar á lóðinni er einlyft bakhús, reist 1926, með hallandi þaki, klæddur utan sléttu járni. Í honum er íbúð.

Húsið er hér ekki talið hafa varðveislugildi, gildi þess fyrir götumyndina gæti aukist með endurbótum.



Fróðasund 3 árið 1989. H.G.

FRÓÐASUND 3

Árið 1925 fékk Jónas Hallgrímsson leyfi til að reisa íbúðarhús eftir teikningu Tryggva Jónatanssonar. Húsið var upphaflega einlyft steinhús á lágum grunni, með risi og járni á þaki. Árið 1966 voru gerðir kvistir á húsið. Á suðurhlið er stór kvistur sem nær nánast eftir allri þekjunni, og annar minni á norðurhlið. Við norðurhlið er viðbygging og bílskúr áfastur við austurgafl hússins.

Húsið er lítið steinhús, af þeirri gerð sem algeng er á Oddeyri og lætur lítið yfir sér. Húsið hefur í upphafi verið lítið og látlaust en kvistirnir og viðbygging bera það ofurliði. Húsið er ekki talið hafa varðveislugildi en með endurbótum gæti gildi þess aukið.

Í húsinu er ein íbúð.







Fróðasund 3. Teikningar gerðar eftir frumteikningum Tryggva Jónatanssonar frá 1925. Byggingaflt. á Ak. / H.S.

FRÓÐASUND 4

Á lóðinni stendur tvílyft steinsteypuhús með valmaþaki.

Suðaustan við húsið er einlyft viðbygging sem er sambyggð skúrum á lóðunum Lundargötu 13 og 13B. Vestan við húsið hefur einlyftur steinskúr verið áfastur því. Upphaflega var verslun á hluta neðri hæðar en nú eru tvær íbúðir í húsinu. Húsið er í góðri hirðu og snyrtilegt.



Fróðasund 4 árið 1989. H.G.

FRÓÐASUND 9

Húsið er einlyft með tveim íbúðum, reist árið 1929 af Sigurgeiri Jónssyni eftir teikningu Halldórs Halldórssonar. Það er hlaðið úr r-steini á kjallara, með háu risi og járnklæddu þaki. Á miðri vesturhlið er stór kvistur og annar á austurhlið, sem var upphaflega minni en var stækkaður 1981. Aðalinngangur er á vesturhlið sem snýr að Lundargötu, en annar inngangur á austurhlið. Á lóðinni er lítið hús, sennilega áður garðhús eða leikhús barna, „dúkkuhús".

Húsið fellur ágætlega að götumyndinni og er talið hafa varðveislugildi. Húsið er í góðri hirðu og virðist gott hús. Í garðinum er mikill trjágróður.



Fróðasund 9 árið 1989. H.G.









Fróðasund 9, eftir teikningum Halldórs Halldórssonar frá 1928. Byggingaflt. á Ak. / H.S.

FRÓÐASUND 10A

Húsið var flutt á lóðina árið 1944 en stóð áður á lóðinni Norðurgötu 9, þar sem það var reist árið 1898. Það er einlyft timburhús á kjallara, með risi. Við suðurhlið hússins eru steinsteyptar tröppur og inngönguskúr. Húsið er klætt utan með steinblikki. Í húsinu er ein íbúð. Húsið virðist í góðri umhirðu og snyrtilegt. Það hefur varðveislugildi sem hluti af heild.

Fróðasund 10 A árið 1989. H.S.

FRÓÐASUND 10B

Húsið var áður verkstæðishús og stóð á Oddeyrartanga, en var flutt á lóðina við Fróðasund árið 1946 af þeim Cæsari Hallgrímssyni og Aðalsteini Einarssyni. Það er

einlyft timburhús á lágum grunni með risi. Við suðurhlið er inngönguskúr og einlyftur steinsteypuskúr eftir allri austurhlið. Húsið er múrhúðað að utan. Í húsinu er ein íbúð. Sunnan við íbúðarhúsið stendur bílskúr reistur árið 1966.

Húsið er ekki talið hafa varðveislugildi.

Fróðasund 10 B árið 1989. H.G.

FRÓÐASUND 11

Húsið stóð áður á lóðinni Norðurgötu 7, en var flutt á lóðina við Fróðasund árið 1945. Það er einlyft timburhús á lágum grunni, með risi. Við vesturgafl eru steintröppur og pallur eða svalir við suðurhlið. Við austurgafl er viðbygging með skúrþaki frá 1954. Í húsinu er ein íbúð.

Húsið er nýviðgert og hefur útliti verið breytt töluvert þó húsið hafi haldið upphaflegu lagi sínu. Einkum hefur gluggum verið breytt og settir á það þakgluggar. Á austurgafli er stór gluggi. Húsið fellur vel að umhverfi sínu og hefur því varðveislugildi.



Fróðasund 11 árið 1989. H.G.

NORÐURGATA 1

Lóðin er byggð úr lóðinni Strandgötu 27. Árið 1899 keypti Jón Jónsson Borgfjörð söðlasmiður húsgrunn, en þá var hann eigandi skúrs sem hann hafði byggt í leyfisleysi á næstu lóð fyrir sunnan. (sjá Strandgötu 27A). Ári síðar var honum leyft að reisa pakkhús og verkstæði, en íbúðarhúsið sem nú stendur á lóðinni er byggt upp úr þessu húsi.

Árið 1916 var Vébjörg Árnadóttir eigandi hússins, sem var einlyft timburhús á kjallara, með háu risi. Þakið var pappaklætt. Vestan við það var fjárhús sem ekki var virt.

Húsið sem enn stendur hefur breyst töluvert frá fyrstu gerð. Árið 1921 var settur kvistur á austurhlið hússins og þá bókað í byggingarnefnd að þetta sé „pakkhús Jóns Borgfjörðs, sem alltaf er verið að breyta og endurbæta." Á austurhlið eru steintröppur og inngangur, en að vestan

Norðurgata 1 árið 1989. H.G.

er inngönguskúr. Húsið var áður klætt utan steinblikki en hefur nýlega verð klætt plasthúðaðri álklæðningu. Gluggum hefur einnig verið breytt. Við þetta hefur svipur hússins breyst töluvert til hins verra. Klæðningin er illa sett á og húsið í niðurníðslu. Þakið er klætt bárujárni og hefur verið lyft að hluta að vestanverðu. Húsið er ekki talið hafa varðveislugildi en með endurbótum gæti gildi þess aukist.
Í húsinu eru tvær íbúðir.

NORÐURGATA 2

Árið 1890 fékk Þorvaldur Guðnason leigða lóðina og leyfi til að byggja þar skúr. Sjö árum síðar reisti Þorvaldur hús á lóð sinni norðan við hús Snorra Jónssonar við Strandgötu. Byggingarnefnd ákvað stað fyrir húsin nr 2 og 4 samtímis, „fyrir austan þvergötuna út á Oddeyri“ [33] eins og Norðurgatan var þá nefnd. Talið er að Snorri hafi byggt húsin nr. 2, 4 og 6.[34]

Á næstu árum risu fleiri hús á lóðinni. Þorvaldur fékk leyfi til að byggja fjós fyrir austan íbúðarhúsið árið 1902 og nokkrum árum síðar byggði hann skúr. Árið 1911 byggði Sófanías Baldvinsson bakhús á norðurmörkum lóðarinnar en reyndar stóð húsið að hluta til inn á næstu lóð.

Árið 1916 var eignin virt til brunabóta og þá stóðu á lóðinni: Íbúðarhús, einlyft á kjallara, með porti og kvisti; veggir og þak voru járnklædd. Steinsteypt hús, einlyft með porti og risi, notað sem fjós, hesthús og hlaða. Þakið var járnklætt. Þriðja húsið var einlyftur geymsluskúr úr timbri. Íbúðarhúsið stendur ennþá, en hefur breyst frá því að þessi virðing var gerð. Húsið hefur verið klætt steinskífu og þakinu var lyft að austanverðu árið 1954. Tröppur eru við suðurgafl og austurhlið þar sem er inngönguskúr. Í húsinu eru tvær íbúðir.

Húsið er illa farið, en ákaflega sérstakt. Ásamt húsunum nr. 4 og 6 gefur það götunni sérstæðan svip og hefur því varðveislugildi. Steinskífurnar á húsinu eru mikilvægar. Á blaðsíðu 28 í þessari bók er gömul ljósmynd af húsinu sem sýnir það þegar það var sem fallegast.



Norðurgata 2 árið 1989. H.S.

Norðurgata 2 árið 1989, bakhlið. H.S.

33 Bygginganefnd Akureyrar fundargerð 22. mars 1897.
34 Eftir frásögn Jóhannesar Hermundssonar sem hefur þetta eftir föður sínum sem settist að á Akureyri um aldamótin.

Steinhúsið á baklóðinni er nú nýtt sem félagsheimili Lionshreyfingarinnar. Þar hóf Ríkisútvarpið á Akureyri starfsemi sína árið 1982. Bakhúsið er í góðri hirðu en er ekki talið hafa varðveislugildi.

NORÐURGATA 3

Húsið reisti Valdimar Gunnlaugsson skósmiður árið 1899. Tveimur árum síðar reisti hann skúr vestan við íbúðarhúsið.

Árið 1916 var húsið virt og var eigandi þess þá Þórarinn Jónasson. Íbúðarhúsið var sagt einlyft á kjallara, með portbyggðu risi og kvisti. Að utan var húsið járnklætt, bæði veggir og þak. Gripahús og hlaða voru einnig á lóðinni, einlyft timburhús með hallandi þaki.

Íbúðarhúsið hefur að mestu haldið lagi sínu og útliti. Þó hefur verið gerður stór kvistur á vesturhlið. Það er klætt bárujárni að utan. Inngangur er á miðri framhið og eru steintröppur að götu. Á miðri framhlið er kvistur. Á norðausturhluta lóðar er bílskúr. Húsið er í þokkalegu ástandi. Í því eru þrjár íbúðir.

Norðurgata 3 er myndarlegt hús og allsérstakt að gerð. Það er talið hafa varðveislugildi sem hluti af götumynd Norðurgötu, en ásamt húsunum nr. 2, 4 og 6 myndar það mikilvæga heild.

Norðurgata 3 árið 1989. H.G.

NORÐURGATA 4

Árið 1897 var mælt út fyrir tveimur húsum við Norðurgötu, nr 2 og 4. Ólafur Árnason og Jón Jónatansson reistu nyrða húsið, nr 4. Húsið sem enn stendur er einlyft timburhús á lágum kjallara, með portbyggðu risi. Á árunum 1936-37 var austurhluta þaksins lyft og byggður einlyftur skúr eftir allri hliðinni. Húsið er klætt utan með steinblikki en bárujárni á þaki. Í húsinu eru tvær íbúðir.

Húsið virðist illa farið, en er hluti af mikilvægri heild og samstæðri götumynd og hefur því varðveislugildi.



Norðurgata 4 árið 1989. H.G.

NORÐURGATA 5

Ekki er ljóst hvenær hús var reist á lóðinni.

Árið 1916 fékk Hallgrímur Árnason leyfi til að byggja gripahús úr steinsteypu á baklóðinni. Ári síðar voru hús Hallgríms virt og þá stóðu á lóðinni: íbúðarhús, einlyft timburhús með porti og risi, járnklætt með járnþaki, og gripahús, fjárhús og hlaða, einlyft hús úr steinsteypu.

Árið 1938 var reistur einlyftur skúr við vesturhlið hússins, af þáverandi eiganda Karli Hallgrímssyni.

Húsið var rifið skömmu fyrir 1980.

NORÐURGATA 6

Árið 1898 var Medúsalem Jóhannssyni leyft að reisa hús og í útmælingu byggingarnefndar segir að það sé hornhús við fyrirhugaða þvergötu norður af húsi Jóns Jónatanssonar. Þarna mun vera átt við Gránufélagsgötu, sem enn hafði ekki hlotið nafn. Aldamótaárið var Medúsalem leyft að byggja skúr bak við húsið.

Húsið var virt árið 1921 en þá var Sölvi Halldórsson eigandi þess. Það var sagt einlyft íbúðarhús úr timbri, á kjallara, og með porti, kvisti og risi. Við bakhlið var skúr, sennilega inngönguskúr. Í húsinu er nú ein íbúð.

Húsið hefur haldið öllum megineinkennum sínum í gegnum árin. Þó hefur það verið klætt utan steinblikki og póstar hafa verið teknir úr gluggum. Húsið er hluti af mikilvægri heild en þarfnast endurbóta. Það hefur varðveislugildi.

Húsaröðin nr. 6, 4 og 2 við Norðurgötu árið 1989. Sérkennileg hús og samstæð þótt þau séu raunar hvert með sínu sniði. H.S.

NORÐURGATA 6B

Á baklóð hússins Norðurgötu 6 stendur lítið íbúðarhús úr steinsteypu. Það var upphaflega geymsluhús sem Guðrúnu Jónsdóttur var leyft að breyta í íbúðarhús árið 1922. Húsið var virt árið 1927 og var þá sagt einnar hæðar steinsteypuhús, með porti og lágu risi.

Húsið stendur að austurmörkum lóðarinnar og er gengið að því frá Gránufélagsgötu. Húsið er mjög lítið, aðeins 115 rúmmetrar, í því er ein íbúð og því fylgir lítil lóð. Húsið hefur ekki varðveislugildi.

Norðurgata 6 B árið 1989. H.G.

NORÐURGATA 7

Á lóðinni stóð áður hús sem nú hefur verið flutt á lóðina Fróðasund 11. Ekki virðist vera til byggingarleyfi fyrir húsinu en talið er að Sigurður Sigurðsson verslunarmaður hjá Gránufélaginu, hafi byggt húsið skömmu fyrir 1880. Samkvæmt manntali 1877 bjó Sigurður í húsinu. Hann mun þó ekki hafa átt húsið lengi og 1890 bjó þar Karl Kristjánsson, utanbúðarmaður hjá Gránufélaginu. Húsinu mun ekki hafa fylgt lóð og því eignaðist Akureyrarbær lóðina þegar hann keypti Oddeyrina árið 1927.

Árið 1917 var húsið virt. Þá var það í eigu Bjarna Hjaltalín, en fyrri eigandi var sagður Hinar sameinuðu íslensku verslanir, sem voru arftaki Gránufélagsins.

Húsið var þá nefnt eftir eiganda sínum og kallað Hjaltalínshús. Samkvæmt virðingunni var húsið einlyft timburhús á steingrunni, með porti og risi. Inngönguskúr var við bakhlið þess. Húsið var flutt af lóðinni árið 1945, hún er nú óbyggð og notuð sem bílastæði.



Norðurgata 8, frumteikning Tryggva Jónatanssonar. Byggingaflt. á Ak.

NORÐURGATA 8
Esja

Árið 1933 reisti Axel Schiöth bakari söluturn á horni Gránufélagsgötu og Norðurgötu. Byggingarleyfið var aðeins veitt til

bráðabirgða. Teikningar að húsinu gerði Tryggvi Jónatansson. Samkvæmt fyrstu tillögum átti að vera turn með skrauti á húsinu en í síðari tillögu er þakið orðið einfaldara.

Húsið stendur enn og þar er nú verslunin Esja. það er einlyft timburhús á lágum grunni, með valmaþaki. Það er klætt utan steinblikki. Húsið er sérkennilegt og því er vel við haldið. Það hefur varðveislugildi sem hluti af merkri heild.

Norðurgata 8 árið 1989. H.G.

NORÐURGATA 9

Árið 1890 var Guðmundi Jónssyni, sem nefndur var Guðmundur Vonarformaður, mælt út fyrir húsi milli Karls Kristjánssonar, Norðurgötu 7, og Snorra Jónssonar, Norðurgötu 11. Í bókun byggingarnefndar kemur fram að húsið var flutt utan af Hjalteyri. Ári síðar var Guðmundi leyft að byggja pakkhús vestan við íbúðarhúsið.

Árið 1916 var húsið virt og þá sagt einlyft íbúðarhús á lágum steingrunni, með risi. Veggir og þak voru járnklædd að utan. þá var einnig virt geymslu- og gripahús á lóðinni. Húsið var flutt á lóðina Fróðasund 10A árið 1944. Lóðin er nú óbyggð og notuð sem bílastæði.

NORÐURGATA 10

Húsið Norðurgötu 10 reistu þeir Magnús Halldórsson og Jón Sigurðsson árið 1926. Húsið var virt nýbyggt ári síðar. Það var þá sagt tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lágum grunni, með háu risi og kvisti á framhlið (suðurhlið).

Húsinu hefur verið lítillega breytt síðan. Árið 1960 var settur stór kvistur á norðurhlið þess, og einnig hafa póstar verið fjarlægðir úr gluggum. Húsið hefur nýlega verið einangrað og múrhúðað að utan. Það virðist í mjög góðu ástandi. Á baklóð er skúr, sem stendur að norðurmörkum lóðar. Í húsinu eru 4 íbúðir. Húsið hefur varðveislugildi sem hluti af merkri heild.

Norðurgata 10 árið 1989. H.G.

NORÐURGATA 11

Árið 1883 fékk Snorri Jónsson sem þá var sagður skipasmiður lóð frá Gránufélaginu og var lóðin sögð „10 ál. út frá húsinu í norður og suður og í vestur svo sem beðið er um að síkinu (Fúlalæk)".[35] Ef kortið frá 1900 (sjá bls. 22) er athugað sést að lækurinn hefur runnið milli húsanna Lundargötu 10 og húss Snorra.

Samkvæmt útmælingunni virðist húsið vera risið en byggingarleyfi finnst ekki, en það er algengt með fyrstu hús á Oddeyri. Árið 1902 var Jóhannes Thorarensen eigandi hússins, en 1916 var Hermundur Jóhannesson orðinn eigandi þess. Húsið var þá virt og sagt tvílyft íbúðarhús á lágum steingrunni með lágu risi. Við bakhlið þess var inngönguskúr. Norðan við íbúðarhúsið einlyft timburhús með risi, sem notað var sem fjós og geymsla. Á baklóðinni var íbúðar- og iðnaðarhús sem talið var Gránufélagsgata 23.

Árið 1922 fékk Hermundur leyfi til að setja kjallara undir húsið. Var húsinu lyft og kjallarinn steyptur undir húsið en búið var í húsinu á meðan á framkvæmdum stóð. Eftir breytingarnar var húsið virt og þá sagt tvílyft timburhús á háum kjallara. Við þessar breytingar fékk húsið það lag sem það enn hefur. Það er að mestu óbreytt en þó hafa póstar í gluggum verið fjarlægðir. Húsið er klætt utan með steinblikki en á þaki er bárujárn.

Húsið virðist traust og gott hús, það er í góðri hirðu. Í því eru 4 íbúðir. Norðurgata 11 hefur varðveislugildi sem mikilvægur hluti þeirrar heildar sem byggðin við Norðurgötu er.



Norðurgata 11 árið 1989. H.G.

NORÐURGATA 12

Árið 1926 reisti Friðgeir Vilhjálmsson tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu með háu risi á lóðinni Norðurgötu 12. Tveimur árum síðar var leyft að setja kvist á suðurhlið.

Húsið er að mestu óbreytt en þó hefur gluggum verið breytt að hluta. Í húsinu eru þrjár íbúðir.



Norðurgata 12 árið 1989. H.G.

Norðurgata 12 er hluti af heild sem talin er hafa varðveislugildi. Húsið er sjálft ágætt dæmi um steinsteypuhús frá fyrsta skeiði steinsteypunnar á Oddeyri. Viðhald hússins mætti vera betra og betur hefði mátt huga að sérkennum hússins við allar endurbætur á því.

35 Hjskjs. Ak. og Eyf.: Fundarbók Gránufélagsins 1876-1907; 50.

NORÐURGATA 13

Árið 1886 var Þorvaldi Guðnasyni mælt út fyrir húsi milli húsa Snorra Jónssonar og Björns Jónssonar, sem nú teljast Norðurgata 11 og 15. Ekki er til lýsing á húsinu eins og það var í upphafi, en skömmu eftir aldamót mun húsinu hafa verið lyft og gerður undir það steinkjallari, líklega um svipað leyti og kjallarinn var steyptur undir Norðurgötu 11.

Árið 1916 var húsið virt til brunabóta en eigendur þess voru þá þau Gunnlaugur Gunnlaugsson og Þóra Guðnadóttir. Húsið var sagt einlyft íbúðarhús á kjallara, með portbyggðu risi. Þakið var þá pappaklætt. Við bakhlið hússins var geymsluskúr úr timbri. Á lóðinni stóð einnig gripa- og geymsluskúr úr timbri.

Húsinu hefur verið breytt lítillega síðan, þó að í megindráttum hafi það haldið lagi sínu. Að vestanverðu hefur norðurhluta þaks verið lyft. Eftir endilangri vesturhlið er einlyft viðbygging. Húsið er klætt utan með steinblikki, en á þaki er bárujárn.

Norðurgata 13 er snyrtilegt hús í góðri umhirðu. Í kjallara eru enn gamlir gluggar en öðrum gluggum hefur verið breytt þannig að póstar hafa verið fjarlægðir, og hefur húsið við það misst nokkuð af svip sínum. Í húsinu er ein íbúð. Norðurgata 13 hefur varðveislugildi sem hluti af heild.



Norðurgata 13 árið 1989. H.G.

NORÐURGATA 15

Húsið Norðurgata 15 var reist árið 1902 af bræðrunum Páli og Brynjólfi Jónssonum. Það er tvískipt þannig að norður- og suðurhlutar hafa verið séreignir.

Húsið er tvílyft timburhús á steinkjallara, það er klætt utan steinblikki og bárujárni á þaki. Við suðurhlið er einlyft viðbygging með flötu þaki, reist árið 1945. Suður- og vesturhliðar hennar eru steinsteyptar. Gluggar eru enn með krosspóstum en rammar hafa verið teknir burt.

Húsið virðist að mestu leyti í góðri umhirðu. Í því eru tvær íbúðir. Viðbygging að sunnan er til lýta.

Norðurgata 15 hefur varðveislugildi sem hluti af heild.

Norðurgata 15 árið 1989. H.G.

NORÐURGATA 16

Húsið reistu þeir Jóhann Þórðarson og Aðalsteinn Sigurðsson árið 1926, eftir teikningu Sveinbjarnar Jónssonar. Það er tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á kjallara með söðulþaki. (Á teikningum Sveinbjarnar var þó gert ráð fyrir valmaþaki.)

Húsinu er skipt í austur- og vesturhluta. Það virðist ekki vera í góðri umhirðu, veggir eru allsprungnir og gluggum hefur verið breytt frá fyrstu gerð. Í húsinu eru 4 íbúðir.

Norðurgata 16 stendur í húsaröð sem talin er hafa varðveislugildi. Húsið er þó mun stærra en önnur hús í röðinni og þótt það sé um margt áhugavert og sérkennilegt hús, þá verður að ekki til þess að styrkja heildina. Ástæða er til þess að hlúa að þessu húsi og halda því sem best við í samræmi við upphaflega gerð þess.

Norðurgata 16 árið 1989. H.G.

NORÐURGATA 17
Steinhúsið

Árið 1884 fór Þorsteinn Einarsson niðursuðumaður fram á það við Gránufélagið að fá keypta lóð undir steinhús, sem hann hafði þá byggt. Ári síðar fengu þeir Þorsteinn og Björn Jónsson lóðina keypta og er þá tekið fram að Þorsteinn eigi suðurhluta en Björn norðurpart húss sem þeir hafi þegar reist. Lóðin er sögð ná 5 ál. út frá húsinu á alla vegu.

Húsin eru í raun tvö, norður- og suðurhluti, hvort um sig sérstakt hús og ekki byggð samtímis. Hús Þorsteins er byggt 1882 en hús Björns tveim árum síðar. Eins og virðist hafa tíðkast á Oddeyri fengu þeir Þorsteinn og Björn lóðina keypta eftir að húsin höfðu verið reist. Þorsteinn Einarsson, blikksmiður og niðursuðumaður, sá er reisti syðri hluta hússins sem eldri er, rak niðursuðuverksmiðju í Lundi frá 1880. Hann flutti úr bænum 1886 og eignaðist Gránufélagið þá húsið. Síðari eigendur voru Hinar sameinuðu íslensku verslanir og Ragnar Ólafsson. Á seinni árum hafa eigendaskipti verið tíð.

Björn Jónsson prentari og ritstjóri átti sem fyrr segir norðurhluta hússins, sem jafnan var nefnt „stóra steinhús“. Björn



Norðurgata 16, grunnmyndir eftir frumteikningum Sveinbjarnar Jónssonar frá 1926. Byggingafilt. á Ak. /H.S.

bjó á efri hæð hússins, en á neðri hæð var prentsmiðja hans. Björn gaf út blaðið Fróða á árunum 1880-1887. Helgi sonur Björns tók við rekstri prentsmiðjunnar af föður sínum, en prentsmiðjan var í húsinu við Norðurgötu fram yfir 1940.

Húsin voru virt til brunabóta árið 1916 sem tvær eignir. Hús Björns Jónssonar var sagt tvílyft steinhús á háum kjallara, með háu risi. Á neðri hæð var prentsmiðja, skrifstofa og setjarastofa. Á efri hæð var íbúð, en á lofti geymsluherbergi. Við norðurenda hússins var geymsluskúr. Þakið var pappaklætt.

Syðra húsið var þá eign Hinna sameinuðu íslensku verslana. Það var sagt tvílyft íbúðarhús úr steini, á kjallara, með lágu risi. Við suðurgafl voru tröppur og skúr. Þakið var klætt pappa. Í húsinu voru þá tvær íbúðir. Virðingarverð húsanna er mjög ólíkt, nyrðra húsið var virt á kr. 6.800, hið syðra á 3.500.

Viðgerð á húsinu er í undirbúningi en bæjarstjórn fól þeim Þorsteini Gunnarssyni arkitekt og Ríkharði Kristjánssyni verkfræðingi að gera nákvæma áætlun um endurbætur hússins árið 1989.

Í húsinu eru nú fjórar íbúðir.

Norðurgata 17 var friðað í B-flokki samkvæmt þjóðminjalögum árið 1982 að ósk bæjarstjórnar Akureyrar.

Norðurgata 17 er eina húsið á Oddeyrinni og líklega eina húsið á allri Akureyri, sem hlaðið er úr blágrýti. Það er eina hús bæjarins sem byggt er með þessari tækni, þ.e. með veggi hlaðna úr grjóti, bundið saman með kalkmúr og fyllt í rifur að utan með sementsmúr. Þessa veggjagerð er hægt að rekja til Hegningarhússins í Reykjavík sem byggt var árið 1874 en aðferðin var þróuð áfram og fullyrða má að bygging Alþingishússins 1881 hafi hleypt lífi í steinhúsasmíð víða um land. Af steinhúsasmíðinni þróaðist steypuhúsagerð. Fyrst úr steyptum hleðslusteinum, síðar með mótasteypu. Norðurgata 17 er líklega eini hlekkur þessarar þróunarkeðju, sem finna má á Akureyri. Fullyrða má að Norðurgata 17 getur orðið mjög fallegt á að líta ef gert verður við húsið af natni og umhyggjusemi. Menningarsögulegt gildi hússins er mikið.



Norðurgata 17 árið 1989. H.S.







Norðurgata 17, eftir mælingarteikningum Þorsteins Gunnarssonar arkitekts. H.S.

NORÐURGATA 19

Árið 1920 fékk Árni Þorgrímsson leyfi til að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni. Svo virðist að leyft hafi verið að reisa aðeins eina hæð í bili. Þá er Árna einnig heimilað að reisa geymsluskúr til bráðabirgða.

Húsið var virt til brunabóta árið 1922 og var þá einlyft með lágu risi á lágum grunni.

Árið 1931 var Ingólfi Kristjánssyni leyft að hækka húsið um eina hæð, og hefur það þá fengið það útlit sem það enn hefur. Það er byggt samkvæmt teikningum Halldórs Halldórssonar.

Norðurgata 19 er tvílyft steinsteypuhús á lágum grunni, með háu risi. Reyndar liggur gólf neðri hæðarinnar líklega neðar en gangstéttin meðfram húsinu og orkar því tvímælis að segja húsið tvílyft. Sennilegt er hins vegar að gangstéttin hafi hækkað með árunum. Við vesturhlið hússins er tvílyft viðbygging með hallandi þaki. Gamlir gluggar eru enn í gluggum á efri hæð, en á þeirri neðri hafa póstar verið teknir burt. Húsið er í þokkalegri hirðu. Í húsinu eru tvær íbúðir. Norðurgata 19 hefur varðveislugildi sem hluti af heild.

Norðurgata 19 árið 1989. H.G.



Norðurgata 26 árið 1989. H.G.

NORÐURGATA 26

Húsið er reist árið 1926 af þeim Jóni Sigurðssyni smið og Magnúsi Halldórssyni eftir teikningum Sveinbjarnar Jónssonar. Í bókun byggingarnefndar er þess getið að húsið eigi að verða hornhús við fyrirhugaða götu. Það stendur þó ekki á horni, heldur er annað hús frá horni Norðurgötu og Eiðsvallagötu.

Norðurgata 26 er tvílyft steinsteypuhús á lágum grunni, með valmaþaki. Það er reist sem íbúðarhús fyrir tvær fjölskyldur og er skipt lóðrétt í tvo hluta. Tveir inngangar eru á suðurhlið og tveir á norðurhlið. Húsið er í góðri hirðu, sérkennilegir gluggar, sem sennilega hafa verið í því frá því það var byggt, gefa því sérstaklega heillegan svip. Í norðausturhorni lóðar er lítill skúr. Í húsinu eru tvær íbúðir. Húsið hefur varðveislugildi sem hluti af heild.



Norðurgata 26, grunnmynd. Eftir frumteikningu Sveinbjarnar Jónssonar frá 1926. Byggingafit. á Ak./ H.S.

NORÐURGATA 27

Á lóðinni stóð áður hús byggt 1905, af Þorvaldi Guðnasyni. Það hefur verið rifið. Lóðin er nú hluti af opnu svæði norðan Eiðsvallagötu og vestan Norðurgötu.

NORÐURGATA 28

Árið 1923 fékk Sigtryggur Sigurðsson frá Hrísey leyfi til að reisa einlyft timburhús við Norðurgötu. Árið eftir er Sigtryggi leyft að steinlíma útveggi hússins sem áður áttu að vera úr timbri. Líklega er með þessu átt við að húsið sé hlaðið og steinarnir lagðir í sementsmúr.

Húsið var virt árið 1925 og er þá talið einlyft íbúðarhús á kjallara, með portbyggðu risi.

Húsið virðist hafa haldið útliti sínu að mestu, þó hefur gluggum verið breytt. Við austurhlið þess er skúr, jafnhár húsinu, reistur 1939. Þakið er þá pappaklætt. Húsið er ekki í mjög góðri umhirðu. Í því eru tvær íbúðir. Lítill skúr er í suðausturhorni lóðar. Húsið hefur varðveislugildi sem hluti af heild.

Norðurgata 28 árið 1989. H.G.

NORÐURGATA 30

Árið 1923 var Árna Valdimarssyni og Sigurgeiri Jónssyni veitt leyfi til að reisa hús yst í Norðurgötu. Tekið er fram að húsið sé leigulóð frá Hinum sameinuðu íslensku verslunum og að hún sé úr túni Péturs Péturssonar. Það skilyrði er sett fyrir húsbyggingunni að húsið verði ekki hornbygging, en ekki er ljóst hvers vegna það var gert.

Húsið var virt til brunabóta ári síðar. Þá er því lýst þannig að það sé tveggja hæða íbúðarhús á lágum grunni, með lágu risi. Húsið er timburhús með pappa á þaki. Við norðausturhorn þess er steinsteyptur skúr.

Húsinu hefur verið breytt á síðustu

Norðurgata 30 árið 1993. H.R.S.

árum. Í stað steinblikks hefur húsið verið klætt utan með láréttri timburklæðningu og settir hafa verið í það sexrúðugluggar. Þessar breytingar hafa því miður ekki verið gerðar af nægum skilningi á sérkennum hússins og uppruna þess.

Húsið hefur varðveislugildi sem hluti af heild.

NORÐURGATA 31

Fyrsta hús á lóðinni var torfbær, sem ásamt Lundi, Eiðsvallagötu 14, er talinn vera reistur árið 1858. Þessi tvö hús voru fyrstu húsin á Oddeyri. Á þessum tíma var Oddeyri í eigu Björns Jónssonar, sem seldi hana Þorsteini Daníelssyni á Skipalóni árið 1863. Fyrsti eigandi bæjarins er talinn hafa verið Jósep Grímsson gullsmiður, en á næstu árum urðu nokkur eigendaskipti á bænum. Þorsteinn á Skipalóni mun hafa eignast bæði húsin fyrir 1870.

Í manntali frá árinu 1859 var í fyrsta sinn getið um íbúa á Oddeyri. Þá var búið þar í tveimur húsum, sem einungis eru nefnd 1. og 2. hús. Hið fyrrnefnda mun vera torfbærinn og þar bjuggu þá tvær fjölskyldur. Fyrstur er talinn Jósep Grímsson ásamt konu sinni Ingibjörgu Þorvaldsdóttur, þremur börnum, vinnumanni og vinnukonu. Þá búa þar einnig foreldrar Ingibjargar, Þorvaldur Gissurarson tómthúsmaður og Ingibjörg Jósepsdóttir, og þrjú stálpuð börn þeirra. Ári síðar eru Jósep og Ingibjörg flutt burtu en í bæinn kominn Jóhannes Tómasson trésmiður og Rósa Magnúsdóttir ásamt tveim sonum. Þau búa í bænum til ársins 1869.

Gránufélagið eignaðist húsið með Oddeyrinni 1871 og var það áfram leigt út til íbúðar. Til er virðing á húsinu frá árinu 1872; þá var húsið leigt í þremur hlutum. Því var lýst þannig: Að utan er það með torfveggjum á þrjá vegu, en með timburstafni á einni hlið. Tekið er fram að hliðarveggir séu stæðilegir og ekki farið að detta úr, en norðurstafn sé farinn að hallast inn. Þakið var þá talið lélegt.

Helmingur hússins var leigður Benedikt



Norðurgata 31 árið 1989 H.G.

Péturssyni; stofa í suðvesturhorni, loft í suðurenda ásamt eldhúsi og búri. Friðrik Jónsson og Guðjón Steinsson höfðu á leigu hvor sinn fjórðung: Friðrik stofu í suðausturhorni og loft í norðurenda að hálfu, og Guðjón herbergi í norðausturhorni og loft á móti Friðriki. Árið 1877 seldi Gránufélagið J. V. Havsteen torfhúsið á 425 krónur. Eigninni fylgdi fjós, tóft og lóð í kring. Um 1880 mun hafa verið byggt timburhús upp úr torfbænum.

Eftir að Havsteen eignaðist húsið bjó þar Jakob Chr. Jensen ásamt konu sinni Níelssínu, sem var systir Havsteens. Eftir að maður hennar dó rak hún brauðgerð sem Klemens Jónsson segir að hafi verið að einhverju leyti á vegum Havsteens. Samkvæmt manntali 1880 bjó Níelsína Sophia Jensen í húsinu ásamt 3 dætrum og 2 vinnukonum, en auk þess bjuggu þar tveir karlar, beykir og verslunarþjónn. Í manntalinu er Níelsína talin húsmóðir en þess jafnframt getið að hún baki brauð. Í manntali 1901 var Níelsína titluð íshússtjóri hjá Wathne.

Húsið sést á sjókorti frá árinu 1864, sjá bls. 12 og 13. Það er einnig sýnt á korti frá árinu 1904, sjá bls. 24, og virðast þá vera á lóðinni tvö hús sambyggð, syðra húsið stærra, en minna hús við norðurgafl þess. Norðan við sambyggðu húsin var lítið hús.

Samkvæmt fasteignamati frá 1916/18 stóð þá á lóðinni hús í eigu J. V. Havsteens, byggt að hluta 1868 og 1900. Er því eins og hluti gamla bæjarins hafi staðið enn. Samkvæmt virðingunni var íbúðarhúsið úr timbri, einlyft á lágum steingrunni, með porti og risi. Við húsið voru tveir skúrar. Í húsinu voru þá tvær íbúðir. Níelssína Jensen bjó enn í húsinu. Húsið stóð við tún (2,13 ha) sem einnig var í eigu J.V. Havsteens. Það er virt á 5000 kr. og sagt „slétt, girt með gaddavír, velræktað. Nothæft til byggingalóða."

Árið 1926 fékk María Guðmundsdóttir leyfi til að byggja tvílyft steinhús í stað syðri hluta gamals timburhúss.

Húsið var virt nýbyggt árið 1926 og 1927, þá kemur fram að eldra húsið hefur verið rifið. Nýja húsið er tvílyft steinsteypuhús á lágum kjallara, með háu portbyggðu risi og kvisti. Þakið var þá þegar járnklætt. Á þess-

um tíma var gripa- og geymsluhús byggt áfast við húsið. Einhverjar breytingar hafa orðið á húsinu, útbyggingu var breytt árið 1938 og 1973 voru settir kvistir á húsið. Árið 1984 voru gerðar tvær íbúðir í viðbyggingunni, sín á hvorri hæðinni.

Húsið er í góðri hirðu og hefur haldið upphaflegu útliti sínu. Í því eru 5 íbúðir. Norðurgata 31 hefur varðveislugildi sem hluti af heild.

NORÐURGATA 32

Húsið Norðurgata 32 er reist árið 1930 af Aðalbjörgu Friðriksdóttur, eftir teikningu Ármanns Sveinssonar. Það er steinsteypuhús, tvílyft með lágu risi. Húsið er vel hirt og gluggar eru með upphaflegu sniði. Þó hefur húsið nýlega verið einangrað og múrhúðað að utan og því standa gluggar nú innar en áður. Steinsteypt skraut á mæni gefur húsinu, sem er lítið og látlaust, skemmtilegan svip. Í húsinu er ein íbúð.

Á norðurlóðamörkum eru mjög lélegir skúrar.

Norðurgata 32 hefur varðveislugildi sem hluti af heild.

Norðurgata 32 árið 1989. H.G.

NORÐURGATA 33

Húsið er byggt árið 1926 af Sigurði Björnssyni frá Hrísey, eftir teikningum Sveinbjarnar Jónssonar. Það er tvílyft steinsteypuhús á lágum grunni, með lágu risi. Við norðurgafl er inngönguskúr og háar tröppur. Húsið er vel hirt og hefur haldið svip sínum, gluggar eru sennilega þeir upphaflegu. Í húsinu eru tvær íbúðir.

Húsið stendur inni á lóðinni og ekki í götulínu. Í bókun byggingarnefndar þegar leyfi var veitt til byggingarinnar er tekið fram að lóðin sé við væntanleg gatnamót, en húsið stendur á horni Norðurgötu og Fjólugötu.

Norðurgata 33 hefur varðveislugildi sem hluti af heild.



Norðurgata 33 árið 1989. H.G.

NORÐURGATA 34

Árið 1930 var Gesti Jóhannssyni og Guðmundi Tryggvasyni leyft að reisa íbúðarhús úr steinsteypu. Teikningar af húsinu gerði Halldór Halldórsson.

Húsið er tvílyft á lágum grunni, með lágu risi. Við norðurgafl eru tröppur og inngönguskúr með hallandi þaki. Enn eru gluggar með eldra sniði á efri hæð, en á neðri hæð hefur gluggum verið breytt.

Sem skreyting í múr eru tíglar undir þakbrún. Húsinu er vel viðhaldið. Í því eru tvær íbúðir.

Í suðausturhorni lóðar eru skúrar í óhirðu og er að þeim óprýði. Norðurgata 34 hefur varðveislugildi sem hluti af heild.



Norðurgata 34 árið 1989. H.G.

NORÐURGATA 35

Húsið Norðurgata 35 er tvílyft steinhús á lágum grunni, með lágu risi. Það er reist árið 1939 eftir teikningum Aðalsteins Þórarinssonar. Við vesturhlið er einlyft viðbygging og bílskúr. Húsið er í þokkalegri hirðu en gluggar eru breyttir. Í því eru tvær íbúðir. Norðurgata 35 hefur varðveislugildi sem hluti af heild.



Norðurgata 35 árið 1989. H.G.

NORÐURGATA 36

Árið 1930 reisti Bogi Ágústsson tvílyft íbúðarhús á lóðinni eftir teikningum Ágústs Ágústssonar. Húsið sem byggt er úr steinsteypu stendur á lágum grunni og er með háu risi og kvisti á vesturhlið. Gluggum hefur verið breytt. Í húsinu eru tvær íbúðir. Húsið lítur þokkalega út. Á norðausturmörkum lóðar er skúr. Norðurgata 36 hefur varðveislugildi sem hluti af heild.

Norðurgata 36 árið 1989. H.G.

NORÐURGATA 37

Árið 1933 fékk Árni Jónatansson leyfi til að reisa hús eftir teikningum Halldórs Halldórssonar. Húsið sem er einlyft timburhús á steinkjallara er múrhúðað að utan. Það er með lágu risi, og á kjallara. Þakið er járnklætt og við austurhlið er lítill inngönguskúr sem stendur út í gangstétt. Í húsinu er ein íbúð. Á vesturlóðamörkum er bílskúr. Húsið er ekki talið hafa varðveislugildi.



Norðurgata 37 árið 1989. H.G.

NORÐURGATA 38

Norðurgötu 38 reisti Jón Sigurðsson árið 1929. Það er byggt eftir teikningum Halldórs Halldórssonar. Húsið er steinsteypt, tvílyft á lágum grunni. Þakið er járnklætt og stórir kvistir bæði á austur- og vesturhlið. Við austurhlið er tvílyft viðbygging reist árið 1964. Við norðurhlið er einlyftur inngönguskúr með hallandi þaki. Skúrinn er klæddur með timburklæðningu, ómálaður og í töluverðu ósamræmi við húsið. Árið 1986 voru settir kvistir á húsið og byggður bílskúr á lóðinni. Á vesturhlið hefur verið skipt um annan glugga á efri hæð, og er hann með tvískiptum rúðum, en eldri gluggi er þrískiptur. Gluggar í kvisti eru af sömu gerð. Þessir gluggar eru með röngum hlutföllum og skemma svip hússins og hið sama er að segja um kvisti. Húsið virðist nýmálað og nýtt járn á þaki. Í húsinu eru tvær íbúðir.

Húsið hefur varðveislugildi sem hluti af merkri heild.



Norðurgata 38 árið 1989. H.G.

EIÐSVALLAGATA 14
Lundur

Eins og fram hefur komið í umfjöllun um Norðurgötu 31, var Lundur annað tveggja húsa sem risin voru á Oddeyri árið 1858 og talin eru fyrstu húsin þar.

Húsið byggði Lárus Hallgrímsson, en ekki mun hann fengið leyfi yfirvalda til húsbyggingar, eins og fram kemur í bréfi Eggerts Briem sýslumanns til amtmanns

21. maí 1858. Þar segir hann að Lárus Hallgrímsson hafi reist hús á Oddeyri í leyfisleysi, en þó hafi sýslumaður látið það afskiptalaust „meðfram vegna þeirra ummæla eiganda Oddeyrar, assistanti B. Jónssonar, að hann þurfi mann á Oddeyri til að verja hana“.[36]

Lárus mun ekki hafa fullgert húsið og raunar tæpast búið í því, því það var selt á uppboði í september 1858 og virðist þá enn í smíðum. Þar var boðið upp „timburhús á Oddeyri með fleirum fjármunum tilheyrandi Lárusi Hallgrímssyni.“ Húsið skyldi selt „með öllum trjávið smáum og stórum, föstum og lausum, þar á meðal 4 hurðum, 9 gluggakörmum, sem og nokkuð af múrsteini.“ [37] Húsið var slegið Jóni Laxdal, sem reyndar var lægstbjóðandi, fyrir 240 ríkisdali. Jón Grímsson Laxdal er síðan að finna í manntali árið 1859 í öðru. húsi á Oddeyri, ásamt konu sinni Elínu Helgadóttur, tveimur dætrum, vinnukonu og móður Elínar. Þó bjuggu þau ekki lengi í húsinu því árið eftir eru þau flutt burt. Eftir það eru íbúaskipti tíð í Lundi og virðist sem í tvö ár 1862-63 hafi enginn búið í húsinu, en síðan eru þar að jafnaði 3-4 fjölskyldur, allt til ársins 1872 er Gránufélagið eignaðist húsið.

Þá um haustið hóf félagið verslun á Oddeyri, en þar sem verslunarhús hafði ekki verið byggt var verslað í bráðabirgðahúsi. Einar Ásmundsson í Nesi var fyrsti verslunarstjóri Gránufélagsins á Oddeyri og segir hann frá því í bréfi haustið 1873 að hann hafi látið „í skyndi rífa öll skilrúm úr öðrum húskofa félagsins á Oddeyri og gera hann að búð í bráðina, ...“.[38] Fullvíst verður að telja að hér sé um Lund að ræða. Á þessum árum voru aðeins tvö hús á Oddeyrinni, Lundur og gamall torfbær. Af manntölum má sjá að búið var í torfbænum en ekki var búið í Lundi eftir 1871og því ekki öðru húsi til að dreifa.

Árið 1880 seldi Gránufélagið húsið „hinu fyrirhugaða niðursuðufyrirtæki“, eins og það er nefnt í fundagerðum félagsins. Forgöngumaður þess fyrirtækis var Þorsteinn Einarsson frá Brú á Jökuldal.



Eiðsvallagata 14, Lundur, árið 1989. H.G.



Gamli-Lundur um 1980. Ljósm. Íslendingur / MSA.

36 Lárus Zophoníasson: *Um upphaf byggðar á Oddeyri;* 9.
37 Sama; 9.
38 Arnór Sigurjónsson: *Einars saga Ásmundssonar II;* 190.

Niðursuðuverksmiðjan var starfrækt þar í nokkur ár og var þar soðið niður kjötmeti. Þorsteinn mun einnig hafa búið í húsinu árin 1881-1883.

Eftir að niðursuðan lagðist niður var aftur búið í Lundi. Árið 1890 eru þar samkvæmt manntali Jósef Jónsson daglaunamaður og Kristín Einarsdóttir ásamt 5 börnum. En auk þeirra eru í húsinu Soffía Guðjónsdóttir og sonur, og Guðfinna Magnúsdóttir, húskona. Jósef mun hafa átt húsið og búið þar fram undir aldamót (1898) er hann reisti húsið Lundargötu 15 og flutti þangað með fjölskyldu sína.

Að frumkvæði bæjarstjórnar Akureyrar var Lundur friðaður árið 1982. Skömmu síðar keypti bæjarsjóður Akureyrar húsið og seldi það aftur með áhvílandi friðunarkvöð og skilmálum um að gert yrði við húsið í samræmi við það. Hinn nýi eigandi hússins reif það í heimildarleysi og byggði í þess stað nýtt hús, jafn stórt gamla Lundi, eins að lögum en ólíkt að gerð. Nýja húsið, sem er eins konar eftirlíking þess gamla, er notað til sýningar- og samkomuhalds.

Frá Oddeyri, líklega frá því um 1912. Gamli Lundur og Prentsmiðjan eða Steinhúsið, Norðurgata 17. Málverk Kristínar Jónsdóttur, í eigu Steinunnar Brynjólfsdóttir og Halldórs Guðbjarnarsonar.

GRÁNUFÉLAGSGATA

Hér ber að athuga að húsin við Gránufélagsgötu standa ekki í réttri númeraröð, og jöfn númer og odda númer standast ekki á. Númeraröð við götuna er þannig: **Norðan götu:** 19, 21, 23, 27, 39, 41a, 41, 43, 29, 31, 33, 35, austan Kaldbaksgötu: 51, 53, 55.

Sunnan götu: austan Glerárgötu: 28, austan Grundargötu: 16, 18 20, 22.

Hér eru húsin talin í þeirri röð sem þau standa, en ekki númeraröð.

GRÁNUFÉLAGSGATA 19

Húsið reisti Jónasína Þorsteinsdóttir árið 1925. Það er tvílyft steinsteypuhús á kjallara. Þegar húsið var virt nýbyggt árið 1926 var það sagt vera íbúðarhús, tvær hæðir á háum grunni með lágu risi. Þakið var járnklætt.

Húsið hefur haldist óbreytt að mestu. Gluggar eru enn með póstum en gluggaramma vantar. Viðhaldi er nokkuð ábótavant, og eru veggir nokkuð sprungnir. Í húsinu eru tvær íbúðir.

Varðveislugildi hússins felst einkum í nálægð þess við byggðina við Lundargötu.

Gránufélagsgata 19 árið 1989. H.G.

GRÁNUFÉLAGSGATA 21

Húsið Gránufélagsgata 21 er byggt upp úr geymsluhúsi sem Gunnar Guðlaugsson trésmiður átti og stóð á baklóð Lundargötu 10. Árið 1919 var honum leyft að byggja geymsluhús upp úr pakkhúsi á baklóð hússins Lundargötu 10. Húsið var úr timbri, á kjallara, einlyft með risi. Í því var einnig eitt íbúðarherbergi. Það stóð austan við íbúðarhús Gunnars, Lundargötu 10.

Er húsið var virt til brunabóta árið 1922 var það einlyft timburhús á háum kjallara með lágu risi. Við stafn var skúr. Þak var pappaklætt. Enn virðist hafa verið byggt við húsið og nú af nýjum eigendum. Árið 1923 var L. Rasmussen synjað um að fá að setja glugga á kjallara, þar sem ekki var talið að styrkleiki hússins leyfði það. Sama ár fékk Guðrún Funck-Rasmussen ljósmyndari leyfi til að breyta húsinu í

Gránufélagsgata 21 árið 1989. H.G.

„atelier“ eða ljósmyndastofu. Fjórum árum síðar, 1927, fékk Guðrún leyfi til að byggja viðbótarbyggingu úr timbri á kjallara.

Eftir þessar breytingar var húsið enn virt og þá sagt einlyft timburhús á háum kjallara, með háu risi. Á lofti er þá ljósmyndasalur. Veggir hússins voru úr timbri og steini og er sennilegt að það hafi verið klætt með steinskífu.

Húsið er í dag múrhúðað timburhús, einlyft á háum kjallara með háu risi. Þak er járnklætt, á suðurhlið er kvistur og norðanmegin hefur þaki verið lyft að hluta. Suðvesturhorn hússins er sneitt og við vesturgafl eru steintröppur. Húsinu er þokkalega viðhaldið. Í því er ein íbúð.

Gránufélagsgata 21 hefur varðveislugildi sem hluti af götumynd.

GRÁNUFÉLAGSGATA 23

Húsið er reist á baklóð Norðurgötu 11, en þar stóð áður gamalt verkstæðishús sem Snorri Jónsson smiður reisti.

Hermundur Jóhannesson smiður eignaðist hús Snorra og hafði verkstæði sitt í bakhúsinu. Hermundur fékk leyfi fyrir nýju húsi á þessari lóð árið 1927 en það var aldrei byggt.

Nú stendur á lóðinni hús byggt árið 1934 eftir teikningum Tryggva Jónatanssonar. Það er tvílyft steinsteypuhús á lágum grunni, með lágu skúrþaki. Það er byggt að lóðarmörkum til norðurs. Gránufélagsgata 23 er engu öðru húsi á Oddeyri líkt. Mjög sérkennileg er múrhúð hússins, sem er blanda kvarts og hrafntinnumulnings. Slík múrhúð var fyrst sett á Þjóðleikhúsið í Reykjavík árið 1933 og var þá nýlunda. Steinn Steinsen verkfræðingur var einn margra ráðgjafa við byggingu Þjóðleikhússins og annaðist hann burðarþolsútreikninga og járnateikningar þess. Steinn teiknaði einnig járn í Gránufélagsgötu 23 og enda þótt teikningar hússins séu undirritaðar af Tryggva Jónatanssyni þá liggur beint við að ætla að Steinn hafi borið með sér áhrif frá Þjóðleikhússbyggingunni. Það er ekki einungis múrhúðin sem gerð er að

Gránufélagsgata 23 árið 1989. H.G.

Gránufélagsgata 23 árið 1989, bakhlið. H.S.

fyrirmynd Þjóðleikhússins, heldur draga vissir drættir í útliti hússins einnig dám af því.

Húsið hefur tvívegis verið stækkað. Árið 1948 var gerð einlyft viðbygging til norðurs sem var hækkuð árið 1976. Samtímis var byggð tvílyft viðbygging austan við húsið. Ekki hefur enn verið gengið frá viðbyggingunni að utan.

Húsið er nú í eigu Jóhannesar Hermundssonar og rekur hann líkkistuvinnustofa á neðri hæðinni en íbúð er á þeirri efri.

Gránufélagsgata 23 er frábrugðið næstu húsum að gerð og er ekki hluti af varðveisluverðri heild. Viðbyggingin austan við húsið er ófrágengin að utan og því til lýta og hún hefur raskað samhverfu upphaflega hússins. Húsið er engu að síður mjög sérstakt og hefur nokkuð gildi af þeim sökum.

GRÁNUFÉLAGSGATA 28

Gránufélagsgata 28 er steinsteypuhús byggt árið 1931. Sigtryggur Helgason lét reisa það eftir teikningum Halldórs Halldórssonar. Það er tvílyft íbúðarhús á lágum grunni, með risi. Við austurgafl eru steinsteyptar tröppur. Við suðurhlið er viðbygging reist 1978. Gluggum hefur verið breytt og húsið er nokkuð sprungið en annars virðist það vera í þokkalegu ástandi. Í húsinu eru tvær íbúðir.

Gránufélagsgata 28 árið 1989. H.G.

GRÁNUFÉLAGSGATA 27

Árið 1925 reisti Jóhannes Júlíníusson íbúðarhús við Gránufélagsgötu eftir teikningu Magnúsar Bjarnasonar. Þegar byggingarleyfi var veitt var tekið fram að húsið stæði þar sem áður hafi átt að vera opið svæði. Þeim áformum hafði þá verið breytt og skipulagsnefnd lagði til að byggingarleyfið yrði veitt. Húsið var virt árið 1927 og var þá einlyft með porti og risi á háum kjallara.

Húsið er tvílyft steinsteypuhús á lágum grunni, með háu risi. Þakið er járnklætt og við norðurhlið er inngönguskúr. Í húsinu eru tvær íbúðir.

Gránufélagsgata 27 hefur varðveislugildi sem hluti af heild.



Gránufélagsgata 27 árið 1989. H.S.

GRÁNUFÉLAGSGATA 39, 41 A OG 41

Húsin eru þrjú og sambyggð og mynda eina heild, og verður því fjallað um þau sem eitt hús. Þau eru reist árið 1928, eftir teikningu Halldórs Halldórssonar.

Vestari hlutann, nr. 39 og 41A, reisti Jón Kristjánsson ökumaður en eystri hlutann, nr. 41, Steinþór Baldvinsson skipasmiður.

Húsið er þrílyft úr steinsteypu. Við norðurhlið þess eru geymsluskúrar. Þakið er járnklætt með valma og á norður- og suðurhliðum eru kvistir. Húsið er mun stærra en flest húsin í nágrenninu og því töluvert ráðandi í umhverfinu. Í húsinu eru 7 íbúðir, 3 í hvorum enda, 39 og 41, og ein í miðhlutanum 41A.

Þegar byggingaleyfi var veitt fyrir austasta húsinu var tekið fram að það stæði á hornlóð vestan við torgið norður af Grundargötu. Samkvæmt skipulaginu frá 1927 var gert ráð fyrir torgi eða opnu svæði við enda Grundargötu. Norðan við Gránufélagsgötu var gert ráð fyrir randbyggingum bæði til vesturs og austurs frá torginu. Húsin sitt hvoru megin við torgið bera þess merki að þau áttu að standa við torg. Á þeim hliðum sem snúa að torginu er valmi á þaki.

Húsin Gránufélagsgata 39 - 43 eru frábrugðin næstu húsum að gerð. Sérstaða þeirra felst m.a. í því að þau eru reist í anda skipulagsins frá 1927 og æskilegt er að ummerki þess skipulags sjáist í framtíðinni. Húsaröðin við Gránufélagsgötu eru skýrasta dæmi um áform um þá umbyltingu sem fyrirhuguð var á byggðinni á Oddeyri.[39]



Gránufélagsgata 39, 41 A og 41 árið 1989. H.S.

Gránufélagsgata 39, 41 A og 41 árið 1989, bakhlið H.S.

GRÁNUFÉLAGSGATA 43

Vopnahúsið

Húsið reistu þeir Jón Stefánsson Vopni og Óskar Jónsson. Það er reist samkvæmt skipulaginu frá 1927, sem fyrsti hluti randbyggingar austur með götunni. Húsið er við austurenda torgsins sem ráðgert var við enda Grundargötu. Það ber þess merki að hafa verið reist sem hluti af

39 Sjá kafla 4.3. Aðalskipulagið 1927.

stærri byggingu því austurgafl er eldvarnarveggur. Húsið er þrílyft úr steinsteypu, með risi og 2 kvistum á suðurhlið. Þak er sneitt að vestan. Í húsinu eru þrjár íbúðir.

Um varðveislugildi þessa húss gildir hið sama og um húsin hér á undan. Þessi hús hafa varðveislugildi sem skýr dæmi um skipulagshugmyndina frá 1927, þ.e. viðhorf og hugmyndir þriðja áratugarins um framtíðarmótun byggðar. Gildi þeirra gæti jafnframt aukist ef byggt yrði við þau. Vopnahúsið er aðeins hluti af heild, hálfbyggt hús.



Gránufélagsgata 43 árið 1989. H.G.

GRÁNUFÉLAGSGATA 16

Lóðin er byggð úr lóðinni Grundargata 6.

Fyrsta húsið sem reis á lóðinni var peningshús sem Ásgrímur Pétursson reisti árið 1915. Húsið var reist að lóðamörkum Grundargötu 6 og því var eldvarnarveggur. Guðrún Jónsdóttir fékk leyfi til að breyta því í íbúðarhús árið 1922. Ekki stóð það hús þó lengi því árið 1925 fengu þær Sigríður Þorláksdóttir og Jónína Jónsdóttir leyfi til að byggja nýtt hús á lóðinni.

Húsið var virt nýbyggt árið 1926. Það var sagt tveggja hæða íbúðarhús á lágum grunni, með lágu risi, steinsteypt með járni á þaki. Húsið virðist að mestu óbreytt. Gluggum hefur að vísu verið breytt, en annars er húsinu vel við haldið. Í húsinu eru tvær íbúðir.

Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.



Gránufélagsgata 16 árið 1989. H.S.

GRÁNUFÉLAGSGATA 18

Árið 1906 reisti Ólafur Árnason hús sunnan Gránufélagsgötu. Húsið er einlyft timburhús á háum kjallara, með portbyggðu risi. Samkvæmt virðingu frá árinu 1916 var þá járn á þaki.

Húsið er nú múrhúðað að hluta, en klætt tjörupappa á suðurhlið. Við vesturgafl er einlyft viðbygging úr steinsteypu, sem tengir húsið við Gránufélagsgötu 16, reist sem sölubúð. Við austurgafl er inngönguskúr og tröppur. Í húsinu er ein

Gránufélagsgata 18 árið 1989. H.S.

íbúð. Austan við húsið stendur bílskúr að lóðamörkum. Eins og fyrr segir eru húsin nr. 16 og 18 tengd með einlyftri steypubyggingu og er samstæða þessi nokkuð sérkennileg. Húsið virðist í þokkalegu ásigkomulagi.

Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.

GRÁNUFÉLAGSGATA 20

Húsið létu þær Anna og Kristbjörg Kristbjarnardætur reisa árið 1908. Samkvæmt virðingu frá 1916 var það einlyft timburhús á háum kjallara, með lágu risi, og járnklæddu þaki. Á teikningu sést að inngangur hefur verið á miðri framhlið. Árið 1924 var húsið stækkað og byggð tvílyft viðbygging vestan við það.

Í virðingu eftir þá breytingu kemur fram að húsið er steinsteypt á þrjá vegu, en sú fjórða er járnklædd.

Húsið hefur haldið því lagi sem það fékk árið 1927. Austurhlutinn, sá eldri, er úr timbri, en þó virðist framhliðin, norðurhlið, vera steinsteypt frekar en múrhúðuð. Austur- og suðurhliðar eru járnklæddar. Þakið er járnklætt og tveir kvistir hvorum megin. Við suðurhlið eru tröppur og einnig á vesturgafli. Húsið er í góðri umhirðu. Í því eru fjórar íbúðir.

Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.



Gránufélagsgata 20 árið 1989. H.S.

GRÁNUFÉLAGSGATA 22

Árið 1914 var Sigurði Vigfússyni járnsmið mæld út lóð og leyft að byggja smiðju úr steinsteypu, sennilega fyrsta steinsteypuhús á Oddeyri. Leyfið var einungis veitt til bráðabirgða til eins árs.

Ári síðar var Sigurði leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu ásamt smiðju á lóðinni.

Samkvæmt brunabótavirðingu frá 1916 virðist húsið einungis hafa verið notað sem smiðja, því ekki er getið um íbúð. Það er sagt vera einlyft steinsteypuhús á lágum



Gránufélagsgata 22 árið 1989. H.G.

grunni, með háu risi. Smiðjunni var skipt í þrennt með steinskilrúmum, í smiðju, verkstæði og geymslu. Steingólf var í húsinu en þak var klætt með pappa.

Árið 1921 byggði Sigurður steinsteyptan skúr austan við smiðjuna í stað timburskúrs sem þar hafði staðið. Þegar smiðjan er virt eftir þessar breytingar, er komin íbúð í húsið. Tveimur árum síðar var byggt tvílyft steinsteypuhús vestan við húsið. Eftir þá breytingu var eignin virt og er þá lýst svo: Íbúðarhús, byggt 1923, tvílyft steinsteypuhús á lágum grunni með flötu þaki. Efri hæðin er minni en sú neðri; smiðja, byggð 1915, sem var einlyft með háu risi á lágum grunni, og áfast við austurenda hennar verkstæði, byggt 1921, einlyft steinsteypuhús á kjallara með flötu þaki.

Húsið Gránufélagsgata 22 er því í raun þrjú hús. Það elsta frá 1915 með viðbótum frá 1921 og 1923. Húsið hefur þá fengið þá lögun sem það enn hefur; eina breytingin sem virðist hafa orðið er að sett hefur verið lágt valmaþak á íbúðarhúsið. Í horninu milli húsanna frá 1915 og 1923 eru svalir. Húsin eru vel hirt. Í húsinu eru tvær íbúðir.

Gránufélagsgata 22 er ekki talin hafa varðveislugildi. Í þessari sambyggingu húsa er þó líklega að finna eitt elsta steinsteypta húsið á Oddeyri.[40] Sambyggingin er mjög sérkennileg og gæti verið nokkurs virði fyrir framtíðarbyggð á Oddeyri.



Teikningar af Gránufélagsgötu 22, eftir óáritaðri frumteikningu frá 1923. Byggingafelt. á Ak. / H.S.

GRÁNUFÉLAGSGATA 29

Árið 1917 var Aðalsteini Þórðarsyni og Jónasi Hallgrímssyni leyft að reisa íbúðarhús á lóð sem þeir fengu á leigu hjá Hinum sameinuðu íslensku verslunum.

Húsið var virt nýbyggt og var þá einlyft timburhús á kjallara, með portbyggðu risi. Að utan voru veggir og þak klætt með pappa.

Árið 1924 var þáverandi eigendum leyft að lengja skúr við austurhlið hússins. Ári síðar er húsið virt að nýju og þá tekið fram að þar hafi verið gerðar endurbætur og breytingar. Húsið er þá á háum kjallara og



Gránufélagsgata 29 árið 1989. H.G.

40 Sjá einnig frásögn um Strandgötu 45, sem er reist árið 1914 úr steinsteypu.

á þaki er járn. Að öðru leyti er það eins og áður, en ekki er getið um skúrinn við austurhlið. Sennilegt er að kjallari hússins hafi verið hækkaður. Húsið er að mestu óbreytt frá þessari virðingu, en hefur þó verið klætt utan með steinblikki og gluggum hefur verið breytt. Kjallaraveggir eru mjög þykkir og standa út fyrir húsið. Húsið er vel hirt. Í því er ein íbúð.

Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.

GRÁNUFÉLAGSGATA 31

Árið 1914 fékk Kristján Kristjánsson leyfi til að flytja hús úr Veigastaðabás og setja á lóðina við Gránufélagsgötu. Ekki er húsinu lýst en tekið fram að það megi einungis standa til næsta sumars en að heimilað sé að byggja íbúðarhús á lóðinni.

Árið 1916 er íbúðarhús Kristjáns virt til brunabóta og þá lýst sem einlyftu timburhúsi á lágum grunni, með porti og háu risi. Veggir eru timburklæddir en járn á þaki. Við annan enda hússins er skúr. Húsið er enn að mestu leyti eins og þarna kemur fram. Að utan hefur það þó verið klætt með steinblikki og skúr við vesturenda hefur verið lengdur. Vestasti hluti hans er klæddur með sléttu járni. Húsið sem er vel hirt stendur inni á lóðinni. Í því er ein íbúð.

Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.

Gránufélagsgata 31 árið 1989. H.G.

GRÁNUFÉLAGSGATA 33

Húsið reisti Hinrik Pétursson árið 1915. Það var virt nýbyggt og þá lýst sem einlyftu steinsteypuhúsi með portbyggðu, háu risi og kvisti. Þakið var pappaklætt.

Húsið var virt eftir breytingar 1926, en þá var byggt geymslu- og gripahús, áfast við íbúðarhúsið að norðaustanverðu. Húsið var enn stækkað árið 1933, þegar byggð var einlyft viðbygging norður úr húsinu. Sú viðbygging var hækkuð árið 1941. Í húsinu er ein íbúð. Húsið hefur hlotið

Gránufélagsgata 33 árið 1989. H.G.

gagngerar endurbætur að undanförnu. Settir hafa verið í það nýjir gluggar með krosspóstum. Á vesturhlið byggingar frá 1933 -41 hefur verið sett ný hurð. Húsið hefur verið klætt utan með klæðningu með steináferð. Inngangi sem var á vesturstafni hússins hefur verið lokað og gluggi stettur í staðinn. Húsið hefur verið merkt að utan „Hinrikshús 1917".

Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.

GRÁNUFÉLAGSGATA 35
Litli-Póll

Á lóðinni stendur hús, sem reist var sem hjallur við Norðurpólinn, Gránufélagsgötu 57 árið 1923. Það var flutt á núverandi stað um 1970. Húsið er einlyft timburhús á lágum grunni, fram úr suðurhlið gengur kvistur sem stendur á stólpum og gefur þessi útbygging húsinu sérstakan svip. Við norðurhlið er skúrbygging. Húsið er klætt steinblikki.

Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.



Gránufélagsgata 35 árið 1989. H.G.

GRÁNUFÉLAGSGATA 51
Hörgsland

Árið 1917 fékk Loftur Jónsson leyfi til að byggja hús við Gránufélagsgötu. Húsið var nefnt Hörgsland. Húsið var virt til brunabóta sama ár og var sagt vera einlyft íbúðarhús úr timbri, á kjallara, með lágu risi. Húsið var járnklætt að utan á veggjum og þaki. Húsið var rifið í janúar 1990.

Gránufélagsgata 51 árið 1989. H.G.

GRÁNUFÉLAGSGATA 53
Litla Reykjavík

Gránufélagsgötu 53 reisti Elías Stefánsson stórútgerðarmaður árið 1916. Í útmælingu segir að „með vesturstafni þessa húss og jafnhliða því liggur merkjalína bæjarins fyrir Oddeyrina annarsvegar og eig-

enda Oddeyrartangans fyrir austan hins vegar.“ [41]

Húsið var virt til brunabóta árið 1917 og kemur þá í ljós að það er íbúðar- og geymsluhús á háum kjallara, með portbyggðu risi og kvistum. Í húsinu voru bæði íbúðarherbergi og geymslupláss. Í fasteignamati 1918 er þess getið að eigandi noti húsið sem geymslu og „sumarbústað“ þ.e. verbúð fyrir verkafólk. Húsið var oft nefnt Litla-Reykjavík.

Húsið var tvær álmur, önnur með framhlið að Gránufélagsgötu og við austurenda hennar var álma til norðurs. Hornið þar sem álmurnar mætast var sneitt og kvistur þar yfir. Húsið hélt alla tíð sínu upphaflega lagi en var orðið nokkuð hrörlegt undir lokin og stóð mannlaust um tíma. Það var rifið árið 1991.



Gránufélagsgata 53 árið 1989. H.G.

GRÁNUFÉLAGSGATA 55

Árið 1915 fékk Páll Jónsson bakari leyfi til að byggja hús vestan við Norðurpólinn. Ári síðar fær Páll leyfi hjá byggingarnefnd að „mega láta hús það sem hann hefir verið að byggja standa í því ásigkomulagi sem það nú er, um næstu tvö til þrjú ár vegna efnisskorts og efnisdýrleika.“ [42] Þetta var á árum heimsstyrjaldarinnar fyrri. Sigurður Þorsteinsson skósmiður byggði svo hæð ofan á húsið árið 1921. Samkvæmt virðingu það ár var húsið tvílyft steinsteypuhús á lágum grunni, með háu risi. Þak var klætt pappa. Í húsinu er ein íbúð.

Þrjú síðast talin hús stóðu neðan Hjalteyrargötu og af þeim stendur einungis eftir Gránufélagsgata 55.

Gránufélagsgata 55 árið 1989. H.G.

GRÁNUFÉLAGSGATA 57
Norðurpóll

Húsið er horfið en rétt þykir að geta þess hér.

Fyrst er getið um húsið í fundagerðabók Gránufélagsins árið 1907 þegar Kristján Markússon fékk leigða lóð undir hús sem hann hafði þá þegar byggt „við Gránufé-

Norðurpóllinn, Gránufélagsgata 57, skömmu fyrir 1980.
Úr ljósmyndasafni KEA í vörslu MSA.

41 Jónsbók II, 120.
42 Bygginganefnd Akureyrar, fundargerð 1. maí 1916.

lagsgötu niðri við ós á Oddeyrartanga".[43] Samkvæmt Jónsbók var húsið skírt Nordpolen af eigendum þess og þar rekin veitingasala fyrir útlendinga. aðallega norska síldveiðimenn. Nafnið var íslenskað og húsið kallað Norðurpóllinn.

Ekki er vitað með vissu hvenær húsið var reist, því ekki finnst byggingarleyfi en upphaflegir eigendur hússins munu hafa verið tveir, Kristján Markússon og Sigríður Ingimundardóttir.

Árið 1913 var byggð viðbygging við húsið í heimildarleysi og skipaði byggingarnefnd eigendum að rífa húsið. Árið 1916 reisti Sigríður svo þurrkhjall á lóðinni norðan við húsið, með leyfi nefndarinnar og var honum breytt í íbúðarhús fimm árum síðar. Samkvæmt virðingu frá 1916 stóðu þá tvö hús á lóðinni: Íbúðar- og gistihús, einlyft timburhús á háum kjallara, með portbyggðu risi. Að utan var húsið járnklætt, bæði veggir og þak. Til er teikning af húsinu frá 1937 eftir Halldór Halldórsson.

Hjallurinn sem síðar er breytt í íbúðarhús er einnig virtur. Hann er ein lofthæð með háu risi á lágum steingrunni. Þegar honum hafði verið breytt í íbúðarhús var lýsingin svohljóðandi: Einlyft íbúðarhús úr timbri, port og hátt ris. Húsið gekk undir nafninu Litli Póll.

Í húsinu var upphaflega rekið gisti- og veitingahús en síðar var það íbúðarhús. Það var rifið árið 1980.

Hjallurinn sem breytt var í íbúðarhús, var hins vegar fluttur á lóðina Gránufélagsgötu 35 um 1970.





Eftir mælingarteikningum Halldórs Halldórssonar frá 1937. Byggingafélt. á Ak. / H.S.

GRUNDARGATA 1

Lóðin er byggð úr lóðinni Strandgötu 33, þar sem Hótel Oddeyri stóð. Meðfram Grundargötu stóð tvílyft viðbygging við hótelið, sem brann með því árið 1908.

Ekki var aftur byggt á lóðinni fyrr en 1924 er Ólafur Ágústsson húsgagnasmiður reisti þar trésmíðaverkstæði. Ólafur byggði um sama leyti hús á lóðinni við Strandgötu (sjá Strandgötu 33). Ólafur gerði sjálfur teikningar að báðum húsunum. Það er einlyft



Grundargata 1 árið 1989. H.G.

43 Jónsbók II, 124.

steinsteypuhús á lágum grunni, með risi. Árið 1928 var byggður vélasalur vestan við húsið eftir teikningu Sveinbjarnar Jónssonar. Að lóðamörkum í vestur var eldvarnarveggur. Árið 1944 var gerð bygging milli Grundargötu 1 og Strandgötu 33, og urðu húsin þannig sambyggð.

Í húsinu var lengi trésmíðaverkstæði, en árið 1984 var húsinu breytt. Veggir elsta hússins voru hækkaðir svo og ris, þakbrún var timburklædd og kvistur settur á vesturhlið. Þakið er nú klætt með mótuðu stáli sem líkir eftir steinskífu sem áður var á þakinu. Nú er íbúð í elsta húsinu, en í viðbyggingum sunnan og vestan við það hefur fyrirtækið Samver aðsetur sitt.

Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.

Grundargata 3 árið 1989. H.G.

Sjá einnig gamlar ljósmyndir á bls. 39.

GRUNDARGATA 3

Árið 1885 var Einari Sveinssyni leyft að byggja íbúðarhús úr timbri fyrir norðan hús Ólafs Jónssonar veitingamanns, Strandgötu 33. Tveimur árum síðar byggði hann fjós á lóðinni. Húsinu hefur frá upphafi verið skipt í tvo eignarhluta, suður- og norðurhluta.

Árið 1913 var þáverandi eiganda, Steini Jóhannssyni, leyft að byggja við húsið að sunnanverðu. Viðbyggingin var jafnbreið húsinu. Norðurhluti hússins var stækkaður um sama leyti, því árið 1914 fékk Jónatan Jósefsson leyfi til að reisa steinsteypubyggingu norðan við húsið.

Samkvæmt fasteignamati 1918 var suðurhlutinn einlyft timburhús á lágum kjallara, með háu risi. Þakið var pappaklætt. Norðurhluti hússins var eins nema hvað viðbygging norðan við það var tvílyft úr steinsteypu, með lágu járnklæddu þaki.

Á lóðinni var einnig fjós og safngryfja úr steinsteypu, sem eigendur áttu til helminga, og á norðurhluta lóðar var heyhlaða. Húsið var enn stækkað árið 1920. Suðurhlutinn var hækkaður og eftir þær breytingar var allt húsið orðið tvílyft og hafði fengið það lag sem það enn hefur. Húsið hefur síðan verið múrhúðað utan, og við vesturhlið hafa komið skúrbyggingar. Í því eru tvær íbúðir.

Grundargata 3 árið 1989, bakhlið H.S.

Húsið er ekki í góðri hirðu og ber þess merki að vera byggt í áföngum.

Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.

GRUNDARGATA 4

Árið 1902 var J.V. Havsteen mælt út fyrir húsi norðan við hús hans Strandgötu 35. Sama ár var Guðbrandi Guðmundssyni mæld út lóðin og hefur hann keypt af Havsteen. Samkvæmt Jónsbók á Havsteen að hafa nefnt húsið „Blárófu".

Árið 1916 var eigandi þess Even Jóhannesen smiður. Það var sagt einlyft íbúðarhús úr timbri, á kjallara, með porti og háu risi, með 2 kvistum. Þakið var járnklætt. Á lóðinni stóð einnig fjós úr steinsteypu. Árið 1926 var gerð viðbygging við austurhlið og þaki lyft. Húsið er nú klætt utan báruðu áli en á þaki er járn. Húsinu er fremur illa við haldið og einkennist af skúrbyggingum. Í því eru tvær íbúðir.

Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.

Grundargata 4 árið 1989. H.G.

GRUNDARGATA 5

Árið 1895 var Sveini og Stefáni Ólafssonum mæld út lóð sem þeir fengu á leigu frá Gránufélaginu. Ári síðar reistu þeir hús. Samkvæmt virðingu frá 1916 var húsið einlyft timburhús á kjallara, með porti og háu risi. Að utan voru veggir klæddir timbri en járn var á þaki.

Húsið hefur haldist lítið breytt frá gamalli tíð, nema hvað gluggum hefur verið breytt. Að utan hefur það verið klætt steinblikki. Í norðvesturhorni lóðar er verkstæðishús og bílskúr, reist 1964. Annar minni skúr er þar fyrir sunnan. Í húsinu er ein íbúð.

Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.

Grundargata 5 árið 1989. H.G.

Sjá einnig gamlar ljósmyndir á bls. 39.

GRUNDARGATA 6

Árið 1903 fékk Jón Jónatansson leyfi til að byggja hús fyrir norðan hús Guðbrands Guðmundssonar. Í bókun byggingarnefndar er tekið fram að „húsið skyldi standa á horninu þar sem mætast Grundargata og hin fyrirhugaða gata austur og

Grundargata 6 árið 1989. H.G.

vestur eyrina, ...".[44] Hér er átt við Gránufélagsgötu, sem enn var ekki lögð.

Ekki er til lýsing á húsinu eins og það var upphaflega, en Ólafur Ágústsson byggði tvívegis við húsið, árið 1915 og 1920. Samkvæmt fasteignamati 1918 var húsið einlyft timburhús á kjallara, með porti og háu risi. Við húsið var einlyft viðbygging á kjallara sem hýsti trésmíðaverkstæði.

Árið 1920 var viðbygging austan við húsið stækkuð.

Sennilega hefur húsið þá fengið það lag sem það enn hefur. Það er sérkennilegt að lögun, þakið er brotið (mansard), járnklætt en veggir eru klæddir með steinblikki. Í húsinu er ein íbúð. Húsið er vanhirt.

Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.

Grundargata 7 árið 1989. H.S.

GRUNDARGATA 7
Ólafsfjarðarmúli

Húsið er hornhús vestan Grundargötu, sunnan Gránufélagsgötu. Það er tvílyft steinhús á háum kjallara. Það er í raun tvær álmur meðfram horninu, aðalhúsið við Grundargötu er með lágu mænisþaki, en álman meðfram Gránufélagsgötu er með hallandi þaki. Í kverkinni milli húsanna er inngangur gerður 1979.

Húsið er allsérstætt og vegna lögunar sinnar hefur það fengið nafnið Ólafsfjarðarmúli. Það er í góðri umhirðu, nýmálað. Í húsinu eru 3 íbúðir.

Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.

Hríseyjargata 1 árið 1989. H.S.

HRÍSEYJARGATA 1

Árið 1903 var Árna Péturssyni, Strandgötu 39, leyft að byggja hús á baklóðinni. Húsið átti að standa vestan fyrirhugaðrar götu, Hríseyjargötu.

Samkvæmt fasteignamati 1916/18 var húsið íbúðar- og geymsluhús úr steinsteypu með járnklæddu þaki, einlyft á lág-

44 Bygginganefnd Akureyrar, fundargerð 2. júlí 1903.

um grunni, með porti og risi. Í því voru 2 íbúðarherbergi en annars var það notað til geymslu.

Árið 1925 var byggð hæð ofan á húsið og því breytt í íbúðarhús. Eftir þá breytingu var húsið sagt einlyft á háum kjallara. Það er sagt steinsteypuhús með bárujárni á þaki. Árið 1961 var byggð forstofa við bakhlið og einnig hefur gluggum á neðri hæð verið breytt. Það er í þokkalegri hirðu en stendur frekar illa undir háum gafli húss við Strandgötu. Gatan hefur hækkað og því stendur húsið lægra en gangstétt. Í húsinu eru tvær íbúðir.

Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.

HRÍSEYJARGATA 2

Húsið var reist á baklóð Strandgötu 41 árið 1923, af Kristjáni Jónssyni bakara. Kristján fékk leyfi til að byggja íbúðarhús en þegar það var virt árið 1925 var í húsinu geymsla, fjós og hænsnahús. Því var síðan breytt í íbúðarhús árið 1937. Tryggvi Jónatansson gerði teikningar að húsinu.

Samkvæmt virðingunni frá 1925 var húsið tvílyft steinsteypuhús á lágum grunni, með pappaklæddu þaki.

Húsið hefur haldist næsta óbreytt í útliti, það er í góðri umhirðu og hefur nýlega verið einangrað og múrhúðað að utan. Við norðurhlið hússins er bílskúr og geymsluskúr austan við hann. Í húsinu eru tvær íbúðir.

Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.



Hríseyjargata 2 árið 1989. H.G.

HRÍSEYJARGATA 3

Húsið Hríseyjargata 3 er reist árið 1937 af Jóni Eðvaldssyni, eftir teikningum Halldórs Halldórssonar.

Það er tvílyft steinsteypuhús, á lágum grunni, með lágu mænisþaki. Árið 1941 var gerð viðbygging við húsið, þvottahús og bílageymsla norðan við það 1980.

Húsið er lítið steinhús líkt þeim sem



Hríseyjargata 3 árið 1989. H.G.

byggð voru á Oddeyri á fyrstu áratugum aldarinnar. Þó er það frábrugðið þeim að því leyti að gluggasetning á efri hæð er í anda fúnkis-stílsins sem var að ryðja sér til rúms á fjórða áratugnum. Í húsinu er ein íbúð.

Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.

HRÍSEYJARGATA 5

Húsið er reist árið 1922 af Þorgrími Þorsteinssyni. Það var virt nýbyggt og þá sagt einlyft timburhús á háum kjallara, með porti og háu risi. Árið 1927 fékk Júlíus Hafliðason leyfi til að stækka húsið og reisa viðbyggingu við vesturhlið, og 1967 var byggð forstofa við suðurhlið. Þá hefur húsið fengið það lag sem það enn hefur. Þakhæð er brotin (mansard) en skúrinn, sem er eftir allri vesturhlið, er einlyftur á kjallara, með hallandi þaki. Húsið hefur nýlega verið klætt með álklæðningu og gluggum breytt og við það hefur svipur þess breyst illilega. Á þaki er bárujárn. Í húsinu er ein íbúð.

Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.

HRÍSEYJARGATA 6

Húsið reisti Jónas Jónasson smiður árið 1926. Til er óárituð teikning af húsinu sem sennilega er gerð af Sveinbirni Jónssyni. Samkvæmt henni átti húsið að verða þrílyft. Fimm árum síðar var lögð fram ný teikning Tryggva Jónatanssonar, svipuð þeirri fyrri, nema að nú var húsið einungis tvílyft með lágu risi. Á suðurhlið voru komnar háar tröppur. Á vesturhlið hússins gengur útskot (karnap) út úr efri hæðinni og yfir útskotinu er laukskorið þak eða næpa, sem gert er eftir upphaflegu teikningunni. Við austurhlið er skúrbygging og á norðurlóðamörkum lítill skúr. Í húsinu eru tvær íbúðir.

Hríseyjargata 6 er ekki í góðri hirðu. Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.

Hríseyjargata 5 árið 1989. H.G.

Hríseyjargata 6 árið 1989. H.G.



Eftir óundirritaðri teikningu að Hríseyjargötu 6 frá 1926. Byggingaflt. á Ak. / H.S.

HRÍSEYJARGATA 7

Lóðin er óbyggð en var áður nýtt frá Gránufélagsgötu 31.

HRÍSEYJARGATA 8

Einlyft steinsteypuhús með lágu valmaþaki, reist árið 1942. Húsið reisti Tryggvi Jónatansson eftir eigin teikningu. Húsið er með horngluggum í fúnkis-stíl.
Í húsinu er ein íbúð.

Hríseyjargata 8 árið 1989. H.G.

HRÍSEYJARGATA 9

Árið 1928 fékk Lárus Hinriksson leyfi til að byggja íbúðarhús á lóð norðan Gránufélagsgötu. Teikningu að húsinu gerði Halldór Halldórsson. Húsið sem enn stendur er einlyft timburhús á lágum kjallara, portbyggt með bröttu risi. Veggir eru klæddir bárujárni og járn er á þaki. Á austurhlið er stór kvistur og einlyftur skúr með flötu þaki við norðurhlið. Vestast á lóð er lítill skúr.

Húsið er sérstakt m.a. fyrir það hve seint það er byggt, en á þessum tíma var steinsteypan orðin allsráðandi en timburhúsasmíði nánast aflögð. Lögun hússins, gluggagerð og allt útlit líkist þeim steinsteypuhúsum sem byggð voru um þessar mundir, en þó má einnig greina viss áhrif frá timburhúsum aldamótanna. Húsið er í þokkalegri hirðu og lítið breytt frá fyrstu tíð. Þó hefur gluggum á neðri hæð verið breytt. Við vesturhlið hefur verið byggð sólstofa úr gleri. Í húsinu er ein íbúð.

Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.

Hríseyjargata 9 árið 1989. H.G.

HRÍSEYJARGATA 10

Húsið er einlyft steinsteypuhús, sem Kristján Stefánsson lét reisa árið 1946 eftir teikningu Tryggva Jónatanssonar. Það er að hluta múrhúðað utan með skeljasandi. Húsið hefur verið stækkað til suðurs. Þak er með valma og klætt járni.



Hríseyjargata 10 árið 1989. H.G.

HRÍSEYJARGATA 11

Húsið Hríseyjargötu 11 reisti Þór Sigurþórsson árið 1933. Það er einlyft timburhús á steinkjallara með risi og kvisti á vesturhlið. Við vesturhlið er skúr. Húsið hefur verið einangrað og múrhúðað að utan og gluggum breytt. Í því er ein íbúð.

Enda þótt húsið sé ekki talið hafa varðveislugildi gæti það orðið til prýði í framtíðarbyggð á Oddeyri.

Hríseyjargata 11 árið 1989. H.G.

Húsaröðin við Strandgötu árið 1912. Hluti af ljósmynd H.E. / MSA

6. Húsameistarar, byggingameistarar, smiðir

6.1 Hefðir og hönnun húsa fyrr á tímum

Þegar fjallað er um húsin á Oddeyri vaknar að sjálfsögðu forvitni um höfunda þeirra, þ.e. þá sem hönnuðu þau og byggðu. Í fundagerðabókum byggingarnefndar má oftast sjá hver sækir um leyfi til að byggja hús, en að jafnaði er það eigandinn. Sjaldan er getið um smiðinn og líklega er þess aldrei getið sérstaklega hver hugsaði húsið eða hannaði. Sögnin „að hanna“ er nýleg í íslensku máli, en það breytir þó ekki þeirri staðreynd, að menn hafa ávallt myndað sér nokkuð afdráttarlausa skoðun á því fyrirfram hvernig hús skyldi byggt, hver yrði herbergjaskipan, hve stórt húsið skyldi vera, lögun þess í aðalatriðum, stíll og útlit.

Það kom að jafnaði í hlut byggingameistara hússins að hugsa það fyrirfram í samvinnu við eiganda þess. Í þessum efnum fylgdu menn nokkuð fastmótuðum hefðum sem ekki var vikið verulega frá nema gild rök mæltu með því. Herbergjaskipan timburhúsa á seinni hluta 19. aldar var t.d. með nokkuð fastmótuðum hætti sem smiðir viku ekki frá af sköpunargleði einni saman eða sér og öðrum til skemmtunar. Með nokkrum rétti má því segja að hvert hús hafi ekki verið sérstakt hugverk nema að því leyti sem vikið var frá hefðinni. Að því leyti sem það fylgdi gildandi hefðum var það ekki sjálfstætt hugverk.

Mótun húsa varð ekki sérstakt viðfangsefni fyrr en kom fram á 20. öldina og samtímis losnaði um þær hefðir sem fylgt hafði verið í mótun húsa.

Ekki hafa varðveist teikningar að elstu húsunum á Oddeyri. Það var ekki fyrr en við gildistöku byggingarlaganna frá 1905 sem algengt varð að uppdrættir væru gerðir að nýjum húsum og þeir lagðir fyrir byggingarnefnd. Í lögunum sagði að byggingarnefnd geti: „ávalt heimtað uppdrátt, ef um nýtt hús var að ræða eða verulegar breytingar á eldra húsi."[45] Það er þó ekki fyrr en um 1925 sem farið er að varðveita teikningar að staðaldri með gögnum byggingarfulltrúa. Elsti uppdráttur sem fundist hefur af húsi á Oddeyri er að Grundargötu 1, frá árinu 1924.

Þegar Gránufélagið hóf landnám á Oddeyri hafði eyrin þegar verið sameinuð Akureyri, en engu að síður virðist sem menn hafi talið rétt að þangað skyldu áhrif byggingarreglugerðar Akureyrar ekki ná. Á köflum féllu fundir byggingarnefndarinnar á Akureyri niður eða voru a.m.k. stopulir og því færri heimildir um fyrstu húsin á Oddeyri í bókum hennar en ella.[46]

Að jafnaði er það því svo, að smiðir elstu húsanna á Oddeyrinni eru óþekktir.



Gamla apótekið, Aðalstræti 4, um 1920. Jón Chr. Stephánsson reisti húsið árið 1858 og var það lengi talið eitt glæsilegasta hús bæjarins. Það markaði viss þáttaskil í húsagerðarlist á Norðurlandi. H.E. / MSA.

6.2 Helstu trésmiðir

Á þeim tíma sem Oddeyri byggðist voru allmargir trésmiðir starfandi á Akureyri. Guðmundur Hannesson nefnir þá helstu í Iðnsögu Íslands.[47] Fyrstan má nefna Jón Chr. Stephánsson, sem lærði smíðar hjá Ólafi Briem timburmeistara á Grund. Hann dvaldi síðan í Danmörku í tvö ár og lærði þar skipasmíðar, en settist að á Akureyri 1858. Hann smíðaði allmörg hús á Akureyri, þar á meðal Apótekið , Aðalstræti 4, sem lengi var talið glæsilegasta hús bæjarins og markaði þáttaskil í byggingarmálum Akureyrar. Hann byggði einnig hina fyrstu Akureyrarkirkju.[48] Talið er að hann hafi byggt Gránufélagshúsin sem reist voru við Strandgötu í þremur áföngum á árunum 1873-1883, og Hótel Oddeyri árið

45 Klemens Jónsson: *Saga Akureyrar;* 212.
46 Hjskjs. Ak. og Eyf.: Fundargerðir byggingarnefndar.
47 Guðmundur Hannesson: *Iðnsaga Íslands;* 195
48 Fyrsta kirkja Akureyrar var reist þar sem nú er lóð Minjasafnsins við Aðalstræti.
49 Guðmundur Hannesson: *Iðnsaga Íslands;* 195.

1885.[49] Jón starfaði við smíðar fram undir aldamót.

Tryggvi Gunnarsson, smiður, alþingismaður og bankastjóri, lærði einnig hjá Ólafi á Grund. Hann var einn af forystumönnum Gránufélagsins og varð kaupstjóri félagsins fljótlega eftir stofnun þess. Hann dvaldi þá yfirleitt í Kaupmannahöfn á veturna en á Oddeyri á sumrin. Ekki er vitað um neitt hús á Oddeyri eftir Tryggva enda hefur hann sennilega verið hættur smíðum þegar hér var komið sögu. Tryggvi stóð fyrir smíði Laufáskirkju í Eyjafirði árið 1865, en hún telst meðal tímamótabygginga á Norðurlandi. Hann var athafnasamur maður og tók að sér stjórnun ýmissa framkvæmda. Sá hann meðal annars um lagningu vegarins milli Oddeyrar og Akureyrar sem þótti vandasamt og erfitt verk.

Á síðustu tveimur áratugum 19. aldar, voru helstu smiðir aðrir á Akureyri, Snorri Jónsson, Davíð Sigurðsson, Bjarni Einarsson og Sigtryggur Jónsson.

Snorri Jónsson lærði skipasmíðar í Danmörku og settist að á Oddeyri 1880. Hann stundaði jöfnum höndum skipasmíðar og húsbyggingar, og var einn helsti smiður á Akureyri á síðustu áratugum 19. aldar. Snorri lagði jafnframt stund á verslun.[50]

Meðal helstu húsa sem Snorri byggði, má nefna Sjúkrahúsið og íbúðarhús Guðmundar Hannessonar við Spítalaveg 9 og íbúðarhús Páls Briem amtmanns á Barðsnefi.[51] Þá reisti hann tvö hús fyrir sjálfan sig á Oddeyri, fyrst Norðurgötu 11, síðar Strandgötu 29, sem var um margt einstakt hús. Það stóð á háum, steinhlöðnum sökkli, var tvílyft með mikilli lofthæð og var mun stærra en flest önnur hús bæjarins. Þá mun hann hafa byggt nokkur smáhýsi á Oddeyri, og hafa húsin Norðurgata 2-6 verið talin vera verk Snorra.

Kristján Sigurðsson lærði hjá Snorra Jónssyni á árunum 1896-1898. Hann hefur lýst vistinni hjá honum og kemur þar margt athyglisvert fram. Snorri var þá sjálfur að mestu hættur smíðum en sagði lærlingum sínum fyrir verkum.



Laufáskirkja í Eyjafirði 1985. Tryggvi Gunnarsson reisti kirkjuna árið 1865. H.S.

50 Klemens Jónsson: *Saga Akureyrar;* 158.
51 Hafnarstræti 49.

Kristján segir svo frá í drögum að sjálfsævisögu sem rituð eru 1945:

> *Eftir þetta [þ.e. fyrsta sumar hans hjá Snorra, 1896] vann Snorri ekki við húsabyggingar öðru vísi en svo, að hann kom við og við til að segja fyrir um herbergjaskipun og mæla fyrir dyrum og gluggum. Aldrei var nokkurt hús teiknað fyrir fram, enda var hér þá enginn iðnskóli og lærðum við því ekkert í teikningu. Þegar byggja átti hús, var aðeins sagt fyrir, hve stórt það ætti að vera. Síðan var grindin höggvin saman og þá um leið ákveðið, hvar gluggar og dyr skyldu vera. Því næst var húsið reist, klætt utan og síðan þakið. Þá voru settir í það gluggar og útihurðir. Að því loknu var lagt í það gólf og loft, og síðan farið að skipuleggja innréttingu og mæla fyrir skilrúmum í samráði við eiganda hússins. Voru þá skilrúm öll strikuð með krítarsnúru á gólfið, og eftir þeim sett skilrúm.*[52]

Kristján lýsir hér framvindu byggingarinnar frá sjónarhóli lærlingsins. Auðvitað hefur ýmislegt verið ákveðið um fyrirkomulag og gerð hússins bæði með teikningum og umræðum þótt lærlingurinn hafi ekki verið þátttakandi. Þeir timburmeistarar sem dvalið höfðu erlendis fengu a.m.k. sumir sérstaka tilsögn í teikningu. Varðveist hafa teikningar eftir Jón Chr. Stephánsson að Apótekinu, Möðruvallakirkju og fleiri húsum.

Vera kann að lýsing Kristjáns fái staðist þegar um venjuleg hús var að ræða, t.d. lítil íbúðarhús. Þau kunna að hafa verið reist samkvæmt fyrirmælum meistarans, enda hafi verið um eins konar týpur að ræða, þ.e. að stærðir, hlutföll og herbergjaskipan hafi verið með fastmótuðu sniði. Eins getur verið að meistarinn hafi gert uppdrátt þó hann hafi ekki sýnt hann lærlingum, heldur sagt þeim fyrir verkum á staðnum.

Kristján lýsir einnig vinnunni og aðbúnaði lærlinga. Fjórir lærlingar bjuggu sam-



Teikningar Jóns Chr. Stephánssonar að Aðalstræti 12, Bauknum, frá 1866. Frummynd í vörslu Héraðsskjalasafnsins á Akureyri.

52 Kristján S. Sigurðsson: „Endurminningar Kristjáns S. Sigurðssonar. Ágrip af sjálfsævisögu." *Nýjar Kvöldvökur* XLIV árg. 4. hefti 1951; 127

an í herbergi í húsi Snorra og höfðu þar fæði. Vinnuharka var mikil, jafnan unnið 11 stundir á dag og frídagar fáir, aðeins helstu helgidagar.

Í frásögn Kristjáns kemur einnig fram að ekki tíðkaðist á þessum tíma að lærlingar tækju próf í lok námstímans. Hann segir frá því að þegar dró að lokum námstímans hafi Klemens Jónsson, sem þá var nýorðinn sýslumaður á Akureyri, viljað að hann smíðaði sveinsstykki og fengi þar með sveinsbréf. Sveinsstykki Kristjáns voru hurðirnar í hús Guðmundar Hannessonar, Spítalavegi 9. Smíðaði hann 9 hurðir sem allar voru gagnstrikaðar (kontrakýldar). Þótti gott dagsverk að smíða eina stumpahurð á dag, þ.e. óstrikaða hurð, en hálfan annan dag að smíða strikaða.

Upp úr aldamótum voru þeir Jónas Gunnarsson og Sigtryggur Jóhannesson einna mikilvirkastir smiða á Akureyri og áttu m.a. fyrstu trésmíðavélar bæjarins. Þá má einnig nefna Gunnar Guðlaugsson, sem bjó og starfaði á Oddeyri. Hann stundaði verslun með byggingarefni og flutti inn klæðningu, zinkjárn eða steinblikk, sem enn má sjá á mörgum húsum á Akureyri. Yngri voru svo Jón Guðmundsson og Sveinbjörn Jónsson, en sá síðast nefndi byggði einkum steinhús.[53]

Aðalstræti 15, árið 1907, eitt fjölmargra plankabyggðra húsa sem Jónas Gunnarsson og Sigtryggur Jóhannesson reistu á Akureyri um aldamótin. H.E. / MSA.

6.3 Steinhúsin - steypuhús

Á Oddeyri eru nokkur hlaðin steinhús, aðeins eitt úr blágrýti en nokkur úr steyptum hleðslusteinum. Guðmundur Hannesson segir að enginn „fullnuma stein- eða múrsmiður" hafi verið starfandi á Akureyri fyrir aldamót, og lítið byggt þar úr steini. Kjallarar undir timburhús hafi verið gerðir úr „lítt löguðum blágrýtissteinum". Hann nefnir einn mann sem starfaði að kjallarahleðslu, Jónatan Jósefsson múrara. Hjá honum lærðu tveir menn sem störfuðu síðan á Akureyri, sonur hans Tryggvi, sem getið er hér á eftir, og Páll Markússon, sem kom á fót fyrstu steinsteypu á Norðurlandi skömmu eftir aldamót.

Fyrstu steinsteypuhúsin á Oddeyri voru

53 Guðmundur Hannesson: *Iðnsaga Íslands;* 196

byggð á öðrum áratugi þessarar aldar. Svo virðist sem fyrstu steinsteyptu húsin hafi verið Strandgata 45, stórt og glæsilegt íbúðarhús, og smiðja sem byggð var á lóðinni Gránufélagsgata 22 árið 1914. Ekki varð umbyltingin þó hröð í þessum efnum og fá steypuhús virðast byggð þar til nokkuð var liðið á 3. áratuginn. Árið 1920 var Norðurgata 19 byggð úr steinsteypu og á næstu árum voru byggð nokkur steinhús. Árið 1926 virðist koma mikill kippur í byggingu steinhúsa en þá eru allmörg steinhús byggð á Oddeyri. Fyrstu steinhúsin eru lítil einlyft hús með risi, yfirleitt ætluð einni fjölskyldu, en þó eru byggð nokkuð stærri hús fyrir tvær fjölskyldur og má þar nefna húsin Norðurgötu 16 og 26.

Um 1920 má greina viss þáttaskil í húsagerð á Akureyri. Þá koma til skjalanna menn sem hlotið hafa sérhæfða menntun eða þjálfun í húsagerð.

Fyrstan þeirra má nefna Sveinbjörn Jónsson. Hann kom til Akureyrar 1920, og hafði þá gengið á tækniskóla í Noregi og „lært steinsteypu“ eins og Guðmundur Hannesson orðar það í Iðnsögunni.[54] Sveinbjörn starfaði sem byggingameistari á Akureyri á árunum 1920 - 1936, og byggði mörg hús, bæði þar og víðar á landinu. Hann teiknaði allmörg hús og eru teikningar eftir hann varðveittar hjá byggingarfulltrúanum á Akureyri. Af húsum eftir hann á Akureyri má þar nefna hús KEA við Hafnarstræti, tvö íbúðarhús við Aðalstræti, nr. 58 og 72, auk fjölmargra annarra íbúðarhúsa. Þá eru til teikningar að sjö húsum eftir Sveinbjörn á Oddeyri, þeirra á meðal Norðurgötu 16 og 26, Lundargötu 12 og Gránufélagsgötu 33.

Sveinbjörn innleiddi nýja byggingaraðferð er hann hóf framleiðslu á hleðslusteinum úr steypu, svokölluðum r-steini. Sveinbjörn hannaði vél eða tæki til að steypa slíka steina og fékk einkaleyfi á henni. Slíkar vélar voru síðan smíðaðar í einhverjum mæli og urðu því til nokkurs konar r-steina verksmiðjur á ýmsum stöðum á Norðurlandi.[55]





Baðhús á lóð Snorrahúss við Strandgötu. eftir frumteikning Sveinbjarnar Jónssonar. Byggingafult. á Ak. / H.S.

54 Guðmundur Hannesson: *Iðnsaga Íslands;* 196

55 Ágúst Jónsson, bróðir Sveinbjarnar, átti slíka vél og byggði hús á Ólafsfirði. Sú vél er nú í vörslu Minjasafnsins á Akureyri.

Fyrsta húsið sem reist var úr r-steinum á Akureyri var Oddeyrargata 15, sem reist var árið 1920. Sveinbjörn byggði allmörg hús á þennan hátt á næstu árum, nokkur þeirra á Oddeyri. Meðal þeirra er Iðnskólinn við Lundargötu nr. 12 og næsta hús norðan skólahússins, Lundargata 14.

Árið 1931 bað Sveinbjörn Jónsson byggingarnefnd Akureyrar um vottorð um r-steinaveggjagerð. Þriggja manna nefnd sem skipuð var af bæjarfógetanum á Akureyri var falið að skoða þau hús sem þá höfðu verið reist úr r-steini en þau voru um tuttugu talsins. Í álitsgerð nefndarinnar kemur fram að hún hefur skoðað húsin bæði að utan og innan, sérstaklega múrhúð með tilliti til sprungna. Tekið er fram að hér gildi hið sama og um steinsteypt hús, þ.e. að vanda verði til múrhúðunar að utan. Hús úr r-steini voru talin hafa reynst „sérlega hlý og rakalaus. Og hafa ekki komið fram á þeim neinir þeir gallar, sem benda til þess að þau séu ótraustari en önnur steinhús.“ [56] Nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að r-steinsveggir henti vel í smærri íbúðarhús. Ekki er ljóst af hverju r-steinsveggjagerð lagðist af. Vera kann að orsökin sé a.m.k. að hluta til sú, að ekki hentaði að nota ný einangrunarefni í slíkum veggjum.

Sveinbjörn virðist hafa verið afar iðinn maður og frumlegur í hugsun því hann fitjaði upp á mörgum nýjungum í húsagerð. Starfsvettvangur hans var alls ekki bundinn við Akureyri, heldur má finna verk hans víða um land. Hann notfærði sér snemma hverahita til húshitunar, e.t.v. fyrstu manna, með sjálfrennandi, lokuðu hringrásarkerfi. Hann gerði tilraunir til að byggja hús úr innlendum leir. Sveinbjörn gerði tilraunir með steinsteypt húsþök, bæði sem hvolfþök og söðulþök.

Mörg þeirra húsa sem Sveinbjörn byggði bera óljóst, persónulegt svipmót hans. Í þessu yfirliti gefst hvorki ráð né rúm til að fjalla nánar um það, enda þótt það sé mjög áhugavert umfjöllunarefni. Vert er þó að geta þess, að uppi á brekkunni, við Þingvallastræti og Lögbergsgötu, er húsahverfi sem Sveinbjörn Jónsson mótaði og

Möðruvallastræti 2 sem Sveinbjörn Jónsson teiknaði og reisti árið 1935.

Aðalstræti 72 sem Sveinbjörn teiknaði og reisti árið 1931. G.I.

56 Lýður Björnsson: *Steypa lögð og steinsmíð rís.* Safn til iðnsögu Íslendinga 5. bindi; 104.

byggði, sem enn er mjög heillegt og ber skýr sérkenni húsagerðar Sveinbjarnar. Mörg af húsum Sveinbjarnar bera skýr einkenni fúnkis stefnunnar s.s. Möðruvallastræti 2, en mörg þeirra bera þó bæði einkenni fúnkis og klassíkur eins og t.d. Aðalstræti 72.[57]

Halldór Halldórsson arkitekt tók til starfa á Akureyri um svipað leyti og Sveinbjörn. Hann lagði stund á tæknifræði í Þýskalandi á árunum 1921-24. Halldór var fyrsti byggingafulltrúi á Akureyri og starfaði þar á árunum 1928-1944, en flutti þá til Reykjavíkur þar sem hann starfaði hjá Skipulagi ríkisins og síðar sem framkvæmdastjóri Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

Halldór teiknaði allmörg hús á Oddeyri á þeim tíma sem hann starfaði á Akureyri. Þau eru flest lítil steinhús. Til eru teikningar af 9 húsum Halldórs á Oddeyri, meðal þeirra eru sambyggð hús við Gránufélagsgötu 39-41. Ekki er auðvelt að greina persónuleg einkenni á húsum Halldórs eða finna þeim einhvern samnefnara.

Bæði Sveinbjörn og Halldór fengust við kennslu í Iðnskólanum á Akureyri, og áttu þannig þátt í því að bæta menntun iðnaðarmanna.

Síðastur þeirra sem hér verða nefndir, er Tryggvi Jónatansson. Hann lærði múraraiðn hjá föður sínum Jónatan Jósepssyni, og fékk leyfi til að standa fyrir byggingum á Akureyri 1928. Tryggvi var byggingafulltrúi 1944-1957.

Tryggvi byggði mjög mikið á Akureyri á árunum milli stríða og er talið að hann hafi teiknað á annað hundrað hús. Til eru teikningar að 10 húsum eftir Tryggva á Oddeyri. Auk þeirra eru nokkur hús eftir Tryggva skammt utan þess svæðis sem fjallað er um í þessari skýrslu. Vegna sérstöðu þeirra þykir rétt að fara um þau fáeinum orðum, enda eru þau merkur þáttur í húsagerðarsögu Akureyrar og eru merkt framlag til að bæta hýbýlahætti.

Húsin standa við Ægisgötu og eru að öllu leyti verk Tryggva. Hann „samdi og teiknaði húsin, réði öllum leiðslum og fyr-

Hús Tryggva Jónatanssonar við Ægisgötu um 1940.
LV. / MSA.

57 Þetta er auðvitað mótsagnakennt því fúnkisstefnan var hugsuð sem algjör andstaða gegn allri fortíðarhyggju í byggingarlist.

irkomulagi, keypti allt efni, múraði og stóð fyrir byggingunni."[58] Fyrir honum vakti að byggja ódýr en vönduð hús fyrir efnalitlar fjölskyldur. Húsin eru einlyft með lágu valmaþaki, ekki öll jafnstór, og þeim er lýst þannig:

> *Þau eru flest hlaðin úr r-steini og einangruð með mómylsnu, húðuð utan og innan og frá öllu er gengið svo sem venja er til í góðum íbúðarhúsum. Þakið er úr tré og klætt pappa og bárujárni. Á gólfum eru linóleumdúkar. Loft, hurðir og gluggar olíumálað, en veggir fóðraðir. Í húsunum er venjuleg miðstöð, eldavél og þvottapottur. Raflagnir og lýsing er eins og bezt verður á kosið.*[59]

Þessi hús Tryggva voru framan af talin heldur lágkúruleg og voru þau oft kölluð „hundakofar". Fljótlega lærðu menn þó að meta þessi hús. Viðurnefnið hvarf og húsin eru enn í fullu gildi.

Á því svæði sem þessi húsakönnun nær til eru tvö hús af svipaðri gerð og umrædd hús við Ægisgötu. Þetta eru húsin Hríseyjargata 8 og 10.

58 „Tryggvi Jónatansson, byggingameistari á Akureyri og húsin hans við Ægisgötu": *Tímarit iðnaðarmanna* XV.3. 1942; 44

59 Sama heimild.

Horft yfir Oddeyrina um 1930. H.E. / MSA

6.4 Teikningar húsa á Oddeyri, varðveittar hjá byggingarfulltrúa á Akureyri

Teikningar eftir **Halldór Halldórsson:**		Byggingarár:
Gránufélagsgata	28	1928
–	39-41	1928
Norðurgata	19	1920
–	34	1930
–	37	1933
–	38	1929
Fróðasund	9	1929
Hríseyjargata	3	1937
–	9	1929

Teikningar eftir **Sveinbjörn Jónsson:**		
Gránufélagsgata	33	1920
Norðurgata	16	1926
–	26	1926
–	33	1926
Lundargata	12	1927
Hríseyjargata	6	1926
Byggt 1931 eftir breyttum teikn. T.J.		
Grundargata	1	1928
Verkstæði, byggt við íbúðarhús.		

Teikningar eftir **Tryggva Jónatansson:**		
Strandgata	47	1941
Gránufélagsgata	23	1934
Norðurgata	8	1933
Söluturn		
Fróðasund	3	1925
Lundargata	6	1931
–	7	1946
Viðbygging, þvottahús		
Hríseyjargata	2	1925/37
–	6	1931
–	8	1942
–	10	1946

Aðrir sem teikna hús á Oddeyri:

Aðalsteinn Þórarinsson:		
Norðurgata	35	1939
Ágúst Ágústsson:		
Norðurgata	36	1930
Ármann Sveinsson:		
Norðurgata	32	1930
Magnús Bjarnason:		
Gránufélagsgata	27	1925
Ólafur Ágústsson:		
Grundargata	1	1924

Horft upp Strandgötu í byrjun aldarinnar, eftir 1908. H.E. / MSA.

7 Niðurstöður

7.1 Varðveisla húsa og friðun

Hér verður gerð nokkur grein fyrir áliti skýrsluhöfunda á varðveislugildi byggðar á Oddeyri.

Fyrst ber að geta þess rækilega að hér verður gerður greinarmunur á friðun húsa annars vegar og varðveislu hins vegar. Varðveisla er miklu víðara hugtak en friðun. Hús má varðveita á ýmsa vegu og bæjaryfirvöld geta stuðlað að varðveislu byggðar með ýmsu móti og í margvíslegu skyni. Friðun húss samkvæmt þjóðminjalögum er hins vegar lögformleg aðgerð til að tryggja varðveislu og skynsamlega meðferð einstakra húsa sem þykja hafa mikið menningarsögulegt gildi. Friðun er sem

sagt aðeins ein af fleiri aðferðum til að tryggja varðveislu húsa og sú þeirra sem notuð er þegar mest er í húfi.

Önnur aðferð sem til greina kemur er að í deiliskipulagi verði settir skilmálar um að húsin skuli varðveitt og að ekki sé heimilt að breyta þeim nema innan ákveðinna marka.

Ennfremur er það þekkt aðferð til að tryggja varðveislu gamalla húsa með skipulagsaðgerðum, að ákvæði um hámarksnýtingu lóða eru þannig sett, að fjárhagslegur ávinningur er af því fyrir eigendur húsa að varðveita þau og halda þeim í góðu lagi. Byggingarreglugerð má einnig beita til þess að tryggja góða varðveislu byggðarinnar, en með markvissu aðhaldi byggingarnefndar má stuðla að því að breytingar á húsum og viðhald þeirra verði í samræmi við markmið varðveisluskipulags.

Á Oddeyri eru tvö hús sem friðuð eru samkvæmt þjóðminjalögum, Gránufélagshúsin við Strandgötu og prentsmiðjuhúsið við Norðurgötu. Þótt friðuðu húsin séu hér talin tvö þá mun nær sanni að telja þau fimm því Gránufélagshúsin eru í raun þrjú sambyggð hús og steinhúsið við Norðurgötu er reyndar tvö sambyggð hús. Gránufélagshúsin hafa nýlega hlotið verulegar endurbætur samhliða breyttri notkun. Öll þarfnast þessi hús mikilla endurbóta á næstu árum ef viðunandi á að telja.

Það er mat okkar að ekki sé ástæða til að friða fleiri hús á Oddeyri skv. þjóðminjalögum. Ekkert húsanna hefur slíkt menningarsögulegt gildi að ástæða sé til friðunar.

Hins vegar teljum við ástæðu til að varðveita nokkra þætti byggðarinnar án þess að til friðunar einstakra húsa verði gripið.

7.2 Lagalegur grundvöllur friðunar og varðveislukvaða

Vert er að geta þess, að í byrjun árs 1990 tóku gildi ný þjóðminjalög. Meðal þeirra atriða sem þar hafa verið endurskoðuð er heimild til friðunar húsa. Nú er heimilt að friða hús eða húsasamstæður sem hafa menningarsögulegt gildi í heild sinni en fram til þessa náði friðunarheimild aðeins til einstakra húsa. Enn sem komið er hefur þessi nýja heimild ekki verið notuð og því er enn óljóst hvernig slík friðunarheimild verður í framkvæmd.

Samkvæmt gildandi skipulagslögum frá 1964 er heimild til þess að setja kvaðir á byggð eftir því sem stjórn sveitarfélags telur ástæður til. Varðveislukvaðir hafa verið settar í deiliskipulagi hér á landi á tvo vegu eins og fyrr hefur verið nefnt, þ.e. annars vegar með óbeinum leiðum, að ekki megi auka nýtingu, breyta um notkun eða byggja annars konar hús en fyrir er, hins vegar beinlínis með því að kveða á um að markmið skipulagsins sé að varðveita hús á viðkomandi svæði. Lögfræðinga hefur hins vegar greint á um hvort slíkar kvaðir feli í sér þess háttar skerðingu á eignarrétti að leitt geti til skaðabótaskyldu sveitarfélags.

Reyndar er það svo að í nágrannalöndum okkar, þar sem skipulagsráðstafanir af þessu tagi eiga sér lengri sögu og þar sem við höfum leitað fyrirmynda í skipulagslöggjöf okkar, er yfirleitt heimilt að setja varðveislukvaðir án þess að skaðabætur komi til álita. Að jafnaði þykir mönnum nokkur vegsauki að því að hús þeirra skuli álitin svo mikilvæg að þau beri að varðveita til framtíðarinnar.

Á undanförnum misserum hefur staðið yfir endurskoðun skipulagslaganna og hefur við þá vinnu komið til álita að þess verði sérstaklega getið, til að taka af öll tvímæli, að heimilt sé að setja varðveislukvöð á byggð eða einstök hús.

7.3 Yfirbragð byggðar á Oddeyri

Skömmu fyrir og um aldamótin seinustu var byggðin á Akureyri nánast tvískipt. Gamla Akureyrin, sem nú kallast Innbærinn og Fjaran, var hinn upphaflegi bær en vegna landþrengsla hafði risið ný byggð á Oddeyrinni. Þar var nóg landrými og um aldamótin var þar vaxtarbroddur bæjarins. Fyrstu húsin á Oddeyrinni voru verslunarhús Gránufélagsins og smám saman risu hús í einfaldri röð vestur frá þeim. Strandgatan var þá þegar þétt skipuð stórum íbúð-

Húsaröð við Strandgötu, loftmynd árið 1931. V.S. / MSA.

ar- og verslunarhúsum að norðanverðu. Sunnan götunnar var flæðarmálið og þar voru bryggjur út í Pollinn. Norður úr Strandgötunni mynduðust á fáum árum þvergötur þar sem risu minni hús, einkum íbúðarhús.

Byggðin á Oddeyri mótaðist ekki í upphafi af formlegu skipulagi heldur voru það einfaldlega staðhættir sem skipuðu húsunum í einfalda röð meðfram sjávarkambinum. Um 1877 er fyrst vitað um viðleitni til að skipuleggja byggðina á Oddeyri og um og upp úr aldamótum eru gerðir skipulagsuppdrættir að byggðinni með því gatnakerfi og lóðaskipan sem við búum enn við í höfuðdráttum. Eftir þessum hugmyndum byggðist syðsti hluti Oddeyrar nánast að fullu fyrir 1925. Þegar aðalskipulag Oddeyr-

ar var gert árið 1927 var sú skoðun ríkjandi að timbur væri ekki byggingarefni til frambúðar og að steinsteypan hlyti að leysa timburhús af hólmi. Í þeim anda var gert ráð fyrir algerri endurnýjun byggðar á Oddeyrinni og reyndar bænum öllum en gatnakerfi Oddeyrar skyldi þó haldast óbreytt. Fáein hús risu á Oddeyri samkvæmt hugmyndum þessa skipulags án þess þó að það næði yfirhöndinni í svipmóti bæjarhlutans. Yfirbragð byggðarinnar er ennþá í stærstu atriðum hið sama og í byrjun aldarinnar, reglulegt gatnakerfið er óbreytt og byggingarmynstrið einkennist af stakstæðum húsum, stór hús í sveig við Strandgötuna en minni íbúðarhús að baki þeirra.

Ummerki seinni skipulagshugmynda eru þó glögg þeim sem til þekkja. Allstór steinsteypuhús við Gránufélagsgötu vitna m.a. um skipulagið frá 1927. Þar standa hús sem áttu að verða upphafið að randbyggð og skyldu jafnframt afmarka lítið torg við enda Grundargötu.

Húsaröðin við Strandgötuna lá frá upphafi í sveig meðfram flæðarmáli Oddeyrarinnar og sást langt að þegar komið var til bæjarins að sunnan. Húsin sáust vel frá gömlu Akureyrinni og frá veginum milli bæjarhlutanna. Frá upphafi aldarinnar hefur Strandgatan átt mjög drjúgan þátt í svipmóti Akureyrar og var lengi talin ein fegursta gata bæjarins. Í nokkurn tíma hefur byggingum við Strandgötuna hrakað mjög. Sum glæsilegustu húsin hafa horfið, brunnið eða verið rifin. Öðrum hefur ekki verið haldið við sem skyldi og yfirbragð götunnar er ekki jafn glæsilegt og það var.

Megin niðurstaðan þessara skýrslu er sú að varðveita beri yfirbragð byggðarinnar á Oddeyri. Það sem nánar er átt við er þetta: Gatnakerfi verði að mestu leyti óbreytt, hús verði að mestu leyti stakstæð, álíka há og ámóta stór og þau eru nú. Ummerki eftir skipulagið frá 1927 verði varðveitt og endurbætt.

Húsaröðin við Strandgötu hefur ótvírætt menningarsögulegt gildi fyrir Akureyri auk umhverfislegs gildis, sem reyndar hefur farið dvínandi eftir því sem fleiri skörð hafa komið í húsaröðina og húsunum hefur hrakað af viðhaldsleysi. Stefna ber að því að gömlu húsin við Strandgötu verði endur-

Horft niður eftir Strandgötu árið 1989. H.S.

bætt og fyllt í skörðin svo að húsaröðin nái aftur þeim sess að verða bæjarprýði og bera um ókomin ár vott um einn merkasta kaflann í byggingarsögu Akureyrar. Heldur verður að telja að stefnt hafi í rétta átt. Þar ber hæst endurbætur á Gránufélagshúsunum samhliða því sem þau hafa fengið nýtt hlutverk og endurbætur á gatnakerfinu með tilkomu nýrrar götu sunnan við Strandgötuna.

Byggðin norðan við Strandgötu er heilsteyptari við Norðurgötu og Lundargötu en á eystri hluta eyrarinnar og jafnframt er hún ívið eldri. Stuðla ber að varðveislu byggðarinnar við þessar götur. Byggðin hefur sterk einkenni sem ekki er að finna annars staðar. Húsin eru sviplík hvert öðru, húsagerðirnar fáar og sérstakar, yfirbragð byggðarinnar með sterkum aldamótablæ.

Varðveisla þessara húsa er erfiðari en húsanna við Strandgötu, einkum vegna smæðar þeirra og ástands. Flest húsin þarf að endurbæta og líklegt má telja að stækka þurfi mörg þeirra með viðbyggingum ef þau eiga að vera nothæf til íbúðar í framtíðinni. Slíkar breytingar þarf að gera með mikilli varfærni og gæta þess vel að yfirbragð byggðarinnar haldist.

Til að það takist verða bæjaryfirvöld að hafa mótað eindreginn vilja í þá átt og þeim vilja verður að fylgja eftir með stjórnun. Mikilvægt er að húseigendum sem þurfa að stækka og bæta hús sín verði veitt þjónusta, teikningar og ráðgjöf, til að tryggja að umbæturnar falli að markmiðum varðveisluskipulagsins.

Sum húsanna við þessar götur eru að líkindum svo léleg að ekki er raunhæft að ætla eigendum þeirra að halda þeim við til frambúðar. Til að svo megi verða þarf ef til vill að endurbyggja þau að öllu leyti. Því verður að ætla að sum gömlu húsanna muni hverfa í tímans rás og þarf þá að gæta vel að því að þau nýju hús sem reist verða falli vel að byggðinni.

Um aðra þætti umhverfis á Oddeyri er þetta að segja: Áberandi er hve lítil vinna og alúð hefur verið lögð í opinberar framkvæmdir bæjarfélagsins á Oddeyrinni. Hvergi örlar á fallegri, varanlegri gatnagerð frá gamalli tíð. Engin falleg opinber mannvirki er þar að sjá þrátt fyrir rúmlega einnar



Horft til suðurs eftir Lundargötu árið 1989. H.S.

aldar sögu bæjarhlutans. Svipuðu máli gegnir um íbúðarlóðir. Óvíða getur að líta fallegar, velhirtar lóðir. Töluvert er um gamlan trjágróður sem vitnar um fyrri metnað húseigenda til að snyrta lóðir sínar og prýða. Af gömlum ljósmyndum sem til eru af Oddeyrinni má sjá fallega garða með sællegum gróðri sem staðfesta að umhverfinu hefur hnignað í seinni tíð.

Helstu umhverfisgæði Oddeyrarinnar, önnur en gömul byggð, eru fólgin í grónum görðum, nálægð Pollsins og fjallasýn til suðurs og vesturs. Flest annað er niðurnítt og ber vott um skort á umhyggjusemi og alúð.

Rétt er að ítreka það hér sem segir í formála þessara skýrslu, að tilgangurinn með því að prenta hana og koma henni til almennings er meðal annars sá að auka þannig áhuga á byggðu umhverfi Oddeyrar og jafnframt með þá von í brjósti að af því glæðist áhugi á umhverfisbótum og góðri meðferð húsanna.

Í meginatriðum er niðurstaða þessarar greinargerðar sú sama og Þorsteinn Gunnarsson arkitekt komst að fyrir tæpum tuttugu árum er hann lagði mat á varðveislugildi byggðarinnar á Oddeyri. Vinna hans var hluti af undirbúningi að aðalskipulagi Akureyrar 1972-'93.

Í gildandi aðalskipulagi Akureyrar fyrir árin 1972-1993 er gerð grein fyrir æskilegri varðveislu byggðar í eldri hlutum bæjarins. Þar segir um Strandgötu og Oddeyri:

> *Strandgatan er vafalítið ein fegursta götumynd bæjarins, húsin hafa sum hver rólegt og virðulegt yfirbragð, þau eru staðsett í mjúkum sveig fjöruborðsins og teygja sig að Oddeyrartanga. Húsin hafa yfirleitt samstætt yfirbragð ef frá er skilin nýbygging að Strandgötu 37, en mismunandi mælikvarði húsanna gefur götumyndinni aukið líf.*
>
> *Á þessum stað er óvenjufallegt útsýni yfir Pollinn og fram Eyjafjörð. Æskilegt er að þessi mannvirki séu notuð fyrir íbúðir, verslanir og skylda starfsemi.*
>
> *Á þessum stað virðist vera ástæða til þess að mæla með rólegri endurnýjun byggðar, þar sem gætt er sérstaklega að gerð og staðsetningu nýbygginga: stök hús, sem fylgja*



Hús við Strandgötu árið 1989. H.S.

fjöruborðinu, einkenna staðinn nú, en æskilegt er, að nýbyggingar taki fullt tillit til þeirra. Jafnframt er nauðsynlegt að kveða á um húshæðir á svæðinu. Þess skal getið, að húsum á þessum stað er yfirleitt mjög vel við haldið.

Nýlega hafa verið hafnar framkvæmdir við hafnargerð á Oddeyrartanga. Hætt er við, að aukið athafnalíf á þessum stað skerði gildi Strandgötunnar, sem óskast varðveitt og aukið.

Um Oddeyrina segir ennfremur:

Á Oddeyri er æskilegt, að sérstök áhersla sé lögð á varðveislu mannvirkja og umhverfis við Lundargötu og Norðurgötu. Hér er safn smáhýsa frá því laust fyrir síðustu aldamót sem bera keim hvert af öðru og hafa ótvírætt umhverfisgildi og í þeim þrífst í dag fjölbreytilegt mannlíf. Æskilegt er að þessi mannvirki séu nýtt fyrir íbúðir, handiðnað, o.þ.h.[60]

Fyrir tuttugu árum var húsum við Strandgötu vel viðhaldið að mati höfunda aðalskipulagsins, en nú er viðhaldi þeirra margra ábótavant. Fleira hefur breyst til hins verra. Nokkur hús hafa verið rifin, þeirra á meðal Snorrahús, sem var eitt hið glæsilegasta við götuna og undantekningalítið hafa útlitsbreytingar á húsunum verið til lýta. Aukin umferð bíla hefur ekki orðið til umhverfisbóta. Teikn eru þó á lofti um bjartari framtíð, eins og fyrr hefur verið sagt. Nýtt hlutverk Gránufélagshúsanna og endurbætur á umferðakerfinu lofa góðu.

Í aðalatriðum eru niðurstöður okkar þó samhljóma áliti aðalskipulagsins. Húsaröðina við Strandgötu, Norðurgötu og Lundargötu teljum við markverðustu hluta Oddeyrarbyggðarinnar og leggjum til að yfirbragð þessarar byggðar verði varðveitt.



Strandgata um 1931. Hluti af ljósmynd. H.E. / MSA.

60 *Aðalskipulag Akureyrar 1972-'93;* 72.



Uppdráttur af byggð á Oddeyri árið 1900, teiknað ofan á nýjan uppdrátt. H.S.



Uppdráttur af byggð á Oddeyri árið 1925, teiknað ofan á nýjan uppdrátt. H.S.



Uppdráttur sem sýnir byggingarefni húsa. H.S.

7.4 Húsagerðir á Oddeyri

Í hverjum landshluta og öllum bæjum má greina sérkenni í húsagerð ef að er gáð. Sérkenni húsa á Akureyri eru mjög sterk og gildir það jafnt um hús frá miðri seinustu öld, aldamótahúsin og steinsteypuhús frá fyrri hluta okkar aldar. Ekki er alltaf auðvelt að koma auga á skýrar orsakir sérkenna af þesu tagi en augljóst er þó að staðbundnum einkennum sem þessum verður gefið mikið vægi í mati á varðveislugildi byggðar.

Stundum tengjast þessi sérkenni afkastamiklum smiðum sem setja persónulegt svipmót sitt á hluta byggðarinnar og fyrir kemur að einkenni megi rekja til einstakra atburða eins og brunans á Oddeyri árið 1908 sem leiddi til þess að mörg hús voru klædd utan með steinskífum til þess að draga úr eldhættu.[61] Enn önnur einkenni má rekja til staðbundinna umhverfisþátta. Á Akureyri voru t.d. ekki hafðar þakrennur á húsum þó að slíkt þætti sjálfsagt í Reykjavík, enda úrkoma minni á Akureyri. Steinblikkið sem svo algengt er á Akureyri er fágætt í öðrum kaupstöðum verður aðeins skilið sem afleiðing þess að innflytjandinn, sem var smiður, bjó á Akureyri.

Húsagerðir á Oddeyri eru margar eins og augljóst má vera. Oddeyrin byggðist á nokkrum áratugum af mörgum mönnum með mismunandi fjárráð og margskonar þarfir.

Eins og þegar hefur verið nefnt þá er nokkur munur á húsunum við Strandgötu annars vegar og húsa norðan hennar hins vegar. Við Strandgötu voru að jafnaði stærri hús.

Gránufélagshúsin eru einstök að gerð. Þar er um þrjú gömul hús að ræða, hið elsta þeirra líklega gamalt verslunarhús sem flutt var frá Seyðisfirði til Akureyrar skömmu eftir 1870. Það er einfalt grindarhús með háu risþaki. Húsinu hefur a.m.k. tvisvar verið breytt mikið að innan, flestu verið umbylt, allir innveggir rifnir og nýtt milliloft sett í stað þess gamla. Við seinustu breytingarnar var nánast allt rifið innan úr húsinu og er það nú einn geymur. Undir



Húsaröð syðst við Norðurgötu 1989. Dæmi um sérstaka húsagerð sem líklega er staðbundin. H.S.

61 Samkv. frásögn Steindórs Steindórssonar fyrrv. skólameistara.

bárujárnsþaki hússins er gömul þakklæðning, rennisúð og undir henni enn eldra þak, spónaþak, sem var nokkuð algengt hér á landi í lok seinustu aldar. Ekki er kunnugt um að til séu lengur önnur hús hér á landi með slíku þaki.

Snorrahúsið, Strandgata 29, sem rifið var árið 1987, var einna stærst húsa við Strandgötu. Það var mjög reglulegt í lögun, tvær hæðir og ris. Í fyrstunni var lárétt vatnsklæðning utan á húsinu en um aldamótin var húsið allt klætt steinskífum. Reyndar settu steinskífur mikinn svip á byggðina á Oddeyri og þó einkum húsaröðina við Strandgötu. Auk Snorrahúss voru a.m.k. þrjú önnur stórhýsi klædd steinskífu. Hótel Oddeyri var um tíma í mjög skrautlegu timburhúsi við Strandgötuna sem var líklega einna skrautlegast allra húsa bæjarins.

Reyndar þróaðist á Akureyri mjög skrautleg timburhúsasmíð skömmu fyrir og um aldamótin. Þar voru líklega smíðuð hlutfallslega fleiri skrauthýsi en í Reykjavík. Mörg þessara húsa voru með turnum og útsöguðu tréskrauti. Önnur húsagerð sem algeng var á Akureyri um aldamótin sótti einkenni sín í ríkari mæli til norsku „katalóghúsanna“ og má nefna Strandgötu nr. 19b og 23 sem dæmi um slík hús. Enn eitt afbrigðið í húsagerð Akureyringa er hús Havsteens kaupmanns, Strandgata 35, sem reyndar hefur glatað mörgu af því sem gerði húsið fallegt í upphafi.

Að baki Strandgötunnar eru smærri hús eins og áður sagði. Einkum eru tvær húsagerðir áberandi þar. Annars vegar eru einlyft lítil hús með portbyggðu risi og miðjukvisti á framhlið. Inngangur þessara húsa var oftast á miðri framhlið þó að því hafi síðar verið breytt.

Hin húsagerðin er tvílyft með lágu risi og var algeng á Akureyri á fyrsta áratug aldarinnar. Tvö slík hús standa við Norðurgötu og voru þau bæði í upphafi byggð á lágum grunni en um 1920 var þeim lyft upp á nýjar undirstöður og hærri.

Nokkur tvíbýlishús frá aldamótunum eru á Oddeyri. Húsin Lundargata 8 og Norðurgata 15 eru dæmi um slík hús þar sem ein íbúð er í hvorum enda, húsinu skipt að lóðréttu í miðju. Að vísu eru þessi tvö hús

Hótel Akureyri, Aðalstræti 12, skömmu eftir 1902. Jónas Gunnarsson og Sigtryggur Jóhannesson reistu húsið úr plönkum árið 1901 en það brann árið 1955. Dæmi um skrautlegan byggingarstíl sem einkenndi Akureyri, einkum við Strandgötu um aldamótin. H.E. / MSA.



Skrautlegar byggingar við vesturhluta Strandgötu sem brunnu árið 1906. Ný hús voru reist strax eftir brunann, sjá ljósmynd á bls. 8. Póstkort í vörslu Þjóðminjasafns Íslands.

ólík um margt og má líta á þau sem tvær gerðir tvíbýlishúsa.

Meðal þess sem einkennir húsin á Oddeyrinni eru byggingarefnin og frágangur þeirra. Í fyrsta lagi má nefna steinskífuna sem líklega hefur hvergi verið notuð í jafn ríkum mæli sem veggklæðning. Lengi settu skífurnar sterkan svip á húsaröðina við Strandgötu. Nú eru aðeins tvö hús eftir skífuklædd og er það álit okkar að gæta þurfi þeirra beggja vel.

Í öðru lagi ber að nefna steinblikkið sem svo algengt er á Akureyri. Mörg hús á Oddeyri eru enn klædd steinblikki en þeim fer fækkandi. Þessar járnplötur með áferð sem líkir eftir steinhleðslu mun hafa borist frá Norður-Ameríku. Gunnar Guðlaugsson smiður, sem búsettur var á Oddeyri, flutti það inn og skýrir það hve algengt steinblikk var og er á Akureyri en sjaldséð í öðrum bæjum.

Áberandi er hve fá timburhús á Oddeyri hafa þakrennur og stingur það nokkuð í stúf við það sem tíðkaðist í Reykjavík um aldamótin. Ekki verður betur séð en þessi hús hafi frá upphafi verð án þakrenna og virðast þær ekki hafa verið álitnar nauðsynlegar á Akureyri. Úrkoma er minni á Akureyri en í Reykjavík og eins telja fróðir menn um staðhætti, að klakamyndun í þakrennum hafi verið mun meira vandamál á Akureyri.

Elstu steinsteypuhúsin á Oddeyri eru frá 1914, en eftir brunann á Akureyri árið 1912 má heita að timburhúsasmíð legðist af. Reyndar eru yngri timburhús á Oddeyri, Hríseyjargata nr. 9 frá árinu 1928 og Lundargata 10 frá 1924, en þau heyra til undantekninga.[62] Fyrstu steinsteypuhúsin bera einkenni síns tíma og örlar nokkuð á rómantískum einkennum í útliti sumra þeirra, sveigjur og bogar á húsgöflum, vísar að turnum o.fl. Samstæða heild slíkra húsa er að finna við norðurhluta Norðurgötu, byggð á þriðja áratugnum.

Skömmu eftir 1930 var farið að byggja lítil hús á Oddeyri úr svokölluðum r-steinum, en það voru hleðslusteinar gerðir úr steinsteypu. Þessi hús báru sum einkenni fúnkis-stefnunnar í húsagerð og að öllu

Skrautlegt hótel við Strandgötu 1. Eftir bruna hótels Oddeyrar við Strandgötu 33 árið 1908 var hótelið til húsa í Strandgötu 1 árin 1910-1915. Strandgata 1 var rifið þegar Landsbankahúsið var reist. H.E. / MSA

62 Lundargata 10 brann árið 1990 eins og fram kemur í húsaskránni.



Uppdráttur sem sýnir varðveislugildi húsa. H.S.

leyti voru þau afsprengi nýrra tíma. Þetta voru oft fremur lág hús, ein hæð á kjallara og með valmaþaki eða jafnvel sléttu þaki. Að grunnfleti voru húsin nær því að vera ferningslaga, þ.e. breiðari en áður var algengt. Horngluggar voru algengir. Fá hús af þessu tagi eru á athugunarreitnum, en þau eru hins vegar algengari fyrir norðan Eiðsvallagötu.

7.5 Varðveislumat

Eins og þegar hefur verið sagt hér að framan eru tvö hús á Oddeyri friðuð skv. þjóðminjalögum vegna menningarsögulegs gildis þeirra og er ekki talin ástæða til að mæla með frekari friðun.

Varðveislugildi byggðarinnar hefur einkum verið metið út frá samhengi húsanna, umhverfi og hlutverki í götumynd eða húsaröð. Á sama hátt og varðveislugildi einstakra húsa er gjarnan metið út frá menningarsögulegu gildi, höfum við jafnframt litið á Oddeyrarbyggðina sem heild og metið gildi hennar sem bæjarhluta. Varðveislugildi húsanna einskorðast við að þau eru hluti af heild, húsaröð eða götuhluta, sem talinn er hafa varðveislugildi.

Til að gefa sem gleggsta mynd af þeim heildum, sem lagt er til að varðveittar verði, hefur húsunum verið skipað í fjóra flokka:

1. Þau hús sem talin eru hafa varðveislugildi hvert um sig, óháð samhengi. Hér eru talin þau hús sem friðuð eru auk Strandgötu 23.

2. Önnur hús sem talin eru hafa varðveislugildi, einkum vegna þess að þau eru hluti af merkri heild, samstæðu, húsaröð, og/eða götumynd, sem talin er hafa varðveislugildi.

3. Áhugaverð hús, „jaðartilfelli“, sem mælt er með að kannað verði hvort fella megi að framtíðarbyggð svæðisins. Hús sem varla verða talin hafa varðveislugildi vegna menningarsögulegs eða listræns gildis, eru ekki hluti heildar sem talin er hafa varðveislugildi, en eru samt sem áður nokkurs virði.

   Sérstæð hús. Byggingar sem gætu líklega orðið meira virði í bættu samhengi, gætu orðið til að gera umhverfið fjölbreyttara.

4. Hús sem talin eru spilla gildum nærliggjandi húsa og æskilegt er að breyta, umskapa eða rífa.

5. Þau hús sem falla utan fyrrnefndra flokka hefur ekki verið felldur dómur um.

Niðurstöður varðveislumatsins má lesa af uppdrætti á bls. 123.

8.0 Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir:

Akureyrarbær:

Byggingafulltrúinn á Akureyri, uppdrættir.

Húsafriðunarnefnd Akureyrar 1989. Norðurgata 17, Akureyri. Skemmdagreining og viðhaldstillögur. Höf.: Þorsteinn Gunnarsson arkitekt Ríkharður Kristjánsson verkfræðing. Viðauki eftir Lárus Zophaníasson: Lítil samantekt um húsið Norðurgata 17 og 17a á Akureyri.

Mælingadeild, uppdráttur Akureyri 1:1000.

Manntal: íbúaskrá 1. des. 1989.

Skipulagsdeild: Oddeyri, byggðarkönnun. 1984. Lýsing á Skipulagi Akureyrarkaupstaðar 1926-1927. Ljósrit. Skipulagsuppdráttur 1926. Aðalskipulag 1927.

Héraðsskjalasafn Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsýslu:

Brunabótafélag Íslands, Akureyrarumboð. Virðingabækur 1916-1922.

Byggingarnefnd, fundagerðir, 1857-1930.

Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Akureyrarkaupstað 1916-1918.

Gránufélag:
V3/6 Höfuðbók 1874
V3/259 Ýmis skjöl
V3/272 Rekstur verslana 1873
V3/282 Yfirlit yfir ástand og efnahag Gránufélagsins 31. desember 1873.
V3/458 Aðalfundabók, 1869-1899
V3/459 Aðalfundabók, 1905-1912
V3/460 Fundabók Gránufélagsins, 1876-1907
V3/461 Fundabók Gránufélagsins, 1907-1913

Jón Sveinsson: „Jónsbók" II, lóðir og hús á Akureyri til ársins 1933. Handrit.

Manntöl 1870, 1880, 1890, 1901. Afrit.

Þórhallur Bragason: Nokkrar heimildir um gömul hús á Oddeyri. 1981. Ljósrit.

Uppdrættir: Oddeyri ódagsett (líklega 1900).
Oddeyri 1901.
Oddeyri 1904.

Annað:

Fasteignamat ríkisins: Fasteignamat 1. des. 1988.

Finnur Birgisson arkitekt: Lundargata 2, Akureyri, greinargerð vegna umsóknar um styrk úr Húsafriðunarsjóði ríkisins. Febrúar 1993.

Finnur Birgisson arkitekt: Gránufélagshúsin, Strandgata 49, Akureyri. úttektarskýrsla unnin fyrir Húsafriðunarnefnd ríkisins og Vélsmiðjuna Odda. Janúar 1992.

Landsbókasafn Íslands, handritadeild: Sjókort 1864. / Sjókort 1885

Þjóðminjasafn Íslands: Akureyri um 1850. Uppdráttur

Prentaðar heimildir:

Aðalskipulag Akureyrar 1972-'93. Rv. 1974.

Arnór Sigurjónsson: *Einars saga Ásmundssonar.* II. bindi. Rv. 1959.

Bergsteinn Jónsson og Þorkell Jóhannesson: *Ævisaga Tryggva Gunnarssonar.* II. bindi. Rv. 1965.

Eiríkur Eiríksson: „Höfuðból Eyjafjarðar". Torfunef (Torfutangi, Torfunes) og Bótin (Oddeyrarbót). *Heima er bezt,* 12. tbl. 1978, 1. og 2. tbl. 1979.

Jakob Ó. Pétursson: „Gömul hús á Akureyri". *Heima er bezt.* 12. tbl., 1970.

Klemens Jónsson: *Saga Akureyrar.* Ak. 1948.

Kristján S. Sigurðsson: „Endurminningar". *Nýjar Kvöldvökur,* XLIV/4 hefti, XLV/1-3 hefti.

Kristmundur Bjarnason: *Þorsteinn á Skipalóni. Þættir úr norðlenzkri sögu.* Bókaútgáfa Menningarsjóðs 1961.

Lárus Zophaníasson: *„Um upphaf byggðar á Oddeyri".* Sérprent án útgáfuárs úr Súlum 1977.

Lýður Björnsson: *Steypa lögð og steinsmíð rís. Safn til iðnsögu íslendinga* 5. bindi. Rv. 1990.

Páll Líndal: *Bæirnir byggjast. Yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938.* Rv. 1982.

Steindór Steindórsson frá Hlöðum: „Þættir um blöð og blaðamenn á Akureyri". *Heima er bezt,* 7.- 11. 1973, 1.-3. tbl. 1974.

Eyjafjörður. Leiðir og lýsingar. *Árbók Ferðafélags Íslands,* 1938.

Tímarit iðnaðarmanna, XV 3, 1942. Rv. 1942.

Skammstafanir í myndaskrá:

G.I.:	Guðmundur Ingólfsson, Ímynd
H.E :	Hallgrímur Einarsson og synir
H.G.:	Hörður Geirsson
H.S.:	Hjörleifur Stefánsson
H.R.S.:	Hanna Rósa Sveinsdóttir
J.&V.:	Jón og Vigfús
MSA:	Minjasafnið á Akureyri

9.0 Skrá yfir staði, götur og hús

Skáletraðar tölur vísa til mynda eða korta

V.S.: Vigfús Sigurgeirsson
Aðalstræti 4 Gamla apótekið: 101, *101,* 103
Aðalstræti 12: *103, 121*
Aðalstræti 15: *104*
Aðalstræti 58: 105
Aðalstræti 72: 105, *106,* 107
Aðalstræti 76: 33
Akureyrarkirkja: 101
Akureyri: 8, 10, *10,* 12, 13, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 24, 25, *26,* 27, 72, 101, 102, 104, 105, 106, 107, 111, 113, 114, 120, 122
Alþingishúsið: 72
Barðsnef: 102
Bótin: 6
Brekkugata: 12, 13, 27
Búðargil: 15
Dalmannshús: 24
Danmörk: 9
Eiðsvallagata: 7, 13, 21, 23, 27, 73, 74, 124
Eiðsvallagata 14 Lundur: 17, 18, 19, 21, 47, 71, 75, 79-81, *80, 81*
Eskifjörður: 9
Eyjafjörður: 15, 115
Eyrarbakki: 9
Eyrarlandsbyggð: 25
Eyrarvegur: 13
Fanndalspakkhús: 36
Fjaran: 8, 111
Fjólugata: 77
Fróðasund 3: 61, *61,* 109
Fróðasund 4: 61, 59, *61*
Fróðasund 9: 62, *62,* 109
Fróðasund 10A (áður Norðurgata 9): 62, *62,* 68
Fróðasund 10B: 62-63, *63*
Fróðasund 11 (áður Norðurgata 7): 63, *63,* 67
Gásir: 15
Geislagata: 12, 27
Glerá: 16, 17
Glerárdalur: 16
Glerárgata: 7, *8,* 12, 13, 21, 23, 24, 27, 31
Gránufélagsgata: 13, 23, 24, 27, 54, 56, 66, 67, 82, 85, 86, 91, 98, 113
Gránufélagsgata 16: 86, *82,* 86
Gránufélagsgata 18: 86-87, 82, *86*
Gránufélagsgata 19: 82, *82*
Gránufélagsgata 20: 87, 82, *87*
Gránufélagsgata 21: 82-83, 57, *82*
Gránufélagsgata 22: 87-88, 82, *87, 88,* 105
Gránufélagsgata 23: 83-84, 69, 82, *83,* 109
Gránufélagsgata 27: 84, 82, *84,* 109
Gránufélagsgata 28: 84, 82, *84,* 109
Gránufélagsgata 29: 88-89, 82, *88*
Gránufélagsgata 31: 89, 82, *89,* 98
Gránufélagsgata 33: 89-90, 82, *89,* 105, 109
Gránufélagsgata 35 Litli-Póll: 90, 82, *90,* 92
Gránufélagsgata 39: 85, 27, 82, *85,* 107, 109
Gránufélagsgata 41a: 85, 27, 82, *85,* 107, 109
Gránufélagsgata 41: 85, 27, 82, *85,* 107, 109
Gránufélagsgata 43 Vopnahúsið: 85-86, 27, 82, *86*
Gránufélagsgata 51 Hörgsland: 90, 82, *90*
Gránufélagsgata 53 Litla-Reykjavík: 90-91, 82, *91*
Gránufélagsgata 55: 91, 82, *91*
Gránufélagsgata 57 Norðurpóllinn: 91-92, 90, *91, 92*
Grjótaþorp: 8
Grundargata: 21, 23, 24, 27, 40, 85, 92, 94, 95, 113
Grundargata 1: 92-93, 39, *92,* 101, 109
Grundargata 3: 93, *93*
Grundargata 4 Blárófa: 94, *94*
Grundargata 5: 94, *94*
Grundargata 6: 94-95, 86, *94*
Grundargata 7 Ólafsfjarðarmúli: 95, *95*
Hafnarstræti 49: 102
Hegningarhúsið í Reykjavík: 72
Heklugata: 24
Helsingjaeyri: 15
Hengingarklöpp: 16
Hjalteyrargata: 7, 13, 45
Hjalteyrargata 1: 50, *50*
Hjalteyri: 15, 68
Hólabraut: 12
Hrafnagilshreppur: 16
Hríseyjargata: 27, 43, 44, 95
Hríseyjargata 1: 95-96, *95*
Hríseyjargata 2: 96, 44, *96,* 109

Hríseyjargata 3: 96-97, *96,* 109
Hríseyjargata 5: 97, *97*
Hríseyjargata 6: 97, *97,* 109
Hríseyjargata 7: 98
Hríseyjargata 8: 98, *98,* 108, 109
Hríseyjargata 9: 98, *98,* 122
Hríseyjargata 10: 98, *98,* 108, 109
Hríseyjargata 11: 99, *99*
Innbærinn: 8, 27, 111
Ísafjörður: 9
KEA við Hafnarstræti: 105
Kvosin: 8
Laufáskirkja í Eyjafirði: 102, *102*
Laugagata: 58
Laxagata: 12
Lundargata: 21, 23, 27, 50, 51, 53, 54, 55, 56, 62, 82, 114, *114,* 116
Lundargata 1: 50, *50,* 52
Lundargata 2 Hauskenshús (áður Strandgata 23): 51, 7, 32, *51*
Lundargata 3: 52, *52*
Lundargata 4: 52
Lundargata 5: 53, *53*
Lundargata 6: 53, *53,* 109
Lundargata 7: 54-55, *54,* 109
Lundargata 7 bakhús, Alþýðuhúsið: 54-55, *55*
Lundargata 8: 55, *55,* 121
Lundargata 9: 56, *56*
Lundargata 10 (síðar Lundargata 17): 56-57, 69, 82
Lundargata 10 Gunnarshólmi: 57, *56, 57,* 122
Lundargata 11: 57, *57*
Lundargata 12 Iðnskólinn: 58, *58,* 105, 106, 109
Lundargata 13: 59, *59,* 61
Lundargata 13B: 59, *59,* 61
Lundargata 14: 106
Lundargata 15: 60, *60,* 81
Lundargata 17 (áður Lundargata 10): 60, 57, *60*
Lundargata 17 bakhús: 61, *60*
Lögbergsgata: 106
Möðruvallakirkja: 103
Möðruvallastræti 2: *106,* 107
Norður-Ameríka: 122
Norðurgata: 13, 21, 23, 24, 27, 35, 36, 67, 69, 73, 74, 77, 114, 116, *120,* 121, 122
Norðurgata 1: 63-64, 34, 35, *63*
Norðurgata 2: 64-65, 27, *64,* 65, *66,* 102
Norðurgata 3: 65, *65,* 102
Norðurgata 4: 65, 64, *65, 66,* 102
Norðurgata 5: 66, 102
Norðurgata 6: 66, *66,* 67, 102
Norðurgata 6B: 67, *67*
Norðurgata 7 Hjaltalínshús (síðar Fróðasund 11): 67, 21, 63, 68
Norðurgata 8 Esja: 67-68, *67, 68,* 109
Norðurgata 9 (síðar Fróðasund 10A): 68, 62
Norðurgata 10: 68, *68*
Norðurgata 11: 69, 56, 68, *69,* 70, 83, 102
Norðurgata 12: 69, *69*
Norðurgata 13: 70, *70*
Norðurgata 15: 70, *70,* 121
Norðurgata 16: 71, *71,* 105, 109
Norðurgata 17 Steinhúsið: 71-72, *72, 81,* 111
Norðurgata 19: 73, *73,* 105, 109
Norðurgata 26: 73, *73,* 105, 109
Norðurgata 27: 74
Norðurgata 28: 74, *74*
Norðurgata 30: 74-75, *74*
Norðurgata 31 torfbærinn: 17, 18, 19, 21, 47, 75-76, 79, 80
Norðurgata 31: 75-77, *75*
Norðurgata 32: 77, *77,* 109
Norðurgata 33: 77, *77,* 109
Norðurgata 34: 78, *78,* 109
Norðurgata 35: 78, *78,* 109
Norðurgata 36: 78, *78,* 109
Norðurgata 37: 79, *79,* 109
Norðurgata 38: 79, *79*
Noregur: 9, 48, 105
Oddeyrarbót, 12: 16
Oddeyrargata 15: 106
Oddeyrartangi: 18, 62, 91, 92, 115, 116
Oddeyrartorg: 24
Oddeyri: *6,* 7, 10, *10,* 11, 12, *12,* 13, *13,* 14, 15, *15,* 16, 17, 18, 19, 20, *20,* 21, 22, *22,* 23, *23,* 24, *24,* 25, *25,* 27, 29, 33, 34, 35, 45, 47, 48, 49, 56, 59, 61, 67, 69, 71, 72, 75, 79, 80, 83, 85, 87, 88, 89, 90, 93, 94, 95, 96, 97, 98, 99, 100, 101, 102, 104, 105, 107, *108,* 109, 110, 111, 112, 113, 114, 115, 116, *117, 118, 119,* 120, 121, 122, *123,* 124
Ósbrú: 24
Pollurinn: *13,* 16, 112, 115
Ráðhústorg: 27
Reykjavík: 8, 107, 120, 121, 122
Sauðárkrókur: 9
Seyðisfjörður: 9, 120

Sjávargata: 24
Sjúkrahúsið: 102
Skjaldarvíkurhúsið: 48
Spítalavegur 9: 102, 104
Stóra-Eyrarland: 16
Strandgata: 7, 12, 13, 18, 21, 23, 27, 29, 30, 31, 33, 34, 37, 38, 39, 41, 43, 44, 45, 46, 49, 51, 96, *100, 110,* 111, 112, *112,* 113, *113,* 114, 115, *115,* 116, *116,* 120, 121, *121,* 122
Strandgata 1 Hótel Oddeyri: *122*
Strandgata 17: 29, *29*
Strandgata 19: 30, *30*
Strandgata 19B Laxamýri: 30-31, *30,* 121
Strandgata 21: 31, 30, *31*
Strandgata 23 Hauskenshús (síðar Lundargata 2): 32, 51 56
Strandgata 23: 32-33, *32, 33,* 121, 124
Strandgata 25 Alaska: 33, 21, *32*
Strandgata 25: 33-34, *33*
Strandgata 25B: 34, *34*
Strandgata 27: 34, *34,* 35, 56, 63
Strandgata 27A Madsenshús: 35, 34, 63
Strandgata 29 Snorrahús: 35-37, *28, 36,* 38, 64, 102, *105,* 116, 121
Strandgata 31: 38, 36, *38*
Strandgata 33 Hótel Oddeyri: 39, 36, *38, 39,* 92, 93, 101, 121
Strandgata 33: 39, *39,* 93
Strandgata 35 Havsteenshús: 40-41, *38, 40, 41,* 42, 94, 121
Strandgata 35B: 42, *42*
Strandgata 37: 42-43, 27, 40, *42,* 115
Strandgata 39: 43, *43,* 95
Strandgata 41, félagsbakaríið: 43-44, *43,* 45, 96
Strandgata 43: 44, *44*
Strandgata 43B: 45, *45*
Strandgata 45: 45, *45,* 105
Strandgata 47: 46, 109
Strandgata 49 Gránufélagshúsin: 47-49, 7, *15,* 18, *19, 46, 47, 48, 49,* 101, 111, 114, 116, 120
Stykkishólmur: 9
Svíþjóð: 9
Torfunefsbryggja: *8*
Torfutangi: 16
Túngata: 24
Veigastaðabás: 89
Vestdalseyri við Seyðisfjörð: 18, 47
Wathnes hús: 24
Þingvallastræti: 106
Þjóðleikhúsið í Reykjavík: 83
Ægisgata: 107, *107,* 108

Eyrarvegur
Fjólugata
Grænagata
Norðurgata
Ránargata
Egisgata
Eiðsvallagata
Fróðasund
Lundargata
Glerárgata
Gránufélagsgata
Grundargata
LUNDUR
STEINHÚSIÐ
IÐAVÖLLUR

ODDEYRI 1990

Nr. Hús sem húsakönnunin nær til

Grunnkort teiknað eftir loftmyndum frá 3.8.1990.
Breytt v/nýrrar Strandgötu og skipulags við Torfunef.